

Heitt í haust

Cayenne-jeppar og kobe-steikur eru úti en slátur og reiðhjól verða töff í vetur

14



FINNUR ILMINN AF KÚLTÚR

Kristján Jóhannsson stórtenór ræðir um stöðu Íslensku óperunnar

10



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. september 2008 – 243. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR




GERÐI LÍNUDANS VINSÆLAN

Jóhann Örn Ólafsson stofnaði Danssmiðjuna fyrir fimmtán árum.

TÍMAMÓT 16



VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING Á LEIÐINI Í dag verða sunnan 3-13 m/s, hvassast vestan til. Rigning sunnan til og vestan þegar líður á daginn en yfirleitt bjartviðri á landinu norðaustan-verðu. Hiti 10-15 stig.

VEDUR 4



JÖFNUNARMARKI FAGNAÐ Ísland náði góðu stigi gegn Noregi ytra í opunarleik liðanna í undankeppni HM 2010. Ísland lenti tvisvar undir í leiknum en jafnaði í bæði skiptin. Eiður Smári Guðjohnsen skoraði seinna jöfnunarmarkið beint úr aukaspyrnu og sést hér fagna markinu með félagum sínum.

NORDIC PHOTOS/AFP

Góð byrjun hjá landsliðinu:

Frábært stig á Ullevaal

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen tryggði Íslandi gott stig á Ullevaal-leikvanginum í Osló í gær. Leiknum lyktaði með jafntefli, 2-2, og skoraði Eiður Smári jöfnunarmarkið beint úr aukaspyrnu rúnum tuttugu mínútum fyrir leiklok.

„Áð koma á Ullevaal og ná stigi er ekkert nema jákvætt og það sem stendur upp úr er hvað við sýnum mikinn karakter,“ sagði Eiður Smári við Fréttablaðið eftir leikinn.

Ísland hefði klárlega getað tekið öll stigin í leiknum því liðið var skeinhættara undir lokin og til að mynda átti Veigar Páll Gunnarsson glæsilegt skot sem hafnaði í stöng norska marksins.

„Það er mjög þægilegt að við séum strax komnir með stig, svo ekki sé talað um að leikurinn hafi verið á útvelli. Ég sagði fyrir leikinn að ég yrði himinlifandi með eitt stig og sem betur fer gekk það eftir,“ sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari kátur í leiklok.

Næsti leikur íslenska liðsins er gegn Skotum á Laugardalsvelli á miðvikudaginn. Skotar töpuðu óvænt fyrir Makedónum í gær.

- hbg / - óp / nánar á síðum 26-27

Vill ekki fleiri lón á miðhálandi Íslands

Umhverfisráðherra er ekki hrifin af hugmyndum Landsvirkjunar um Bjallavirkjun og segir þær vera gamaldags. Hugmyndir um virkjun við Bjalla komu fyrst fram fyrir þrjátíu árum. Gernýtingarstefna segir Árni Finnsson.

UMHVERFISMÁL Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra er ekki hrifin af hugmyndum forsvarsmanna Landsvirkjunar um Bjallavirkjun. Henni finnst þær gamaldags og ekki við hæfi í dag. „Þessar hugmyndir bera það með sér að þær eru þrjátíu ára gamlar og má með nokkrum rétti segja að þær séu barn síns tíma,“ segir Þórunn.

Hugmyndirnar séu ekki henni að skapi. „Mér hugnast lítt að setja enn eitt stórlónið niður á miðhálandi Íslands og hvað þá í bakgarði Landmannaauga, Veiðivatna og Vatnajökulspjóðgarðs.“

Hugmyndir um virkjun við Bjalla komu fyrst fram fyrir þrjátíu árum. Bjallar eru tveir móbergshöfðar norðan Tungnaár á Landmannaafreitt. Verði virkjunin að veruleika verður til þrjátíu ferkílómetra lón, sem yrði eitt að stærstu stöðuvötnum landsins. Árleg framleiðslugeta



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

það standa upp á Landsvirkjun sjálfa að svara því hvort hér sé um góðan virkjanakost að ræða.

Hún segir hafa vonast til að hugmyndir af þessum toga væru ekki lengur uppi á borðinu. „Maður hafði bundið við það ákveðnar vonir að íslenskum orkufyrirtækjum dytti ekki í hug að bjóða almenningi upp á enn eitt lónið á miðhálandi Íslands.“

Árni Finnsson, formaður

virkjunarinnar yrði 46 megavött.

Forsvarsmenn Landsvirkjunar hafa lagt það til að Bjallavirkjun verði sett inn á rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Þórunn segir

Náttúruverndarsamtaka Íslands, tekur undir með umhverfisráðherra og fagnar yfirlýsingu hennar. „Við teljum að það væri allt of langt gengið að setja enn eitt lónið á miðhálandi Íslands. Það mundi rýra gildi náttúrunnar þarna í kring og yrði verulegt líti á landslaginu.“

Árni telur að með með Bjallavirkjun sé ætlunin að lengja líftíma virkjana í Þjórsá, við Hrauneyjar og Sigöldu. „Þarna yrði uppsöfnunarlón á stærð við Mývatn, með tilheyrandi drullu og aur, og enginn veit hve lengi það endist. En þetta er dæmigert fyrir gernýtingarhugsunarhátt Landsvirkjunar. Landsvirkjun skilur það betur en flestir aðrir hve náttúruverndarsjónarmið hafa unnið á á síðustu árum og að þeim mun enn frekar vaxa fiskur um hrygg. Þess vegna vilja menn fá bindandi ákvarðanir um sem flesta virkjanakosti.“

- kóp

Fjöldi viðstaddur útför:

Sigurbjörn biskup jarðsunginn

FÓLK Herra Sigurbjörn Einarsson var jarðsunginn frá Hallgrímskirkju í gær. Fjöldi manns var viðstaddur útförina, sem var sýnd í beinni útsendingu í sjónvarpinu.

Sigurbjörn var biskupinn yfir Íslandi frá 1959 til 1991. Hann var virtur kennismíður kristinnar kirkju og skrifaði fjölmargar greinar og bækur þar um. Hann var ætíð áberandi í þjóðlífinu og lá ekki á skoðunum sínum, hvort sem þær lutu að kristni eða sjálfstæði þjóðarinnar.

Jón Dalbú Hróbjartsson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju, jarðsöng.

- kóp / sjá síðu 12

OPIÐ

til **20**

alla daga

HAGKAUP
Ein færð betra verð

OPIÐ ALLA DAGA

nýtt

11-20





Páll, er þetta töfrandi maður?

„Ég skal nú ekkert segja um það en við kunnum okkar brögð eins og hann.“

Roskinn Þjóðverji sem tekinn var í Norrænu í byrjun mánaðarins er ofbeldismaður sem ítrekað hefur strokið úr erlendum fangelsum. Fréttablaðið sagði í fyrirsögn í gær að hættulegur Houdini væri nú staddur á Litla-Hrauni. Páll Winckel er forstjóri Fangelsismálastofunar.

Vilja herinn burt frá Georgíu: Medvedev mun ekki hvíka

FRANKLAND, AP Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins fóru fram á það við Rússa á fundi í gær í Moskvu að þeir dragju



DIMITRI MEDVEDEV

herlið sitt til baka frá Georgíu samkvæmt samningum um vopnahlé. Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti mun funda aftur á

mánudag í Kreml með Dimitri Medvedev, forseta Rússlands, um deiluna en skrifað var undir samning um vopnahlé fyrir þremur vikum. Á fundinum í Moskvu gaf Medvedev ekkert út á málaáhrifin heldur sagði stríðið í Georgíu sýna heiminum fram á að Rússar væru þjóð sem taka bæri tillit til.

- rat

Starfsmenn Boeing í verkfall: Allt stopp hjá Boeing

BANDARÍKIN Framleiðsla hefur verið stöðvuð hjá Boeing, stærsta flugvélaframleiðanda í heimi, en tuttugu og sjö þúsund starfsmenn verksmiðjunnar hafa lagt niður störf eftir að samningar tókust ekki um laun.

Samkvæmt fréttavef breska ríkisútvarpsins verða engar flugvélar settar saman meðan á verkfallinu stendur en talið er að Boeing muni tapa um hundrað milljónum Bandaríkjadala á dag vegna tafa. Einnig mun seinka enn frekar afhendingu Dreamline-flugvélarinnar sem á að keppa við Airbus en Dreamline er þegar tveimur árum á eftir áætlun.

- rat

Lögregla leitar vitna vegna hugsanlegrar líkamsárásar við Höfðatún:

Fannst með lífshættulega áverka

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á þrítugsaldri fannst með alvarlega höfuðáverka á gatnamótum Höfðatúns, Laugavegar og Skúlagötu í Reykjavík snemma í gærmorgun.

Maðurinn var strax fluttur í aðgerð á gjörgæsludeild Landspítalans en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði hann miklar heilablæðingar. Síðar um daginn gekkst hann undir aðra aðgerð.

Þegar blaðið fór í prentun var maðurinn enn í lífshættu og var haldið sofandi. Ekki er vitað hvort um slys hafi verið að ræða eða hvort maðurinn hafi orðið fyrir líkamsárás. Enginn hefur verið

handtekinn en lögregla rannsakar málið.

Þeir sem geta gefið upplýsingar um málið eða urðu varir við mannaferðir á svæðinu frá klukkan sex til hálf átta í gærmorgun eru beðnir um að hafa samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í síma 444-1100.

Fyrr í vikunni fannst karlmaður um sjötugt látinn í íbúð sinni á Skúlagötu. Nokkrir áverkar voru á höfði mannsins sem taldir voru vera af mannavöldum og hefur lögregla haft tvo menn í haldi vegna málsins. Ekki er talið að málin tvö tengist á nokkurn hátt.

- kdk



LANDSPÍTALINN Maðurinn gekkst undir tvær aðgerðir í gær. Hann hlaut miklar heilablæðingar.

Preyttur á slæmu gengi:

Kærir AIK fyrir vörusvik

SVÍPIÓÐ Sænskur maður hefur kært eftirlætis knattspyrnuliðið sitt, AIK í Stokkhólmi, til neytdendasamtakanna þar í landi. Ástæðuna segir hann vera siendurtekin brot á loforðum um gott gengi í sænsku deildinni.

Í samtali við Dagens Nyheter segist maðurinn, Kristoffer Gahlin, vera búinn að fá nóg af slæmu gengi liðsins. „Ég hef verið meðlimur síðan 1978. Á hverju ári er stuðningsmönnum lofað góðu gengi, en ekkert gerist. Þetta eru hrein og klár vörusvik.“ Mattias Grundström hjá sænsku neytendasamtökunum segir að mál Gahlins fái ekki forgangsmeðferð.

- kg



SKAGAMENN BREGÐA Á LEIK Helgi Pétur Ottesen varðstjóri á Akranesi segir leikinn í raun vera eins og risavaxna slysaæfingu. Þó að menn viti að enginn sé slasaður í raun vilji allir hegða sér óaðfinnanlega fyrir framan vélarnar og því æfist menn mjög við tókur.

MYND/PEGASUS

Lögreglan á slóð glæpona í Akrafjalli

Stór hluti íbúa á Akranesi hefur veitt þáttagerðarmönnum liðsinni við tókur á spennuþáttaröð við rætur Akrafjalls. Lögreglumaður á staðnum segir störfum löggunnar sýnd virðing. Leikstjórinn segir lögguna hegða sér eins og í bíó.

LÖGREGLUMÁL „Ég hef oft fengið mikinn kjánahroll þegar ég er að horfa á löggluþætti en fyrst við fáum að gera þetta sjálfir snardegur úr líkum á því að sá hrollur láti á sér kræla,“ segir Helgi Pétur Ottesen, varðstjóri á Akranesi, en undanfarnar vikur hefur hann ásamt fleiri lögglumönnum verið upptekinn við leikstörf við rætur Akrafjalls fyrir spennuþáttaröðina Hamarinn.

Helgi Pétur segir rannsóknarstörfum lögglumanna sýnd mikil virðing við tókur þáttanna enda sjái þeir sjálfir um aðalatriðin. Þannig sé til dæmis komið í veg fyrir að ábúðarfullur leikinn lögglumaður stingi lífsýni í plastpoka til þess að frekar megi rann-

saka það. „Ég held að enginn lögglumaður þoli að sjá slíkt,“ segir Helgi Pétur kankvíslega og útskýrir að flest sýni skemmist í plastpokum og engum lögglumanni myndi láta sér slíkt og annað eins til hugar koma.

Reyndar hafa ekki aðeins lögglumenn unnið hörðum höndum á vettvangi leikins hryllings við fjallið því svo virðist sem stór hluti samfélagsins á Akranesi hafi verið boðinn og búinn við að aðstoða kvikmyndagerðamennina, svo sem iðnaðarmenn, björgunarsveitarmenn, sjúkralutningamenn og slökkviliðsmenn, auk Landhelgisgæslumanna og starfsmanna úr sérsvettunni sem komu frá Reykjavík.

Reynir Lyngdal, leikstjóri þátta-

raðarinnar, segir Skagamenn með eindæmum hjálplega. Þá sé stundum furdulegt hvernig tilfinningar komi upp þegar raunveruleiki og leikur mætist: „Það sem kom mér mest á óvart við að fylgjast með þessu fólki, þá sérstaklega löggunnunni, er hvað þeir voru agaðir og öll störf þeirra úthugsuð. Þeir voru bara eins í bíó,“ segir hann.

Björn Hlynur Haraldsson og Dóra Jóhannsdóttir fara með aðalhlutverkin í þáttunum en framleiðandi er Pegasus. Reynir segir að þó að flestir dagar við tókur á Akranesi hafi gengið vel sé hann viss um að einhverjir kraftar í fjallinu séu komnir með nóg af því raski sem fylgi leikarastandinu.

karen@frettabladid.is

- rat

Fjölgar í slökkviliðinu:

Útkallstími styttist um mínútu

REYKJAVÍK Tvær nýjar slökkviliðstöðvar munu rísa í Reykjavík og í Mosfellsbæ á næstu misserum og ráðið verður í 25 nýjar stöður innan slökkviliðsins nú í haust.

„Við reiknum með að taka stöðvarnar í notkun árið 2010 en byrjum að þjálfar nýtt starfsfólk á næsta ári,“ segir Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri. Hann segir að með þessum aðgerðum muni viðbragðstími í útköll styttast um eina mínútu, eða 25 prósent. „Okkar útkallstími á að vera átta mínútur í sjúkralutninga og tíu á slökkvilið, og með þessum breytingum náum við því.“

- rat

Lögreglan á Suðurnesjum:

Ekið á þriggja ára barn

LÖGREGLUMÁL Ekið var á barn á Suðurgötu í Keflavík í gær um klukkan fimm síðdegis. Samkvæmt lögglunni á Suðurnesjum er barnið fætt árið 2005. Lögregla og sjúkralið voru samstundis kölluð á staðinn. Barnið var í kjölfarið sent í skoðun á Heilbrigðisstofun Suðurnesja en reyndist óslasað og fékk að sögn lögglu að fara heim að athugun lokinni.

Lögglu hafði ekki upplýsingar um nánari tildrög óhappins.

- kdk

Condoleezza Rice heimsækir Gaddafi Líbíuforseta:

Gaddafi lofar einkavæðingu

LÍBÍA Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjana, fór í sögulega heimsókn til Líbíu á föstudaginn, fyrst bandarískra utanríkisráðherra í hálfu öld. Samskipti Bandaríkjana og Líbíu hafa verið stíð síðan Gaddafi komst til valda árið 1969. Þá versnuðu þau til muna eftir að flugvél Pan Am var sprengd yfir Lockerbie í Skotlandi, en tveir líbískir leyniþjónustumenn voru sakfelldir fyrir það.

Heimsókn Rice er enn eitt dæmið um bætt samskipti ríkjana. Í maí 2006 tilkynnti Bandaríkjustjórn að hún mundi koma á fullum stjórnmatengslum við Líbíu ef stjórnvöld þar hættu við að vígvæðast geryðingarvopnum.

Moammar Gaddafi, forseti Líbíu, tilkynnti fyrr í vikunni að



RICE OG GADDAFI Vel virtist fara á með Condoleezu Rica og Moammar Gaddafi á fundi þeirra á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

til staði að einkavæða allar ríkiseigur í Líbíu. „Þjófnauður og spillning fylgja því ætíð þegar opinberir aðilar sjá um peninga,“ sagði hann. „Eftir fjóra mánuði verður allt í ykkar höndum.“

Í ræðunni, sem Gaddafi hélt til að minnst þess að 39 ár síðan

hann komst til valda í byltingu, sagði hann einnig að líbíska þjóðin mundi sjálf fá að koma að menntun sinni. „Ég segi við líbísku þjóðina, takið það fé sem fer í menntu. Setjið það í vasa ykkar og kennið börnunum eins og þið teljið rétt, takið ábyrgð.“

- kdp



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á www.flugfelag.is

Petta er Dýrafjörður.
Sjórinn er óvenju heitur í dag.

Heilar 5°C.



Höfuðborgarsvæðið: Bankastræti 5, Faxafen 12,
Kringlan, Smáralind, Miðhraun 11 Akureyri: Glerártorg

www.66north.is

Klæddu þig vel



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	87,99 88,41
Sterlingspund	154,77 155,53
Evra	125,09 125,79
Dönsk króna	16,777 16,875
Norsk króna	15,641 15,733
Sænsk króna	13,193 13,271
Japanskt jen	0,8275 0,8323
<hr/>	
SDR	136,04 136,86

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
164,798
HEIMILD: Seðlabanki Íslands



HELGVÍK Norðurál Helgvík sf. fékk byggingarleyfi frá Reykjanesbæ og Garði.

Ekki orðið við stöðvunarkröfu

SKIPULAGSMÁL Framkvæmdir við álver í Helgvík verða ekki stöðvaðar til bráðabirgða á meðan úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála metur kæru Náttúruverndarsamtaka Íslands vegna byggingarleyfis.

Úrskurðarnefndin segir að enn sé fyrst og fremst um jarðvegsfrankvæmdir að ræða og að svo verði enn um sinn: „Er ekki fyrirjafnanlegt að varanlegar og óafturtækar framkvæmdir muni eiga sér stað meðan málið er til meðferðar fyrir úrskurðarnefndinni.“ Í kæru Náttúruverndarsamtakanna er vísað til fyrirvara í álitni Skipulagsstofnunar vegna óvissu um orkuöflun, orkuflutninga og losunarheimildir fyrir gróðurhúsalofttegundir. - gar

AKRANES

Flóttafólkið á leiðinni

Palestínska flóttafólkið kemur á Akranes á morgun. Þetta eru átta konur og 21 barn sem koma frá Al-Waleed-flóttamannabúðunum í Írak.

KJARABARÁTTA

Stuðningur við ljósmæður

Félag íslenskra flugumferðarstjóra lýsti í gær yfir eindregnum stuðningi við ljósmæður og kjarabaráttu þeirra. Skorar félagið á fjármálaráðherra og ríkisstjórn að ganga til samninga við ljósmæður og tryggja þeim kaup og kjör í samræmi við eðli og ábyrgð starfs þeirra.

Ekill fyrrverandi forsætisráðherra Pakistan vann forsetakosningarnar í gær:

Asif Ali Zardari verður forseti

ISLAMABAD, AP Asif Ali Zardari vann yfirburðsigur í forsetakosningunum í Pakistan í gær.

Zardari komst til pólitískra valda þegar eiginkona hans og fyrrverandi forsætisráðherra landsins, Benazir Bhutto, var myrt í desember síðastliðnum. Síðan þá hefur honum tekist að mynda öflugt bandalag og koma forseta landsins, Pervez Musharraf, friðsamlega frá.

Zardari hlaut 481 atkvæði af 702 mögulegum. Nú bíða veruleg efnahagsvandráði í landinu og uppreisnir íslamista úrlausnar en fimmtán létust í sprengingum nálægt borginni Peshawar meðan

á kosningunum stóð. Hæstiréttur í Pakistan setti á föstudaginn aftur í embætti, þrjá dómara sem forveri Zardaris, Musharraf, bolaði frá völdum.

Zardari hafði áður neitað að setja þá aftur í embætti. Iftikhar Mohammed Chaudhry hæstaréttarlögmaður var þó ekki svarinn aftur í embætti en Zardari hafði gagnrýnt hann fyrir að viðhafa vafasöm stjórnsmál. - rat

NÝR FORSETI Asif Ali Zardari hefur tekist að mynda öflugt bandalag og koma Pervez Musharraf frá völdum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Gestir kvörðuðu vegna ólyktar:

Lík falið í ferðatösku á hóteli

JAPAN, AP Lík óþekkrar konu á fimmtugsaldri fannst í ferðatösku á hótélherbergi í Tókýó eftir að hótélgestir kvörðuðu undan ólykt. Lögregla leitar nú eiganda töskunnar og þess sem bókaði herbergið.

Engir áverkar sáust á líkinu, sem lá í fósturstillingu ofan í plastpoka í töskunni. Ekki er enn ljóst hvernig lát hennar bar að né hversu lengi hún hafði legið í töskunni.

Kvartað var undan ólyktinni á fimmtudaginn en líkið uppgötvaðist á föstudag eftir að starfsmaður hótelsins fann töskuna og afhenti lögreglu. - rat

Nýtt Alzheimer-próf styttir bið eftir greiningu um tvö ár

Íslenskt fyrirtæki hefur þróað próf sem á tíu mínútum gefur svar við því hvort einstaklingur hafi Alzheimer eða ekki. Norðmenn hafa nú tekið prófið í prufunotkun. Yfirlæknir segir nýja prófið mjög athyglisvert.

HEILBRIGÐISMÁL Íslenska fyrirtækið Mentis Cura hefur þróað próf sem getur stytt til muna þann tíma sem tekur að greina Alzheimer-sjúkdóminn. Prófið hefur verið í prufunotkun hér á landi í tæp tvö ár og hefur nú verið tekið í prufunotkun í Noregi.

Kristinn Johnsen, framkvæmdastjóri Mentis Cura, segir prófið gefa læknum möguleika á að fylgjast með framgangi sjúkdómsins, hvaða meðferð skuli beita og hvaða áhrif meðferðin hafi.

Með Alzheimer-prófinu er heilarit sjúklings borið saman við gagnabanka sem hefur að geyma heilarit þúsund íslenskra Alzheimersjúklinga sem og heilbrigðra. Niðurstaða prófsins getur á skömmum tíma gefið vísbendingar um hvort sjúklingurinn sé með sjúkdóminn eða ekki.

Kristinn segir að einstaklingar og fjölskyldur hafi oft þurft að bíða í óvissu eftir greiningu á Alzheimer allt að þremur árum. Með prófinu sé hins vegar hægt að fá greiningu mun fyrr, jafnvel eftir eitt ár. Kristinn segir að með prófinu sé ferlið gert einfaldara og skilvirkara og læknum hjálpað að taka ákvarðanir fyrr, koma með endanlega greiningu og ögni á möguleika á að senda sjúklinginn í fleiri próf.

Norskir lækningar hafa nú fengið aðgang að prófinu en sjúkrastofnanir hafa verið með prófið til reynslu í Östfold í Noregi í eitt ár og nú hefur það verið tekið til reynslu í Fredrikstad.

„Við erum að athuga hvernig þessu verður tekið í Noregi en lækarnir hér á landi hafa tekið því mjög vel,“ segir Kristinn. „Það má líta á þetta sem reynslukeyslu



HEILARIT GEFUR SVAR UM ALZHEIMER Alzheimerprófið er gert með heilariti og tölfraðilegum samanburði við heilarit þúsund íslenskra Alzheimersjúklinga og heilbrigðra. Á tíu mínútum er búið að gera prófið og fá svar. Þannig geta lækningar komið með endanlega greiningu mun fyrr en áður.

ALZHEIMERPRÓFIÐ

Alzheimerprófið hefur verið notað á Íslandi í tæp tvö ár. Heimilislæknar vísa einstaklingum og aðstandendum þeirra á minnismóttökuna á Landakoti þar sem farið er í taugasálfræðilegt mat og teknar myndir til að kanna hvort blæðingar eða eitthvað annað hrjái heilann. Sjúklingurinn er einnig sendur í heilarit. Í framhaldi af því er gerður tölfraðilegur samanburður við eitt þúsund

íslenskra Alzheimersjúklinga sem og heilbrigðra einstaklinga.

Í Noregi er gert heilarit á spítala og heilaritið sent í gegnum tölvu til Mentis Cura, sem hefur unnið það í samvinnu við Tæknipróunarsjóð, gerður tölfraðilegur samanburður og heilaritið greint og gögnin svo send til baka. Þetta er hægt að gera á tíu mínútum.

á litlum markaði í Noregi áður en við dreifum þessu á stærri markaði eins og í Bandaríkjunum eða Asíu.

Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir á Landakoti, segir að prófið sé mjög athyglisvert en það sé ennþá á

rannsóknarstigi og því ekki enn hægt að segja að það sé komið inn í daglegt starf á Landakoti.

„Þetta er skemmtileg tækniþróun sem er athyglisverð og það er þörf fyrir nýjungar á þessu sviði en það er of snemmt að kveða

upp úr um nákvæmni þessarar tækni í greiningarvinnunni því að þróunarvinnunni er ekki lokið,“ segir hann.

Ákvörðun um frekari dreifingu erlendis verður tekin um eða eftir áramót. ghs@frettabladid.is

... og rjómi

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur

RIGNING OG SÓL Þeim er nokkuð misskipt lífsins gæðum og má að sonnu yfirfæra það á veðrið næstu daga. Fremur vætusamt verður á landinu sunnan og vestanverðu næstu daga, skúrir eða rigning, en Norðurlandið verður í þurrki og nokkuð björtu veðri.

Á MORGUN 3-10 m/s, stífastur vestan til.

ÞRIÐJUDAGUR 3-10 m/s, stífastur sunnan til.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	20°
Billund	20°
Ósló	12°
Stokkhólmur	16°
Gautaborg	20°
Helsinki	15°
Eindhofen	18°
Amsterdam	19°
London	18°
Berlín	20°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	14°
París	18°
Basel	20°
Barcelona	25°
Alicante	28°
Algarve	25°
Tenerife	24°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Ódýrari kostur!



ÓTRÚLEGT
VERÐ!



51%
afsláttur



TEX MEX KJÚKLINGAVÆNGIR

199 kr/kg
~~403~~ kr/kg

30%
afsláttur



GÓÐI

PÍTA OG PÍTUBUFF, 6 stk.

699 kr/pk.
~~998~~ kr/pk.

40%
afsláttur



ÍRSKAR SVÍNALUNDIR

959 kr/kg
~~1.599~~ kr/kg



LOKSINS
KOMNAR

GOODFELLAS SOLOS 2 Í PK.

399 kr/pk.

30%
afsláttur



KEA
LONDONLAMB

1.256 kr/kg
~~1.794~~ kr/kg

25%
afsláttur



**Thermo
DynamX™**

Árangursríkt fitubrennsluefni!

Regluleg hreyfing og hollt mataræði eru nauðsyn ef þú vilt léttast. Thermo DynamX eykur grunnbrennslu líkamans sem þýðir einfaldlega að þú nærð meiri árangri við sama erfiði. Thermo DynamX inniheldur m.a. grænt te, þeóbrómin, koffín, oolong te og cayenne pipar.



HUMARASKJA 2kg

3.990 kr

TILBOÐIN GILDA 4. - 7. SEPTEMBER

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík



Viltu að kaffihús taki til starfa í Hljómskálagarðinum?

Já	73,3%
Nei	26,7%

SPURNING DAGSINS

Á að ganga að launakröfum ljósmæðra?

Segðu þína skoðun á visir.is



Skýrsla dómsmálaráðherra um framgöngu lögreglu gagnvart mótmælendum:

Símar mótmælenda voru ekki hleraðir

MÓTMÆLI Lögreglan hleraði ekki síma eða skoðaði tölvupóst einstaklinga sem mótmæltu Kárahnjúkavirkjun og stóriðjuframkvæmdum á árunum 2005, 2006 og 2007. Þetta kemur fram í skýrslu dómsmálaráðherra um framgöngu lögreglu gagnvart mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar og stóriðjuframkvæmda sem þingflokkur Vinstri grænna bað um á síðastliðnu vorþingi.

Samkvæmt skýrslunni komu samtals fjörutíu mál eða verkefni til kasta lögreglunnar þar sem 83 einstaklingar fengu réttarstöðu sakborninga. Af þeim eru fjórtán Íslendingar en 69 með erlent ríkisfang. Sumir einstaklingar komu við sögu í fleiri en einu máli.

Skýrsla ráðherra tiltekur að 43 sakborningar hafi verið ákærðir í alls sex sakamálum. Í málum sem lokið hefur með dómi var oftast

ákært fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og lögreglulögum þar sem mótmælendur fóru inn á lokuð vinnusvæði án heimildar og hlýddu ekki fyrir mælum um að fara þaðan. Einnig var ákært fyrir húsbrot og skemmdarverk.

Drír þeirra ákærðu hafa verið sýknaðir en 34 sakfelldir. Flestir voru dæmdir til að greiða sektir á bilinu 50 til 200 þúsund krónur. Sex hinn ákærðu voru dæmdir í 60 daga skilorðsbundið fangelsi og tveir hinna ákærðu voru dæmdir í 30 daga skilorðsbundið fangelsi. Enn er nokkrum öðrum málum ólokið.

VIÐ KÁRAHNJÚKA Eftir var til mótmæla á Kárahnjúkavinnusvæðinu og víðar til að mótmæla Kárahnjúkavirkjun, stíflun Jökulsár, álveri á Reyðarfirði og fleiri stóriðjuframkvæmdum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SNÆFRÍÐUR



Thermo DynamX
fitubrennsluhygli

- Örvar fitubrennslu
- Bætir grunn efnaskipti
- Brennir hitaæiningum
- Eykur orku og einbeitingu

Betra verð, minna mál!

Thermo DynamX fæst í apótekum, matvöruverslunum, Hreyfslu og Fríhólin.
Nánari upplýsingar fást í síma 5552866 og á www.eas.is

Fjórtán hundruð börn bíða eftir pláss

Fjórtán hundruð börn eru á biðlista eftir pláss á frístundaheimili í Reykjavík. Veldur foreldrum miklum vanda. Móðir segist hissa yfir ástandinu og segir þetta árvisst vandamál í borginni. Dagarnir einkennast af stressi og skutli.

REYKJAVÍK „Þetta eru endalaugar reddingar. Við skjótumst heim úr vinnunni og skutlum henni eitt-hvert annað. Við syndgum upp á náðina hjá vinafólki okkar og aðstoðum svo á móti,“ segir Ingibjörg Stefánsdóttir en Þorbjörg dóttir hennar er á biðlista eftir að komast inn á frístundaheimili.

Samkvæmt upplýsingum hjá ÍTR voru 1.400 börn á biðlista eftir pláss á frístundaheimili á miðvikudag, en 1.418 höfðu þá hafið dvöl. Búið var að ráða 192 til starfa í 130 fimmtíu prósentastöðugildi, en enn vantaði 129 starfsmenn í sams konar stöðugildi.

„Við sóttum snemma um og héldum að við værum í finum málum. Í haust var hún númer 95 á biðlista.“ Þorbjörg er í Mela-skóla og það eykur enn á vandann að verið er að setja upp nýtt eldhús í skólanum, sem frístundaheimilið nýtir einnig og því minna pláss en ella.

Ingibjörg kvartar yfir fyrirhyggjuleysi hjá Reykjavíkurborg. „Þetta gerist á hverju hausti og það er alltaf eins og það komi þeim sem stjórna jafnmikið á óvart að fjöldi barna þurfi þessa þjónustu. Ég skil svo sem vandann því að þetta eru lágt launuð hlutastörf. Það þarf hins vegar að breyta skipulaginu þannig að þessi þjónusta sé tryggð. Besta leiðin til þess er að auka samvinnuna á milli ÍTR, sem sér um frístundaheimilin, og skólanna, en nú er þetta á hendi tveggja sviða.“

Til betra ástands horfir því Ingibjörg fékk þær upplýsingar að eftir helgina yrðu fjörutíu til fimmtíu krakkar teknir inn í Selið. „Það dugar þó skammt þegar maður er númer 95 á biðlista. Við vonum þó að þetta bjargist sem fyrst og höfum ekki enn gert langtímaráðstafanir, trúum því ekki að þess þurfi. Hver dagur einkennist



INGIBJÖRG OG ÞORBJÖRG Þorbjörg var númer 95 á biðlista eftir dvöl á frístundaheimili í haust. Hún bíður enn eftir að komast inn en á meðan þurfa foreldrarir að gera ráðstafanir frá degi til dags.

því af stressi og áhyggjum yfir því hvernig þetta reddist þann daginn,“ segir Ingibjörg.

Börn sem hefja nám í fyrsta sinn í skóla í haust hafa forgang á frístundaheimilin. Samkvæmt upplýsingum frá ÍTR hefur verið auglýst reglulega eftir starfsfólki frá því í byrjun júnímánaðar.

Rekin eru frístundaheimili við

alla grunnskóla í Reykjavík. Þar er boðið upp á tómsundastarf fyrir sex til níu ára gömul börn þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Frístundaheimilin eru rekin af íþrótt- og tómsundasviði en ekki menntasviði og þar er því annað starfsfólk en í grunnskólunum.

kolbeinn@frettabladid.is

SÖNGFÓLK Í GRAFARHOLTSSÓKN

Söngfólk óskast í allar raddir í kirkjukórinn í Grafarholti.

Framundan er mikið uppbyggingarstarf kórsins í nýrri kirkjubyggingu safnaðarins. Kirkjan verður vígð þann 7. desember næstkomandi.

Opið hús, kaffi og kynning á starfsemi kórsins, verður þriðjudaginn 9. september 2008 í Þórðarsveig 3 kl. 19:30.

Nánari upplýsingar veitir
Hrönn Helgadóttir organisti
GSM 695 2703, Hronnhelga@simnet.is

Kirkjukór Grafarholtssóknar

Fellibylurinn Hanna skilur eftir sig eyðileggingu á Haítí:

Um fimm hundruð hafa farist

HAÍTÍ Tala látinna í borginni Gonaives á Haítí eftir óveðrin sem gengið hafa yfir nalgast fimm hundruð. Fréttavefur breska ríkisútvarpsins hefur það eftir Ernst Dorfeuille lögreglustjóra en hann segir 495 lík hafa fundist og enn sé þrettán saknað. Talan gæti því átt eftir að hækka.

Talið er að um sex hundruð þúsund manns hafi misst heimili sín eða eigi um sárt að binda eftir óveðrið en miklar rigningar og stormur síðustu daga hafa feykt niður ávaxtatréjum og sökkt

húsum. Á föstudag komu 33 tonn af hjálpargögnum frá Sameinuðu þjóðunum til Haítí. Erfitt hefur reynst að koma hjálpargögnum til fólks þar sem vegir hafa rofnad og fáar þyrllur eru í landinu.

Fellibylurinn Hanna stefnir nú á Bandaríkin og höfðu miklar rigningar þegar fallið á strendurnar nálægt landamærum Norður- og Suður-Karólínu snemma í gær.

Stormviðvaranir hafa verið gefnar út eftir strandlengjunni frá Georgíu til New Jersey.

- rat



HJÁLPAÐGÖGN Rúmlega þrjátíu tonn af hjálpargögnum hafa borist til Haítí.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„...fyrst á visir.is“



visir.is
...ég sá það á visir.is



Skóaðu þig upp!

skór á alla fjölskylduna



Afnemum VSK af öllum skóm



VAGABOND

Clarks
Shoes designed for living

ECCO

AZE

Trigger

STUDIO
London

FILANTO

bullboxer

VIKING
Guaranteed waterproof footwear

TRUE

DreamTeam

Reebok

grisport

LATI
BAER

Barbie



melania

Sanita

Waterland



Gildir til 7. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Landsvirkjun tekur fram gamla taktík.

Bjallavirkjun er blöff

JÓN KALDAL SKRIFAR

Undir lok vikunnar kom fram, flestum að óvörum, að Landsvirkjun hefði áhuga á að stífla Tungnaá og mynda þrjátíu ferkílómetra uppistöðulón norðan friðlandsins að Fjallabaki. Lónið yrði með stærstu stöðuvötnum landsins en áætlað er að Bjallavirkjun, sem það á að þjóna, muni framleiða 46 megavött af orku.

Þessi hugmynd getur ekki verið annað en blöff. Þegar menn eru farnir að draga fram þrjátíu ára gamlar áætlanir um risavaxið uppistöðulón á hálendi landsins og láta eins og Kárahnjúkavirkjun hafi ekki átt sér stað geta þeir tæplega ætlast til að vera teknir alvarlega.

Líklegasta skýringin á því að stjórnendur Landsvirkjunar hafa nú skyndilega dustað rykið af þessari fornu hugmynd er að þeim er farið að leiðast mjög þófið við fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár.

Það þarf ekki sérstaka samsæriskenningasmíði til að álykta að hernaðaráætlunin sé að dingla svo geggjæðri framkvæmd framan í þjóðina að virkjanirnar þrjár í neðri hluta Þjórsár – Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun – líti í samanburðinum út eins og örsmá náttúruförn og um leið margfalt hagkvæmari kostur.

Lítum á nokkrar tölur að baki þessum framkvæmdum. Samanlögð lónstærð virkjananna þriggja í Þjórsá er áætluð um 18,5 ferkílómetrar og orkan sem þær eiga að framleiða 260 megavött. Það þýðir að landið sem fer undir vatn er 62 prósent af stærð lónsins fyrir Bjallavirkjun, en orkuframleiðslan þó hátt í sex sinnum meiri. Og ef lón Bjallavirkjunar er borið saman við Hálslón við Kárahnjúka sést að Tungnaárlónið er um 53 prósent af stærð þess umdeilda lóns, en orkuframleiðslan hins vegar aðeins sjö prósent af framleiðslu Kárahnjúkavirkjunar.

Auðvitað spilar margt annað inn í virkjanafarmkvæmdir en ferkílómetrar lands sem glatast undir uppistöðulón, en þetta er þó upplýsandi samanburður. Ósnortin náttúra á hálendi Íslands er svo sannarlega takmörkuð auðlind.

Taktík á borð við þessa hefur áður reynst Landsvirkjun vel. Náttúruverndarsinnar voru svo vígamóðir eftir björgun Eyjabakka á sínum tíma að þeim tókst ekki að koma af stað umræðu um Kárahnjúkavirkjun fyrr en það var of seint.

Hitt er svo allt annað mál að Landsvirkjun þarf ekki á því að halda að beita svo stórkarlaglegum aðferðum að hótta risavöxnu lóni til að liðka fyrir á öðrum vígstöðvum. Virkjanir í neðri hluta Þjórsár eru með bestu fyrirbyggjandi virkjanakostum landsins. Lónin eru tiltölulega hófleg, á landsvæði sem nú þegar er markað af manna höndum, og orkuframleiðslan mikil.

Þá þarf að taka með í reikninginn að virkjanir snúast líka um hvað skuli gera við orkuna sem frá þeim fæst. Í skoðanakönnun Fréttablaðsins í sumar sögðust tæp sextíu prósent þjóðarinnar ekki styðja frekari virkjanir á Íslandi fyrir orkufrekan iðnað. Virkjanir og stóriðja hafa verið eins og síamstívbúar í umræðunni undanfarin ár. Þar þarf að skilja á milli með raunhæfum tillögum um fjölbreyttari nýtingu orkunnar. Eins og sést hér til hliðar hefur iðnaðarráðherra áttað sig á þessum veruleika.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ | ÚTGÁFUFLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOBARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRUI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Amannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. www.frettabladid.is ISSN 1670-3871



SÖNGVAKEPPNI SJÓNVARPSINS 2009

Ríkisútvarpið-Sjónvarp auglýsir eftir lögum til þátttöku í Söngvakeppni Sjónvarpsins 2009.

Þátttökukeyðublað og reglur keppinnar er að finna á heimasíðu Ríkisútvarpsins <http://www.ruv.is/songvakeppni>

Höfundar skili lögum til Ríkisútvarpsins ohf., Efstaleiti 1, 150 Reykjavík, merkt "Söngvakeppni Sjónvarpsins 2009" eigi síðar en mánudaginn 13. október 2008.

EUROVISION

FRÁ DEGI TIL DAGS

Endaþarmur Íslands

Hallgrímur Helgason fer mikinn í myndlíkingum í viðtali í Fréttablaðinu í gær líkt og rithöfundur er síður. Fyrir honum er Ísland á landakorti liggjandi kona, þá líklega fjallkonan. Reykjavík er höfuðið, Snæfells- og Reykjanes hendurnar og jöklarnir brjóstin. Sjálfur Eyjafjörður er klofið „og á honum miðjum er svo þessi litli unaðshnappur sem nefnist Hrísey.“

Ekki þurfa Hríseyingar að kvarta yfir að búa á snip landsins. En myndlíkingin vekur þó óneitanlega upp þá spurningu hvar endaðarmur Íslands sé – hann getur varla verið mjög fjarri snípnum – og



ekki örgrannt um að rithöfundurinn skuldi skýringu á því.

Líknandi hreinsun

Og talandi um endaðarm. Jónína Ben er öðrum duglegri í að bjóða upp á svokallaðar detox-ferðir til Póllands. Þar eru iður iðkenda hreinsuð og er það víst allra meina bót.

Á síðunni detox.is má sjá ýmsar reynslusögur viðskiptavina. Sérkennilegt er reyndar að allar eru þær settar fram í spurnarformi. Dæmi: Gigtarlyfin voru að breyta mér í skrímsli? Anna 48 ára og Exemið hvarf alveg? Claire 55 ára. Og síðast en ekki síst: Ristillinn minn vinnur loksins með mér en ekki á móti mér? Sigrún 66 ára.



Upplýsi Hallgrímur um endaðarm landsins er líklega einfaldast að senda hann í detox til Póllands með Jónínu. Eða hvað?

Hjálpræðið

Samtök ónefndra skuldara halda úti heimasíðunni daiceland.org. Þar er útlistað hvað einkennir hömlulausa skuldasöfnun. Meðal þess er: „Að láta sig litlu varða um reikninga sem ekki „verður“ að borga þennan mánuðinn“ og „Óraunverulegar væntingar þess efnis að það muni verða til peningar í framtíðinni fyrir þeim skuldbindingum sem þú ert að stofna til í dag.“

Ríkisstjórninni er hér með bent á síðuna og samtökin.

kolbeinn@frettabladid.is

Ísland verði leiðandi í orkuskiptum bílaflotans

Gnótt endurnýjanlegrar graforku gerir Íslandi kleift að taka forystu um skipti úr olíu og bensíni yfir í mengunarlausu orkugjafa. Græn, ódýr og endurnýjanleg raforka gerir okkur mögulegt að skipta hratt yfir í bíla sem ganga fyrir rafmagni. Framleiðsla á lífoldsneyti með háþróaðri orkulíf-tækni, en einnig úr útblæstri frá jarðhitasvæðum og stóriðju, getur líka gert Ísland sjálfu sér nægt um annað eldsneyti. Ótalið er þá vetnið sem er mjög áhugaverður kostur til lengri framtíðar. Ísland getur því hæglega orðið fyrsta land heims, þar sem bílafloinn gengur að mestu fyrir endurnýjanlegu, mengunarlausu eldsneyti. Við eigum að nýta sérstöðu okkar sem grænt orkuland til að vernda umhverfið og skapa öðrum þjóðum fordæmi í að verða óháð olíu og bensíni.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
 Í DAG | Nýir orkumiðlar í samgöngum

opnaði N1 fyrstu varanlegu metanstöðina á Íslandi – með örlitlum atbeina iðnaðarráðuneytisins. Metanið verður til úr úrgangi, sem framúrsteftu fyrir-tæknið Sorpa urðar í Álfsnesi. Þar getur Sorpa framleitt eldsneyti á 3-4 þúsund bíla. Sami eldhuginn og átta hugmyndina að metanframleiðslu Sorpu, Einar Ögmundsson, stjórnar nú samstarfsverkefni um að safna til metanvinnslu öllum lífrænum úrgangi frá botni Gilsfjarðar að Markarfljóti. Þá verður unnt að knýja 10 þúsund bíla með íslensku metani. Yrði allur lífrænn úrgangur í landinu nýttur þannig dygði metanið á 15 þúsund bíla. Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar er nú að útfæra tillögur sem byggja á erlendri reynslu um að drýgja metan með vetni (Hytan). Drýgt metan dygði fyrir fast að tíunda hluta bílaflotans. Auk hreinna metanbíla hafa bílar, sem hafa geymi fyrir metan og annan fyrir bensín, reynst mjög vel á Íslandi.

Orkulíf-tækni og landbúnaður

Stærsta tækifæri okkar á sviði lífoldsneytis liggur í að beita íslenskri orkulíf-tækni, þar sem sérhannaðar örverur brjóta hræfni úr orkuþlöntum á borð við iðnaðarhamp og repju, niður í etanol eða metan. Útreikningar sýna að fræðilega væri hægt að framleiða lífoldsneyti á allan bílafloinn í framtíðinni (og hví þá ekki skipin líka?). Tilraunir með ræktun orkuþlantna eru hafnar hér á landi. Íslensk orkulíf-tækni vinnur nú þegar að því að þróa örverur sem framleiða hreint etanol. Innlend eldsneytisframleiðsla gæti því fært hefðbundnum landbúnaði lykhillutverk við að gera Ísland óháð innfluttu bensíni og olíu. Til að skilgreina þessa möguleika til hlítar hef ég beðið Orkusöfnun og Nýsköpunarmiðstöð að vinna úttekt á efnahagslegum forsendum slíkrar framleiðslu, samhliða því að benda á hagkvæmstu aðferðir, tæknilega flöskuhálsa, og leiðir til úrbóta.

Framtíðarspámennt sjá einnig í ræktun smáþörungna haldgott hræfni í lífoldsneyti framtíðarinnar. Í jarðgufuvirkjunum okkar fellur til gnótt af heitu vatni sem þarf að nýta miklu betur. Fyrir atbeina iðnaðar-

ráðuneytis er nú hafið samstarf hitaveitu, stóriðjufyrirtækis og sprota á sviði ljóstækni um ræktun þörungna þar sem nýta á heitt affall og koltvísýring í útblæstri. Mjór er mikils vísir. Ógetið er þá frumkvæðis nýs íslensks fyrirtækis sem stefnir að því að framleiða verulegt magn metanóls úr koltvísýringi í útblæstri háhitahola og frá stóriðju í bland við vetni. Það gæti í framtíðinni gjörbreytt stöðu Íslands varðandi alþjóðlega samninga um losun gróðurhúsalofttegunda og um leið framleitt mikið magn innlends eldsneytis. Þróun þessa fyrirtækis er fylgt grannan af olíuþjóðum og -fyrirtækjum, sem sjá í því mikla möguleika til að farga koltvísýringi.

Vetnið og sérstaðan

Íslendingar eru í fremstu röð varðandi þróun vetnistækni og bíla. Kostur vetnis er að það er algerlega laust við mengun. Vetni er hins vegar ekki orkugjafi, heldur orkuberi, og mikla orku þarf í framleiðslu þess. Í framtíðinni, þegar alþjóðlegum vísindamönnum hefur tekist að þróa leiðir til að framleiða ódýra græna raforku, til dæmis úr sólarljósi, er líklegt að vetni verði mikilvægur orkumiðill í samgöngum heimsins.

Íslendingar hafa hins vegar þá sérstöðu, að eiga gnótt græns, tiltölulega ódýrs rafmagns – sem skapar forskot við framleiðslu á vetni. Nú þegar eru í hönnun litlar, færanlegar áfyllingarstöðvar með liðsinni ríkisstjórnarinnar, sem framleiða vetni á staðnum. Sveiflakenndar orkulindir, sem ekki hafa enn verið virkjaðar á Íslandi, einsog vindorka og sjávarfallavirkjanir, væru í framtíðinni kjörnar til framleiðslu á vetni hér á landi. Ísland hefur því alla burði til að verða áfram forystulandi í notkun vetnis.

Orkusjálftækni Íslands

Við eigum því einstaka möguleika á að verða fyrsta þjóðin sem nær fullu orkusjálftækni með kolefnissnauðri orkunotkun, óháð bensíni og olíu í samgöngum. Það er stefnan. Til að hægt sé að hrinda þessum möguleikum í framkvæmd þarf sterka pólitíska stefnu og hnitmiðað rannsóknarfjármagn. Í iðnaðarráðuneytinu hafa orkuskipti bílaflotans ásamt innlendri framleiðslu á eldsneyti verið skilgreind sem eitt af meginmarkmiðum ráðuneytisins næsta áratuginn. Mörg verkefni, bæði varðandi samstarf við sveitarfélög, olíufyrirtæki, sprotafyrirtæki í orkutækni og rannsóknarstofnanir eru í burðarlíðnum, sem öll miða að orkuskiptum í samgöngum á landi.

Accord

HONDA
The Power of Dreams

Hvar dregur þú mörkin í lífi þínu?

Við rými fyrir þig?

Við rými fyrir fjölskylduna?

Við rými fyrir aðra í umferðinni?

Við andrými fyrir náttúruna?

Framtíðin er í dag. Nýr Honda Accord markar breytta tíma. Endalaust rými og þægindi ásamt nýjustu tækni og hágæðahönnun draga úr mengun og auðvelda þér allan akstur. Það öðlast allir gott rými um borð í Honda Accord: Ökumaður, farþegar, næsta kynslóð og síðast en ekki síst - móðir jörð.

**Dragðu ný mörk í lífi þínu og finndu þitt persónulega andrými
- komdu og skoðaðu nýjustu útfærsluna af Honda Accord.**



www.honda.is



Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100

UMBODSADILAR: Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

Finn ilminn af kúltúr

Óperusöngvarinn og stórtenórinn **Kristján Jóhannsson** stígur í fyrsta sinn á svið Íslensku óperunnar nú í september í ítölsku verkunum Cavalleria Rusticana og Pagliacci. *Anna Margrét Björnsson* hitti Kristján yfir bolla af rjúkandi Earl Grey-tei og ræddi um verkefnið, stöðu óperunnar hérlendis og mótörhjóladeluna á Ítalíu.

Kristján heilsar mér með breiðu brosi og söng og kyssir á mér handarbakið eins og ítalskur greifi. Hann hefur nýlengi við veglegan hádegisverð á veitingastaðnum Vox og hemur vart gleði sína yfir því að syngja undir leikstjórn Sveins Einarssonar á sviði Íslensku óperunnar í fyrsta sinn á glæsilegum þrjátíu ára óperuferli.

„Mér líður eins og hamingjusamasta manni á jarðríki, þetta er alveg yndislegt. Þetta er afskaplega ólíkt því sem ég er vanur að gera, að vinna í þessu litla húsi hér í Reykjavík eftir að hafa sungið í stærstu óperuhúsum heims, en ég hef afar sérstaka tilfinningu fyrir þessari uppfærslu, það er eitthvað sérstakt í loftinu. Ég finn ilminn af kúltúr. Það er nefnilega ekki endilega þannig að þessi stóru leikhús og óperur séu með eitthvað stórkostlegra en minni leikhúsin. Ég hef nú sungið í yfir þrjátíu ár hjá óperum eins og Metropolitan, Vínaróperuna og La Scala, en það verður að segjast að í þessum stóru húsum er þetta meiri rúttína, meiri maskína. Þá getur vinnan orðið dálítið eins og að fara á skrifstofuna. Það kemur stundum fyrir að ég er beðinn að stíga upp í flugvél og beðinn um að koma sama kvöld að syngja tiltekið hlutverk. Þá hittir maður oftast ekki meðsóngvarana fyrr en fyrst á sviðinu sjálfu. En ég finn sterklega fyrir þessari ástríðu hérna núna sem þarf til að ná árangri í söng og leik. Þegar maður er kominn svona djúpt ofan í list sína sem listamaður er það svo unaðslegt að upplifa þessa tilfinningu.“

Kristján hefur áður unnið undir leikstjórn Sveins Einarssonar en hann starfaði með Kristjáni í Þjóðleikhúsinu og leikstýrði honum meðal annars í La Bohème og Á valdi örloganna ásamt Grímudansleik Verdis, sem er í miklu uppáhaldi hjá Kristjáni. „Það er dásamlegt að vinna með Sveini aftur en með honum get ég leyft mér að vera hreinskilinn og samskipti okkar eru einstaklega góð. Við erum góðir máttar og ég fæ að segja það sem ég vil. En auðvitað passa ég mig á að vera ekki of frakkur. Við höfum stórgott fyrirkomulag, það hittast allir yfir kaffibolla fyrir hverja æfingu og fá að segja það sem þeim liggur á hjarta. Það er svo gott hér heima að það er auðveldara að vera með skoðanaskipti en í stóru leikhúsum. Það er líka afskaplega ánægjulegt að uppgötva þessa nýju kynslóð af hæfileikaríku fólki hér heima sem vinnur svo vel með þessum gömlu ljónum og kúlturboltum sem eru inni á milli.“

Óg þar sem ég er nú sérlega mikill fyrir kvenfólk þá verð ég að minnast líka á þær frábæru konur sem eru að vinna í verkinu, leikmyndina eftir Þórunni Þorgrímsdóttur og búninga Helgu Björnsson en hvorutveggja er einstaklega vel heppnað. Einnig er afar mikill fengur fyrir óperuna að njóta tónlistarstjórnar Kurts Kopecky. Ég

er ákaflega spenntur fyrir sýningunni og held að við séum að gera góða hluti.“

Alúð og virðingu vantar í umræðu um óperuna

Ég spyr Kristján hvað honum finnst um nýtt tónlistarhús sem er væntanlegt við höfnina þar sem Íslenska óperan fær ekki aðsetur. „Ég ætí nú kannski að halda kjafti og liggja á mínum skoðunum um þetta. En þetta er ansi dapurlegt í ljósi þess að ég og vinur minn Kristinn Sigmundsson og fleira gott fólk stofnuðum þetta félag áhugamanna fyrir byggingu tónlistar- og óperuhúss í Reykjavík, söfnun sem fólk er enn að greiða í. Svo skilst mér að peningarnir renni beint í þetta tónlistarhús þar sem aldrei var gert ráð fyrir óperunni og það finnst mér sorglegt. En þetta er eflaust okkur að kenna líka. Ég hefði viljað sjá sess óperunnar mun sterkari hér á Íslandi. Mér finnst umræðan um Íslensku óperuna ekki einkennast af virðingu og alúð. Fólk segir yfirleitt, „æ, greyin, þeir reyna það sem þeir geta“. Þetta hugarfar þoli ég ekki.“

En gæti verið að áhugi fólks, og þá sérstaklega ungu kynslóðarinnar, sé dvinandi á óperu hér heima? „Auðvitað minnkar áhuginn þegar það eru aðeins örfáar sýningar settar upp sem eru svo í sumum tilfellum tættar niður af gagnrýndum. Stundum er sú gagnrýni réttmæt, því það gefur augaleið að ef það eru margar slæmar sýningar í röð þá hefur það slæm áhrif á heildina. Ég hef ekki fylgst eins vel með og ég hefði viljað, en mér sýnist sumar sýningar hafa verið slæmar en aðrar að sama skapi áhugaverðar. Mér finnst kannski hafa verið of lítið um unga söngvara en þó er verkefnavalið miðað við húsnæðið sem óperan hefur dálítið betra núna en undanfarin ár. Það segir sig sjálf að leikhús og ópera er bara „bissness“, þetta bara verður að ganga upp, verður að seljast, alveg eins og þegar maður gefur út bók eða plötu. Það verður að velja verkefnið rétt, ekki endilega það sem höfðar mest til almennings heldur fyrst og fremst að gera eitthvað gott.“

Heldur sér í formi með bátadelunni

Á löngum ferli sínum hefur Kristján sungið í yfir sjöttu óperum og hann segir að af þeim öllum séu óperur eftir Verdi og Puccini ávallt í miklu uppáhaldi. „Ég hef alltaf álitit mig ítalskan tenór og líður best í þeim verkum. En núna er ég í tveimur til þremur góðum uppfærslum á ári og það sem eftir er tímans fer í kennslu.“ Kristján kennir um tólf nemendum í stúdíói sem hann hefur útbúið heima hjá sér. „Hellingur nemenda minna er íslenskur og það er heilmikið að gera. Það eru margir mjög hæfileikaríkir og ég sé að minnsta kosti tvo eða þrjá sem gætu náð mjög langt í framtíðinni. Ég er mjög bjartsýnn.“

Sjálfur segir Kristján það afar mikilvægt fyrir unga söngvara að fara utan en hann fór sjálfur til



KRISTJÁN VIÐ ÆFINGAR Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI „Það er dásamlegt að vinna með Sveini Einarssyni aftur en með honum get ég leyft mér að vera hreinskilinn og samskipti okkar eru einstaklega góð.“



Ef einhver kæmi með tilboð til mín um starf hér heima gæti mér snúist hugur. Ég gæti vel hugsað mér að koma að menningar- eða óperumálum hér heima, og það væri kannski ekkert óeðlilegt eftir langan feril minn í bransanum.

Ítalíu í upphafi ferilsins. „Ég held ekki að ég hefði náð svona góðum árangri ef ég hefði ekki farið til Ítalíu. Nema kannski ef ég hefði farið til Vínar eins og stóð til í upphafi, þá hefði ég orðið Wagner-söngvari í staðinn,“ segir hann og hlær. „En þetta fer allt eftir því hvernig maður er sjálfur innstilltur. Ég hafði ástríðuna, röddina, sjálfstraustið og metnaðinn, vildi gera þetta og gerði það.“ Ítalía hefur orðið heimili og heimaland Kristjáns, sem álitur sig mikinn Ítala inn við beinið. „Ég sökkkti mér á kaf í ítalska tungu og sumir ítalskir vinir mínir segja mér að ég sé ítalskari en allt sem ítalskt er og hafa gaman af því. Ég elska til dæmis að eyða sunnudegi með vinum og fjölskyldu yfir löngum hádegisverði sem teygist fram á kvöld. Þá er glamrað á pianó og sungið og fyrr en varir er kominn tími fyrir kvöldmat en þá er ég þekktur fyrir að framreiða spagettí sem ég hef vel „piccante“.“ Kristján er mikill lífsnautnamaður og segist mjög meðvitaður um að hann sé tíu kílóum of þungur. „En ég er í góðu formi samt. Það má líkja skrokknum við flygil, það er ekki að ástæðulausu að flygill hljómar betur en einfalt pianó. Það skiptir máli að hafa smá kjöt á beinunum fyrir tóninn!“

Annars held ég mér aðallega í formi með mótörhjóladelu. Ég keypti mér Yamaha Scooter nýlega og þeysist um á honum. Svo er ég líka með bátadellu, við hjónin keyptum okkur finan bát fyrir nokkrum árum og ég er með pungapróf,“ segir Kristján og skellihlær. „Það er heilmikil vinna sem fylgir bátastöðsinnu, maður þarf að skrúbba hann og skúra og

svo stingur maður sér nú reglulega til sunds líka.“ Kristján segist einnig njóta þess að fara í reiðtúra þegar hann fer norður á heimaslóðir. „Ég fór til dæmis með dóttur minni í sumar. Hún er að verða ellefu ára og er eina barnið mitt sem er algerlega fætt og uppalíð á Ítalíu. Hún fer samt reglulega í heimsókn til afa og ömmu fyrir norðan og er með hestamennskuna í blóðinu.“ Ég spyr Kristján hvað honum finnst um virkjanafuramkvæmdir á Norðurlandi sem mikið hafa verið í deigluinni undanfarið en hann vill lítið tjá sig.

„Ég er ekki mjög pólitískur maður og hef lítið fylgst með þessum málum á Íslandi. Ég var þó virðinn stofnun félags ungra sjálfstæðismanna á Norðurlandi þegar ég var sextán ára og hef verið frekar blár í gegnum tíðina.“

Hlustar ekki á Björk

Kristján sækir Ísland reglulega heim ásamt fjölskyldu sinni en segir fjölskyldu og nánnum vinum fara fækkandi eftir öll þessi ár hérlendis. „En heimurinn er svo lítill að það er ekki stórmál að fljúga fram og til baka. Það yrði eflaust dálítið erfitt fyrir mig að rífa mig frá Ítalíu núna. Hins vegar get ég sagt með fullri alvöru að ef einhver kæmi með tilboð til mín um starf hér heima gæti mér snúist hugur. Ég gæti vel hugsað mér að koma að menningar- eða óperumálum hér heima, og það væri kannski ekkert óeðlilegt eftir langan feril minn í bransanum.“

Ég spyr Kristján hvert hans fyrsta verkefni yrði ef hann mætti vera við stjórn til dæmis í Íslensku óperunni? „Þá myndi ég ráða tíu

→ ÓPERUR SEM TENGST STERKUM BÖNDUM

Hefð er fyrir því að óperurnar Cavalleria Rusticana og Pagliacci séu sýndar saman. Þær eru tvær einþáttungsóperur þar sem daglegt líf fólks, harmur þess og gleði eru í forgrunni. Pagliacci þýðir trúðarnir og er eftir ítalska höfundinn Ruggero Leoncavallo. Cavalleria Rusticana er eftir Pietro Mascagni og er gerð eftir sikileyskri smásögu eftir Giovanni Verga. Pagliacci er ein vinsælasta óperan í dag og inniheldur ariuna Recitar! Vesti la giubba sem var hljóðrituð af Enrico Caruso og seldist í yfir milljón eintökum. Árið 1931 varð Pagliacci fyrsta óperan til þess að vera gerð að kvikmynd, með tenórnum Fernando Bertini í aðalhlutverki. Hér til hliðar sést Kristján á æfingu á Pagliacci í Íslensku óperunni í síðustu viku ásamt Sólrúnu Bragadóttur.



söngvara en enga sólóista. Ég myndi byrja á grunninum og ráða inn gott fólk og góðar raddir. Það er heldur ekki hægt að halda uppi óperuhúsi án þess að eiga góðan kór sem svo gæti tekið að sér minni hlutverk í uppfærslum. Stærstu mistök Íslensku óperunnar í gegnum tíðina hafa verið að rembast við að ráða sólóista. Það bara gengur alls ekki að sama fólk sé að syngja í Óperunni áratugum saman, þá fer að vanta allan ferskleika. En ég treysti Stefáni Baldurssyni og nýrri stjórn í Óperunni til þess að standa rétt að þessum málum.“

Kristján segir að Óperunni sé auðvitað afar þröngur stakur sniðinn fjárhagslega auk þess sem húsið sé svo lítið. „Það gengur alls ekki að reyna að setja upp einhverjar „grand“ óperur hér eins og til dæmis Aidu. Þetta verkefni sem er núna verið að vinna, Pagliacci og Cavalleria henta fullkomlega. Wagner og Verdi eiga lítið erindi í núverandi húsnæði Íslensku óperunnar heldur myndi ég telja að flestallur Mozart myndi henta mjög vel, sem og antík-óperur eins og verk eftir Rossini, Donizetti og Monteverdi. Við verðum líka að sinna fræðandi hlutverki hér og bjóða fram minna þekkt stykki. Annað sem ég er mjög ósáttur við er að Sinfónían hafi ekki meiri skyldur við Óperuna. Við erum til dæmis að missa Sinfóníuna út í tónleikaferð nú í haust og verðum að gera hlé á sýningum! Ég hef bara aldrei heyrt annað eins, að sinfónía geti bara lagt í tónleikaferð á mesta annatíma. En við verðum örugglega með fleiri sýningar þegar þau snúa aftur.“

Sjálfur hlustar Kristján aðallega á klassíska tónlist heima fyrir en segist einstaka sinnum grípa í rokkið. Ég spyr hvort hann hlusti þá á tónlistardívu Íslands, Björk? „Með fullri virðingu fyrir því hvað hún er að gera flotta og áhuga-verða hluti þá hlusta ég lítið á hana.“ En Sigur Rós? „Nei, almáttugur,“ segir hann og skellir upp úr. „En Nýdönsk er mjög skemmtileg. Ég er hrifnastur af alvöru rokki og róli, þessu gamla og góða. Ég vil hafa þetta hrátt og villt, og í gamla daga elskaði ég Stones og The Animals. Rokk á að vera ungt og ferskt og djarft, þeir eiga að vera villtir á sviði með viski og öskur.“

Hvað varðar óperuverkefni um þessar mundir segist Kristján hafa verið einstaklega ánægður með hlutverk Heródesar sem hann söng í Rómáráðunni fyrir tveimur árum. „Mér fannst ég bara helvíti góður og það gekk svo vel að þeir buðu mér Wozzeck í kjölfarið. Ég er þar í hlutverki hermansins, þessa óskaplega rudda. Það er allveg viðbjóðslegt spennandi hlutverk, ég þurfti að pissa á Wozzeck á sviðinu í þessari uppfærslu til dæmis. En ég hafði lúmskt gaman af að leika svona skúr. Ég held áfram að syngja Wozzeck í vetur og svo stendur til að syngja í Ópello á Spáni. Ég slæ aldrei hendinni á móti einhverju bitastæðu. Ég er hins vegar farinn að hægja á mér. Eftir fimmtán ár ætla ég bara að hafa það kósi í kotinu með Jónu minni og börnin og barnabörnin í kringum mig. Fara í bátsferðir á Ítalíu og reiðtúra á Íslandi. Njóta lífsins og hafa það kjút.“



TIL AÐ NÁ LENGRA ÞARF HÆFILEIKA, ÞRAUTSEIGJU - OG ÖFLUGAN FJÁRHAGSLEGAN STUDNING

GLITNIR STYRKIR AFREKSKONUR Í ÍPRÓTTUM

Afrekskvennasjóður Glitnis og ÍSÍ auglýsir eftir umsóknum vegna fjórðu úthlutunar úr sjóðnum. Tilgangur Afrekskvennasjóðsins er að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum og gera þeim betur kleift að stunda íþrótt sína og ná árangri. Umsóknarfrestur rennur út 19. september.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á www.glitnir.is og www.isi.is.

GLITNIR



FALLEG ATHÖFN Útför Sigurbjörns Einarssonar var falleg og virðuleg og bekkurinn var þétt setinn í Hallgrímskirkju. Fjölmargir kirkjunnar menn tóku þátt í athöfninni.

Þegar kallið kemur burt af heimi

Herra Sigurbjörn Einarsson biskup var jarðsunginn í gær. Fjöldi fólks fylgdi honum til grafar enda var hann virtur og dáður af fjölmörgum. Ljósmyndararnir *Anton Brink* og *Daníel Rúnarsson* fylgdust með athöfninni.

Útför Sigurbjörns Einarssonar biskups var gerð frá Hallgrímskirkju í gær. Prestur var séra Jón Dalbú Hróbjartsson og organisti Hörður Áskelsson. Hallgrímskirkja var full út úr dyrum og var brugðió á það ráð að útvarpa athöfninni í hátölurum utan á kirkjunni. Þá var athöfnin í beinni útsendingu í sjónvarpinu.

Sigurbjörn fæddist árið 1911 að Efri-Steinsmýri í Meðallandi. Hann varð stúdent frá MR árið 1931 og lauk guðfræðiprófi frá HÍ árið 1938. Hann var biskup yfir Íslandi 1959-1991. Sigurbjörn er líklega áhrifaríkasti kirkjunnar maður á síðari tímum hér á landi og var þekktur sem mikill hugsuður og orðsins maður.

Sigurbjörn orti fjölda sálma og gaf út fjölmörg rit tengd kristni. Þá skrifaði hann ævisögu Alberts Schweitzer. Yfirskrift þessarar greinar er tekin úr sálmi sem Sigurbjörn þýddi.

*Hinst þegar kallið kemur burt af heimi,
kannstu við mig og lýstu mér.
Síðasta hugsun hjarta míns veri:
Heilagi bróðir, dýr sé þér.*



HINSTA FÖRIN
Kistan borin út.



SUNGIO YFIR BISKUPNUM Schola cantorum og Mótettukór Hallgrímskirkju sungu í athöfninni.



MOLDUN Prestur var séra Jón Dalbú Hróbjartsson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju.



RÍKISSTJÓRN Ráðherrar í ríkisstjórn Íslands voru viðstaddir útförina ásamt mökum.



HÁTÍÐLEG STUND Fjöldi manns lagði leið sína í Hallgrímskirkju til að fylgja herra Sigurbirni síðasta spölinn.



LÖGREGLUFYLGD Lögreglan stóð vörð um líkfylgdina.



ORGANISTINN Hörður Áskelsson við orgel Hallgrímskirkju.

SKÁLDIÐ

Sigurbjörn orti ýmis ljóð og kvæði og var þetta meðal annars flutt í útför hans í gær:

Guð faðir, himnum hærrí ert hjarta mínu nærri með ljós á lífs míns vegi og líkn á nótt sem degi.

Þú mætir mér að nýju í morgunskini hlýju og heilsar huga mínum með helgum anda þínum.

Og bænarlogann bjarta hann ber að köldu hjarta og neista náðar þinnar flýr nóttin sálar minnar.

Í lífsins tæru lindum þú laugar mig af syndum og nærir sál og sinni með sælli návist þinni.

Lát orð þitt veg mér vísa og vilja mínum lýsa, takdagsins verk og vanda á vald þíns góða anda.

Þér, eilíf þrenning eina, skal ást og trúin hreina með gleði þakkir gjalda, vor Guð, um aldri alda.



Nóni Sær
Lenti í bílslysi 8 ára.




Sigrún María
Lenti í bílslysi 8 ára.



Arna Sigríður
Datt á skiðum 16 ára.



Danival
Datt gegnum þakglugga 25 ára.



Arnar Helgi
Lenti í mótörhjólaslysi 22 ára.

Landssöfnun í opinni dagskrá Stöðvar 2, föstudagskvöldið 19. september.

Mænuskadastofnun Íslands hvetur þjóðina til að taka þátt í landssöfnun sem miðar að því að lækning finnist við mænuskaða. Það gefur fjölda fólks um heim allan von um að ganga á ný.

Við viljum öll eiga þátt í því kraftaverki.

www.isci.is

Hringdu núna:

904 1000 | 904 3000 | 904 5000

og þú gefur
1.000 kr.

og þú gefur
3.000 kr.

og þú gefur
5.000 kr.

Síminn

STOÐIR
bakhjarl landssöfnunarinnar

Mænuskadastofnun Íslands

Heitt í haust

Cayenne-jeppar, kobe-steikur og Arne Jacobsen-stólarnir eru ekki töff lengur. Krepputalið endalausa þýðir að þjóðin er farin að breyta um stíl. **Anna Margrét Björnsson** rýnir í helstu strauma komandi vetrar í tísku, lífsstíl og tíðaranda.

Fatnaður: Í Reykjavík er farið að þykja dálítið plebbalegt að flassa Prada-stígvélum og Gucci-töskum enda táknmynd nýríka Íslendingins ásamt stórum sportjeppum og húsi á Arnarnesinu. Í vetur munu búðir sem selja notaðan fatnað blómstra sem aldrei fyrr, sem og litlar áhugaverðar búðir með frumlegri hönnun. Það segir sig sjálft að ódýrar búðir eins og Topshop koma sterkt inn fyrir tískuþenkjandi konur með sparnað í huga, ásamt Rauða krossinum fyrir helstu nauðsynjar.



Húsbúnaður og hönnun:

Undanfarin ár hefur hvíti liturinn tröllriðið alls kyns hönnun, allt frá því að Apple-fyrirtækið kom með hvíta iPoda og tölvur. Í Þýskalandi seldust sjöttíu prósentum fleiri hvítir bílar í fyrra en árið þar á undan og alls staðar segja spekulantarinn að hvíti liturinn sé framtíðin. Við sjáum hann birtast í borðum, stólum, skápum og græjum og hann

er ef til vill einhvers konar táknmynd fyrir nýja geimöld. Ásamt hvíta litnum koma svo æpandi skærir litir aftur sem geta verið hippalegir og nútímalegir í senn. Það sem er hins vegar alveg búið er rókótískan sem hefur tröllriðið heimilum Íslendinga undanfarin ár, ásamt svart-hvítum innréttingum, gervibarokk-stólum og kristalskrónum. Heimilið verður vistvænna í vetur en nokkru sinni fyrr, húsgögn frá Góða hirðinum, náttúruleg efni og sparperur eru algerlega málið.

Bíllinn: Það var enginn maður með mönnum nema að þeystast um á Porsche Cayenne, Range Rover eða Audi á meðan góðærið fór vel með landann. Í dag passar þetta hreinlega ekki við tíðarandann og jeppaeigendur fara snarlega að skipta yfir í sparneytinn vistvænna bíl. Þeir sem fylgjast með tískunni ættu líka að vera meðvitaðir um það að reiðhjólíð er það sem koma skal, þar sem æ fleiri borgarbílar eru farnir að sjást á gamaldags ömmuhjólum eða City Surfer-hjólínu skemmtilega frá Nýlenduverslun Hemma og Valda.



Maturinn: Það er ágætis sólarferðaauðgýsing í sjónvarpinu um þessar mundir þar sem teiknaðir ríkisbúttar biðja um foie gras á útsölu. Kobe-steikurnar sömuleiðis og fasanakjöt er svo hræðilega 2007. Lúxusstælar í mat eru að sjálfsögðu ekki kúl í vetur og gourmet-stælar fara út um gluggann. Hér á Íslandi verður slátur og innmatur svalari en nokkurn tímann fyrr sem og heimagerðar sultur. Nú er til dæmis síðasti séns til að útbúa smekklega og krúttlega jólagjöf í kreppunni – bláberja- og rífsberjasultur með fallegum miða og borða á línuna. Hvað varðar matarstraumana erlendis þá er allur matur orðinn „fair trade“ og ýmiss konar ævaforngrjón eins og quinoa og amaranth verða vinsæl.



Vatn með alls kyns bragði og vítamínum heldur áfram að koma á marknúðlu- aðinn (þótt fæstir skilji tilganginn) og barir eru vinsælli en nokkru sinni fyrr. Innmatur kemur einnig sterkt inn í flestum nágrannaríkjum okkar sem og mikil bylgja af kóreskum veitingastöðum. (Og nei, þeir bera ekki fram hunda).

Gæludýrið: Íslendingar hafa aldeilis uppgötvað hundinn síðustu ár þrátt fyrir að hann sé ekki sérlega velkominn á götum Reykjavíkurborgar. Fólk var tilbúið að punga út háum summum fyrir finar tegundir eins og Weimeraner og Nýfundnalandshunda nú eða rottuna sem kallast Chihuahua og sést úti um allar trissur. En því miður eru slíkir hundar á niðurléið, þeir eru of dýrir í rekstri á þessum síðustu og verstu, líkt og jepparnir. Í vetur kemur Kattholt sterkt inn, þar er fullt af sætum kisum sem vantar heimili og kosta ekki krónu.

Djoppið: Það þykir ekki töff að vinna í banka lengur. Og þeir sem enn eru í bönkunum vilja varla hafa uppsögnina hangandi yfir sér heldur. Það er heitt að finna listamanninn í sjálfum sér því þeir hafa það hvort sem er alltaf skítt og finna þar af leiðandi minnst fyrir kreppunni.



Myndlistin: Það eru fáir sem fara að fjárfesta í Georgi Guðna og Kristjáni Davíðssyni í vetur. Listaspekulantar fara að garfa í ungum og gröðum galleríum í miðbænum þar sem hægt er að kaupa verk eftir framúrsteffulega og mjög unga listamenn fyrir slíkk. Enginn hefur efni á því að fara á uppboð hjá Fold þannig að listahæfileikar fjölskyldunnar geta farið að blómstra. Lilli er bara látinn skella í klessuverk á leikskólanum, snilldin römmuð inn og málið er dautt.



Líkamsræktin: Þrátt fyrir offramboð af risavöxnum líkamsræktarstöðvum er fólk farið að dömpa einkaþjálfaranum og hlaupabrettinu og komið meira inn á nýaldarlínuna. Jóga, pilates, tai chi og magadans kemur enn sterkar inn en í fyrra enda geta þeir sem hafa ekki efni á líkamsræktarkorti bara gert þetta heima hjá sér. Fólk mun einnig uppgötva einfalda kosti upp á nýtt, það getur verið mjög árangursríkt bara að hlaupa úti eða fara í sund. Fótbolti er líka á niðurléið, því búist er við metskráningu ungra krakka í handbolta eftir að íslenska landsliðið komst í guðatölu eftir Ólympíuárangurinn.



Megrúnin:

Lífrænn matur er of dýr, risaskammtarnir í danska kúrnum voru fitandi og Atkins-kúrin gerði fólk andfúlt. Nýjasti megrunarkúrin

vestanhafs er „Alternate Day Fasting“ sem sækir innblástur í matarvenjur steinaldarmanna. Kúrin er nokkuð einfaldur, maður borðar bara annan hvern dag, sem er einmitt kjörið sparnaðarráð.

Drykkurinn: Kampavín er svo 2007. Drykkurinn í vetur er klárlega vodka í vatni. Einfalt, hressandi og nokkuð kalóriasnautt. Á börunum er vodka líka farin að taka yfir mojito-æði Íslendinga sem þykir orðið mjög þúkalegt. White Russian kemur þá sterkur inn eftir klukkan tvö á nóttu. Að láta áfengi eiga sig er svo auðvitað heilbrigðasti kosturinn enda ekkert betra en íslenska vatnið. Latte í pappírskollum er á útleið en te ýmiss konar er alltaf að verða vinsælla.

Erlendis eru tehus að yfirtaka þessar endalausu og sálarlausu kaffikeðjur en þar er meðal annars boðið upp á indverskt Chai, grænt te og hvítt te ásamt köldu vítamín-bættu ístei.



Skemmtistaðurinn: Það er klárlega bara ein leið til að djamma á krepputímum: gamla góða svettið. Breyttu íbúðinni þinni í sánu og bjóddu vininum í vodka í vatni. Þar slærðu líka tvær flugur í einu höggi og þarft ekki að kaupa þér líkamsræktarkort þar sem kílóin gætu hreinlega runnið af þér á einni nóttu.



Hverfið: Hverfið sem kemur gríðarlega sterkt inn í haust er hverfið ÞITT. Já, hverfið ÞITT, hvar sem það kann að vera, því enginn er að kaupa og selja um þessar mundir. Bara um að gera að vera sæll og glaður í sínu og skella kannski umferð af málningu yfir allt saman. Skúmaskot úti á landi koma einnig verulega sterk inn. Eða að flytja á Skagann eða Seyðisfjörð þar sem er hvort sem er ekkert að freista manns og buddunnar.

Tónlistin: Rokkið er á stanslausri niðurléið, í hvert skipti sem reynt er að opna almennilegan tónleikastað er honum lokað. Sinfónían er líka á uppleið enda fær hún heilt risahús undir sína starfsemi á meðan rokkarar geta bara verið heima hjá sér. Sumir kjósa bara að flýja land alfarið og setjast að í Berlín ásamt öllum hinum íslensku listaspírnum. Hvað varðar íslensku böndin á uppleið er mikið svermað fyrir hljómsveitum eins og Bloodgroup og Hjaltalin á meðan Mercedes Club-æðið mikla er klárlega búið.



BMW

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure

Upplifðu BMW

BMW Xpo 2008



■ BMW 318i

Málmlakk - 16" álfelgur - Sjálfskipting - Leðurklætt sportstýri - Sensatec leðurliki - Rafstýrt léttstýri - 143 hestöfl.

■ Xpo verð:

72.900 á mánuði



■ BMW 320 Executive

Málmlakk - 17" álfelgur - Sjálfskipting - Leðurinnrétting - Hiti í framsætum - Leðurklætt sporstýri - Aðgerðarstýri - Fjarlægðarvari að aftan - Geymslupakki - Skriðstillir - Regnskynjari - Þokuljós - Professional útlarp - Rafstýrt léttstýri - 170 hestöfl.

■ Xpo verð:

84.900 á mánuði



■ BMW 320i Sport

Málmlakk - 17" M-álfelgur - sjálfskipting - Geymslupakki - Hiti í framsætum - M-leðurstýri - Burstarðir állistar - Sportsæti - M-vindklúfasett - M-sportfjöðrun - Satin chrome gluggalistar - Alcantara innrétting - Svört loftklæðning - Rafstýrt léttstýri - 170 hestöfl.

■ Xpo verð:

83.900 á mánuði

Hvað er BMW Xpo upplifun?

Nú kynna BMW og B&L nýja leið til að kynna þessum þýsku lúxusbifreiðum. Áratugareynsla BMW í sölu lúxusbíla sýnir að breyttar aðstæður í efnahagslífi kalla á breyttar fjármögnunarleiðir. Því þróaði BMW í Þýskalandi hið svokallaða Xpo úrræði og býður upp á það, á ákveðnum svæðum í heiminum. Til að viðhalda þeirri velgengni sem BMW hefur notið hér á landi undanfarin ár, hefur BMW tekið ákvörðun um að taka Ísland inn í Xpo-kerfið.

Langur reynsluakstur. BMW Xpo miðar að því að auðvelda sem flestum að aka um á BMW. Notaðir verða lagerbílar frá B&L og þeir niðurgreiddir með tímabundinni fjármögnun sem gerir fólki kleift að taka BMW til reynslu fyrir afar lága mánaðargreiðslu í skamman tíma.

Engin áhætta. Íslenska útgáfa Xpo-kerfisins byggir á 24 mánaða reynslu-samningi. Það þýðir að þú færð nýjan BMW í allt að 24 mánuði, en getur endurskoðað hug þinn eftir 12 mánuði. Einnig getur þú valið að eignast bílinn á sérstökum Xpo-kjörum samkvæmt nánara samkomulagi. **Hafðu samband við sölufulltrúa strax í dag!**

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - bmw@bmw.is - www.bmw.is

*Riftun samnings eftir 12 mánuði þarf að berast til sölufulltrúa B&L mánuði áður en samningur rennur út eða á 11. mánuði.



Með bílinn handa þér



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarbug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Jóns Lárusar Guðnasonar
Jökulgrunni 14, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu Rvk., deild G-2.

Sigþóra Scheving Kristinsdóttir
Guðrún Linda Jónsdóttir

Pálmi Bergmann
Vilhjálmsson

Íris Björk Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristmundur Carter



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarbug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Helgu Ingimarsdóttur
Viðilundi 24, Akureyri.

Guð blessi ykkur öll.

Valborg Svavarsdóttir
Agnes Tulinius Svavarsdóttir
Guðmundur Þorsteinsson
og ömmubörnin.

Haukur Valtýsson
Ottó Tulinius



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarbug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Pálu Þrúðar Jakobsdóttur
Fossvégi 2, Selfossi.

Skúli Jakobsson

Kristinn Jakobsson

Hildur Birgisdóttir

Jakob Kristinsson

Karen Kristinsdóttir

Íris Mjöll Valdímarsdóttir

Magnús Baldursson.



Minningarathöfn um ástkæran eiginmann minn, föður okkar, tengdaföður, afa og bróður,

Jón Snæ Sigurjónsson
frá Snæhvammi í Breiðdal, til heimilis að Unnarbraut 28, Seltjarnarnesi,

verður í Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 9. september kl. 14.00. Útför fer fram í Heydalakirkju, Breiðdal, laugardaginn 13. september kl. 14.00. Blóm vinsamlega afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hans láti líknarstofnanir njóta.

Hlíf Þ. Jónsdóttir

Sigurjón Jónsson

Guðný Elín Jónsdóttir

Ingibjörg Sigurjónsdóttir

Ólavía Sigurjónsdóttir

Hlíf Ágústa Reynisdóttir

Jóna Snædis Reynisdóttir

Sólveig Sigurjónsdóttir.

Helga Ágústína Lúðvíksdóttir

Reynir Loftsson

Jón Garðar Steingrímsson

Alejandro Arias



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Sigurður Kjartan Brynjólfsson

lést á Landspítalanum 2. september síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 11. september kl. 13.

Einar Sigurðsson
Auður G. Sigurðardóttir
og barnabörn.

Jarþrúður Guðnadóttir
Frosti Richardsson

GUÐRÚN HELGADÓTTIR RITHÖFUNDUR ER 73 ÁRA Í DAG.

„Ég er oft spurð að því hvort Heiða sé ekki ég. Jú, jú, svara ég. Hún er svona afskiptasöm og stjórnsöm eins og ég, ægilega leiðinleg...!“

Heiða er aðalpersóna barnabókarinnar *Sitji guðs englar eftir Guðrúnu Helgadóttur*. Guðrún hefur skrifað nokkrar barnabækur og má þar nefna sögurnar um tvíburabæturna Jón Odd og Jón Bjarna.



PETTA GERÐIST: 7. SEPTEMBER 1973

Mósaíkverkið afhjúpað

Mósaíkmynd listakonunnar Gerðar Helgadóttur (f. 11. apríl árið 1928 og d. 17. maí 1975) á húsi Tollstöðvarinnar í Reykjavík var afhjúpuð þennan dag fyrir 35 árum. Myndin er 142 fermetrar en hún inniheldur milljónir marglitra mósaíksteina. Gerður innritaðist í Myndlista- og handiðaskólann árið 1945 og stundaði þar nám í tvö ár. Hún fór í framhaldsnám í Accademia di Belle arte í Flórens þar sem hún var í tvö ár áður en hún fór til Parísar til náms í tvö ár. Fyrstu einkasýningu sína á Íslandi hélt Gerður í Listamannaskálanum 1951. Meðal verka hennar má nefna steindu



gluggana í Hallgrímskirkju og Kópavogskirkju og lágmyndir á Menntaskólann við Hamrahlíð og á húsi CG flutninga við Sæbraut í Reykjavík. Hennar stærsta verk, mósaíkverkið á Tollhúsinu, vann hún undir lok ævinnar en hún lést aðeins 47 ára. Hún var samt einn afkastamesti myndlistarmaður Íslands.

tímamót

timamot@frettabladid.is

DANSSMIÐJAN: FAGNAR FIMMTÁN ÁRA STARFSAFMÆLI

Línudansinn stendur upp úr

Danssmiðjan var stofnuð fyrir fimmtán árum af Jóhanni Erni Ólafssyni, þá nýbokuðum danskennara, en hann vil aði ekki fyrir sér að stofna eigið fyrirtæki strax eftir að dansnámi lauk. „Það var verið að rifja upp að þá hefðu verið krepputímar en ég man ekkert eftir því. Ég var svo upptekinn af því að dansa og láta reyna á hæfileikana, þótt ég væri ungur og ætti ekki krónu,“ segir Jóhann, sem stundaði nám í Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar og kenndi svo samkvæmisdansa og línudans í Danssmiðjunni. Línudansinn varð svo vinsæll að Jóhann ferðaðist hálfu leið kringum hnöttinn til að kenna hann.

„Það stærsta sem Danssmiðjunni tókst að afreka var að koma línudansinum af stað hér. Það dró reyndar þann dila á eftir sér að ég endaði í Kína, þar sem enginn hafði séð þennan dans áður. Þetta kom til eftir krókaleiðum en skipuleggjandi danssýningar í Kína talaði við dansmeistarar í Bretlandi, hann talaði við danskan kunningja sinn, heimsmeistarar í dansi, sem hafði verið tíður gestur í dansskólanum mínum og hann benti á mig. Ég gerðist þannig meðlimur í þessum hópi og þvældist um Kína í tvær vikur.“

Jóhann segir ekkert lát á dansáhuga Íslendinga og starfið hjá Danssmiðjunni hafi gengið vel. Hann á sína fastakúnna og vinsældir línudansins eru síst að dvína. „Það er alltaf fullt af fólki



LÍNUDANSINN SÆKIR Á Jóhann Örn Ólafsson, eigandi Danssmiðjunnar, kom línudansinum á koppinn á Íslandi fyrir fimmtán árum og sér ekki fyrir endann á vinsældum hans enn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

sem þráir dans og vill koma á nám-skeið. Ég byrjaði að kenna mínum fyrstu nemendum þegar ég var átján ára, sem fylgdu mér síðan í Danssmiðjunna. Margir línudansarar hafa líka verið með mér frá upphafi. Línudansinn byrjaði sem tiskubóla fyrir fimmtán árum en festi sig í sessi og nú er að vakna aftur mikill áhugi á honum sem ég ætla að fylgja eftir.“

Spurður hvort hann eigi sér uppáhaldsdans nefnir hann samkvæmisdansa eins og vinarvals. „Ég er sprottinn upp úr umhverfi samkvæmisdansa. Ég verð þó að segja að línudansinn er í uppáhaldi, þar er maður að búa til ný spor og nýja dansa. Ég er alltaf að heyra ný lög sem mig langar að gera línudans við, hann stendur upp úr hjá mér.“

heida@frettabladid.is



Hugheilar þakkir til ykkar allra sem sýndu okkur samúð og vinarbug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jónu Þórunnar Snæbjörnsdóttur


Grund, Kolbeinsstaðahreppi, Borgarbyggð.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilis aldraðra, Borgarnesi, fyrir einstaklega góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Ólöf Ásmundsdóttir

Þórður Þorsteinn Ásmundsson Huldís Þorfinnsdóttir

ömmu- og langömmubörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ólöf (Lóa) Helgadóttir

Kríuási 7, Hafnarfirði,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, miðvikudaginn 3. september. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, föstudaginn 12. september kl. 13.00.

Örn Friðriksson

Róbert Þór Gunnarsson

Guðrún Valdis Arnardóttir

Tinna Arnardóttir

og barnabörn.

Hildur Kristjánsdóttir

Gunnar Svavarsson

Árni Þór Hlynsson



Kæru ættingjar og vinir.
Hjartanlegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarbug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Jónínu Hrefnu Magnúsdóttur

frá Kirkjulækjarkoti,



sem lést á Vífilstöðum föstudaginn 15. ágúst. Við þökkum heimsóknir vina og vandamanna til Hrefnu á Vífilstaði og sérstakar þakkir flytjum við starfsfólki þar fyrir elskulegt viðmót og frábæra umönnun.

Hildur Magnúsdóttir

Hjálmar Magnússon

Hans Guðni Magnússon

Ingigerður Magnúsdóttir

Daníel Magnússon

Benjamín Magnússon

Erling Magnússon

Hlynur Magnússon

barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhann Birkir Steinsson

Sigrún Björg Ingbórsdóttir

Auðbjörg Vordís Óskarsdóttir

Sigurhans Wium Hansson

Annkatrine Nilsson

Una Björg Gunnarsdóttir

Erla Kristín Birgisdóttir

Gerður Árnadóttir

LEGSTEINAR OG FYLGHLUTIR

Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista



MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is



Rafvirkjar

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa við almenn rafvirkjastörf. Sveinspróf æskilegt. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Upplýsingar í síma: 696-2104 Jón, 696-2110 Þorgeir, 696-2109 Ingólfur

VIGTARMENN

Námskeið til löggildingar vigtarmanna verður haldið á Neytendastofu, Borgartúni 21, dagana 6., 7. og 8. október nk.

Endurmenntunarnámskeið verður haldið 13. október.

Allar nánari upplýsingar um verð og skilmála, svo og aðstoð við skráningu þátttakenda, eru veittar í síma 510 1100 og á heimasíðunni www.neytendastofa.is/mælifræðisvið/löggilding_vigtarmanna/námskeið_vigtarmanna.

Skráningu lýkur föstudaginn 19. september nk.



NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • Bréfasími 510 1101
postur@neytendastofa.is • www.neytendastofa.is



REKSTRARFÉLAG STJÓRNARRÁÐSBYGGINGA

Tölvuumsjón

Rekstrarfélag Stjórnarráðsbygginga óskar eftir að ráða tölvu- og/eða kerfisfræðing til starfa. Rekstrarfélagið sér um notendabjónustu gagnvart starfsmönnum flestra ráðuneytanna ásamt miðlægum tölvubúnaði þeirra. Fjöldi útstöðva er um 550.

Starfið felst í notendabjónustu og meðal helstu verkefna er viðhald og uppsetningar á Windows útstöðvum, þjónusta við Málaskrár/GoPro, Lotus Notes, Office og önnur forrit.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur séu menntaðir á sviði tölvutækni, s.s. tölvufræði, kerfisfræði, tölvunarfræði og/eða með sambærilega menntun. Þekking á Lotus Notes og GoPro er æskileg. Áhersla er lögð á faglegan metnað, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum auk sveigjanleika í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 22. september nk. Laun verða skv. kjarasamningi starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Gengið verður frá ráðningu fljótlega.

Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI.

Guðný Harðardóttir (gudny@stra.is) hjá STRÁ MRI veitir nánari upplýsingar. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár og meðfylgjandi prófgögn til stra@stra.is. Viðtals tími er alla virka daga frá kl. 13-15 meðan á umsóknarferlinu stendur.



Suðurlandsbraut 30 - sími 588 3031 - www.stra.is

www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár



FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRFESTINGASVIÐS

Landsvirkjun Power er hlutafélag í eigu Landsvirkjunar. Starfsmenn eru um 45 talsins og annast félagið rannsóknir, undirbúning og byggingu nýrra virkjana Landsvirkjunar á Íslandi. Félaginu er einnig ætlað að selja verkfræðiráðgjöf og fjárfesta í orkuverkefnum erlendis og nýta þá þekkingu og reynslu erlendis sem byggst hefur upp í starfsemi Landsvirkjunar. Áhersla er lögð á góða stjórnun mannafla og þekkingar, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Landsvirkjun Power óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra fjárfestingasviðs.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með eftirfarandi þáttum í starfsemi

- Mótun og innleiðingu á fjárfestingastefnu félagsins í samstarfi við forstjóra og aðra lykilstjórnendur
- Leit að og greiningu á fjárfestingatækifærum og gerð fjárfestingaáætlana
- Samningagerð vegna fjárfestingaverkefna og tengslum við samstarfsaðila
- Fjármögnun verkefna
- Gerð rekstraráætlunar sviðsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Viðtæk reynsla af fjárfestingastarfsemi
- Haldgóð reynsla af stjórnun
- Góð tungumálakunnátta og hæfileiki til að tjá sig í ræðu og riti
- Góðir samskiptahæfileikar
- Reynsla af samskiptum og samningum í alþjóðumhverfi æskileg
- Þekking á orkumálum, einkum vatnsafla og jarðhita, er æskileg

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is



Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Tæknivæddasta apótekið á Norðurlöndunum

Vegna vaxandi verkefna óskum við eftir að ráða starfsfólk til starfa

1. Afgreiðsla

STARFSSVIÐ	HÆFNISKRÖFUR
Afgreiðsla á kassa	Hæfni í mannlegum samskiptum
Afgreiðsla lausasölulyfja	Áreiðanleiki
Aðstoð við viðskiptavinum	Reynsla úr apóteki er kostur en ekki skilyrði

2. Umsjón með mótuneyti

Starfið fest í umsjón með léttum hádegismat og innkaupum fyrir mótuneytið. Um er að ræða 70% stöðugildi.

3. Skiptiborð og símsvörun

Starfið felst í símsvörun og úrlausn fyrirspurna viðskiptavina ásamt því að aðstoða við ýmsa skjalavinnu. Gerðar eru kröfur um almenna tölvukunnáttu, jákvætt viðmót og góða samskiptahæfileika. Vinnutími er frá 10:00 – 16:30

Lyfjaver ehf. var stofnað árið 1998 og starfrækir apótek, heilsuölu og tölvustýrða lyfjaskömmun. Lyfjaver ehf. leggur áherslu á persónulega þjónustu við viðskiptavinum sína og því leitum við að fólki með ríka þjónustulund sem hefur metnað til veita viðskiptavinum okkar góða og faglega þjónustu. Hjá fyrirtækinu starfa nú 27 manns.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Steinþórsson í síma 533-6105 á milli kl. 9 og 12. Skriflegar umsóknir berist til Lyfjavers, Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík fyrir 15. september eða sendist á netfangið magnus@lyfjaver.is. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

LYFJAVAR EHF. SUÐURLANDSBRAUT 22, 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 533 6100 • BRÉFSÍMI: 533 6102 • WWW.LYFJAVAR.IS • NETFANG: LYFJAVAR@LYFJAVAR.IS



Störf í gróðurhúsi í Grindavík

ORF Líftækni er íslenskt fyrirtæki á sviði hátækni og nýsköpunar og í fararbroddi á heimsvísu í framleiðslu verðmætra próteina í plöntum.

Fyrirtækið leitar nú að áhugasömum og jákvæðum starfsmönnum til að sinna almennum gróðurhúsastörfum í gróðurhúsi fyrirtækisins, Grænu smiðjunni, í Grindavík. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störf.

Við leggjum mikið upp úr samvirksemi, nákvæmni varðandi skráningar og gæðaeftirlit, hæfni til að vinna skipulega og áhuga til að taka þátt í uppbyggingu blómlegrar starfsemi. Búseta í Grindavík er æskileg.

Starfsúmsóknir með upplýsingum um menntun, fyrri störf og annað sem máli skiptir sendist fyrir 12. september á rafrænu formi til starf@orf.is eða bréfleiðis til ORF Líftækni hf., Keldnaholti, 112 Reykjavík, merktar "Atvinnuúmsókn". Nánari upplýsingar í síma 821-1571.



Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

VERKEFNASTJÓRI

Staða verkefnastjóra hjá brúadeild Vegagerðarinnar í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag.

Starfssvið

- Ráðgjöf við hönnun vatnavirkja, s.s. hönnun varnargarða og annarra vatnavirkja, afrennslisútreikningar, útreikningur á stærðum vatnsopa fyrir brýr og ræsi
- Veitir svæðum ráðgjöf um fyrirhleðslur og flóðavarnir ásamt ráðgjöf um byggingu og eftirlit með byggingu vatnavirkja

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verk- eða tæknifræðingur með sérhæfingu í framangreindum verkefnum
- Framhaldsmenntun í vatnafræði æskileg
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarrestur er til og með 15. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Finnst þér gaman að keyra?

565501

Strætó bs. óskar eftir að ráða vagnstjóra með meirapróf. Fyrirtækið kostar meirapróf fyrir þá starfsmenn sem verða ráðnir og hafa ekki aukin ökuréttindi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

- Í starfinu felst að aka strætisvögnum Strætó bs. samkvæmt leiðakerfi sem og aðstoða og leiðbeina farþegum við að komast leiðar sinnar um höfuðborgarsvæðið. Um vaktavinnu er að ræða. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma, hvort sem um fullt starf, hlutastarf, helgar- eða kvöldvinnu er að ræða.
- Leitað er að þjónustuliprum og samvirkum einstaklingum með hlýlegt viðmót. Viðkomandi þurfa einnig að vera ábyrgir gagnvart akstri og umhverfi. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að framvísa sakavottorði.
- Strætó bs. býður upp á fjölskylduvænt starfsumhverfi með góða tekjumöguleika fyrir duglega einstaklinga. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar veitir Þorbjörg Guðjónsdóttir (thorbjorg@vinna.is) í síma 511 1144. Skráning á www.vinna.is



Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk samlagsins er að sinna almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu starfa um 200 manns auk undirverktaka. Fyrirtækið hefur jafnframt umsjón með ferðaþjónustu fatlaðra.

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

 vinna.is



Menningarhúsið Hof verður tekið í notkun í ágúst 2009. Í húsinu eru tveir salir annar rúmar 500 manns í sæti og hinn 200. Í húsinu verða viðburðir af margvíslegu tagi, svo sem tónleikar, leiksýningar, ráðstefnur og kaupstefnur. Tónlistarskólinn á Akureyri verður staðsettur í húsinu auk Akureyrarstofu og Sífoníuhljómsveitar Norðurlands. Þá verða einnig í húsinu Upplýsingamiðstöð ferðamanna, verslun og veitingastaður.

FRAMKVÆMDASTJÓRI AKUREYRI

Leitað er að metnaðarfullum og framsæknum aðila í starf framkvæmdastjóra Hofs, menningarhúss á Akureyri. Hof, menningarfélag ses, mun annast rekstur hússins samkvæmt samningi við Akureyrarbæ og framkvæmdastjóri starfar í umboði stjórnar félagsins.

Starfssvið

- Umsjón og ábyrgð á daglegum rekstri
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Stjórnun starfsfólks
- Yfirumsjón með bókhaldi og launagreiðslum
- Umsjón með markaðsmálum
- Samskipti og samningagerð við styrktaraðila og lykilotendur hússins
- Yfirumsjón og ábyrgð á skipulagningu viðburðadagskrár í menningarhúsinu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgöð reynsla af stjórnun og rekstri
- Þekking og reynsla af markaðsstarfi
- Áhugi og góð þekking á menningarmálum
- Drifkraftur og frumkvæði
- Jákvæðni og samskiptahæfni

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120



Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (atvest) aðstoðar og leiðbeinir einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum í hugmyndavinnu, nýsköpun og atvinnuþróun og beinir hugmyndum þeirra og verkefnum í viðeigandi farveg innan þeirrar virðisdeildar sem félagið og hagsmunaaðilar þess starfa innan. Atvest er með starfsstöðvar á Hólavík, Ísafirði og Patreksfirði.

VERKEFNASTJÓRI

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða óskar eftir að ráða drífandi og framsækinn einstakling í nýtt og spennandi starf verkefnastjóra. Í boði er krefjandi starf í atvinnuþróun sem og þekkingaröflun og -miðlun á Vestfjörðum. Starfsstöð viðkomandi er á Patreksfirði en starfið krefst ferðalaga um Vestfirði og eru megin áherslusvæði Suðurfirðirnir og Reykhólar.

Starfssvið

- Þátttaka í stefnumarkandi uppbyggingu ATVEST til næstu ára
- Efling þekkingargrunns einstaklinga og fyrirtækja til að gera þau samkeppnishæfari á landsvísi og erlendis
- Nýsköpun, þróun og ráðgjöf
- Kynningarstarf á félaginu og verkefnum þess sem og gerð kynningarefnis

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta-, tækni- eða verkfræði eða sambærilega menntun
- Reynsla af starfi með og fyrir frumkvöðla
- Reynsla af gerð viðskiptaáætlana sem og almennri áætlanagerð
- Innsýn í ferðabjónustugeirann, almennar þjónustugreinar, orku- og fjarskiptafyrirtæki er mikil kostur
- Innsýn í þau viðfangsefni sem fyrirtæki og einstaklingar á frumstigum reksturs standa frammi fyrir
- Góð íslensku- og enskukunnátta sem og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Hæfni til að koma fram fyrir hönd félagsins

Leitað er að jákvæðum, reglusömum starfsmanni sem á auðvelt með að vinna með öðrum.

Mikil áhersla er lögð á að viðkomandi hafi góða þekkingu og reynslu sem nýtist fyrirtækjum í ólíkum atvinnugreinum á frumstigum reksturs, þó að sértæk reynsla af einni atvinnugrein geti líka verið kostur. Viðkomandi þarf að búa yfir hæfni til að vinna með ólíkum einstaklingum með ólíkar hugmyndir um rekstur og uppbyggingu fyrirtækja.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Landsnet stýrir rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku. Til flutningskerfis Landsnets teljast allar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri, auk nokkurra 33 kV lína. Landsnet annast jafnframt kerfisstjórn og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öflugra liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki í örum vexti.

FÆRNI OG FRUMKVÆÐI

Landsnet óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra í Eignastýringardeild.

Starfssvið

- Verkefnisstjórn við hönnun, byggingu og undirbúning háspennulína og tengivirkja
- Umsjón og eftirlit með framvindu verkefna, framvinduskýrslur og skilamat
- Uppsetning verkefnis- og gæðaskipulags
- Undirbúningur og gerð framkvæmda, kostnaðar- og greiðsluáætlana, eftirlit með framkvæmd slíkra áætlana
- Samskipti við hlutaðeigandi aðila innan sem utan fyrirtækisins
- Útboðsgerð og undirbúningur verksamninga og samningsviðauka, eftirlit með framkvæmd og uppgjöri samninga

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tækni- eða verkfræðimenntun
- Minnst 5 ára starfsreynsla við verkefnisstjórnun
- Frumkvæði, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Hæfileiki til að tjá sig í töluðu og rituðu máli

Eignastýringardeild hefur yfirumsjón með eignastýringu Landsnets og tryggir þannig heildarsýn yfir fjárfestingar og rekstur flutningsvirkja og fasteigna. Deildin greinir uppbyggingarþörf, skilgreinir hönnunarforsendur, mótir stefnu fyrir fjárfestingar-, endurnýjunar- og viðhaldsstefnu flutningsvirkja Landsnets. Deildin ber ábyrgð á hönnun, gerð útboðsgagna og byggingu flutningsvirkja, ásamt mati á viðhalds- og sérverkefnum.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Markmið og hlutverk Bauhaus eru skýr. Bauhaus er fyrst og fremst öflugt verslunar- og þjónustufyrirtæki. Hlutverk Bauhaus er að sjá fólki og fyrirtækjum fyrir góðum vörum á hagstæðu verði með hagkvæmni og ánægju þeirra að leiðarljósi. Leið viðskiptavinnanna inn í hjarta Bauhaus er styttri en áður hefur þekkt á þessum markaði.

Bauhaus hefur vaxið ört með því að bjóða gæðavörur á lægra verði með góðri og persónulegri þjónustu þar sem viðskiptavinurinn er alltaf í fyrirrúmi. Saga fyrirtækisins er því góður grunnur sem Bauhaus mun byggja á.

Bauhaus er ein af stærstu verslanakeðjum á byggingasviði í Evrópu. Bauhaus rekur 190 verslanir í 12 Evrópulöndum. Verslanirnar vinna eftir „allt undir einu þaki“ hugmyndafræðinni og bjóða því upp á gríðarlegt vöruúrval. Hjá Bauhaus finna fagmenn sem leikmenn bæði stórt og smátt.

Fjölbreyttur hópur óskast til starfa í stórverslun Bauhaus á Íslandi.

Verslunin er deildaskipt, með verkfæra-, festinga- og málningadeild, ljósa- og rafmagnsdeild, hreinlætis- og pípulagnadeild, timbur- og gólfefnadeild, garðdeild og innréttingadeild. **Nú vantar okkur lagermenn, aðstoðarfólk og starfsfólk á kassa.**

Starfsfólk á kassa

Starfssvið

- Afgreiðsla viðskiptavina

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Rík þjónustulund
- Sjálfstæði í starfi
- Öguð vinnubrögð

Aðstoðarfólk

Starfssvið

- Raða í hillur
- Taka til
- Sópa bílastæði
- Tiltekt í hillum

Hæfniskröfur:

- Sjálfstæði í starfi
- Öguð vinnubrögð

Lagermenn

Starfssvið:

- Móttaka og talning á vörum sem teknar eru inn í verslunina
- Setja vörur í hillur
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntun og hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Geta til að vinna sjálfstætt
- Gott líkamlegt atgervi er nauðsynlegt

Nánari upplýsingar veita:

Ari Eyberg, ari@hagvangur.is

Björn H. Reynisson, bjorn@hagvangur.is

Lynne segir frá því að Britney hafi fyrst neytt áfengis þrettán ára gömul, skömmu eftir að hún gekk til liðs við Mickey Mouse Club-sjónvarpsþáttinn á Disney-stöðinni. Ári eftir það mun Britney

Lynne kveðst þá harma þá ákvörðun að leyfa umbodsmönnum að taka stjórnina á ferli Britneyeyjar og leyfa að dóttir hennar væri markaðssett sem einhvers konar kynlífsleikfang í myndböndum á borð við Baby One More Time. Hún sjáifka eftir því að leyfa Britney að stunda kynlíf með þáverandi kærasta sínum, Justin Timberlake, en halda því fram opinberlega að hún væri hrein mey. „Lynne hélt að Britney væri ástfangin og að Justin væri

góður fyrir hana,“ segir vinur fjölskyldunnar.

Britney hefur gefið lítið út um væntanlega bók móður sinnar en setur í staðinn stefnuna á að standa sig á VMA-verðlaunahátíðinni sem fram fer í Los Angeles annað kvöld. Hún mun opna hátíðina ásamt kynningnum Russell Brand, en á meðal þeirra sem þar munu koma fram er fyrrverandi samstarfskona Britneyeyjar úr Mickey Mouse Club, Christina Aguilera mun syngja á hátíðinni og kynna nýtt lag og væntanlega Best of-plötu sína.

NÝTT Í BÍÓ!

STEP BROTHERS
FRÁ SNILLINGUNUM SEM FÆRDU OKKUR TALLADEGÁNIGHTS

GRÍSIRNIR ÞRÍR
Frábæra teiknimynd fyrir alla fjölskylduna með íslensku tali.

TROPIC THUNDER
FRÁ BEN STILLER KEMUR EIN KLUKKASTA GRIMMYND ARSINS!

MAMMA MIA!
Langstærsta mynd ársins 2008
90.000 manns.

SVEITABRÚDKAUP
Hjól klassíka ævintýri um grísina þrjá og úlfinn í nýrri og skemmtilegri útfærslu.

MAKE IT HAPPEN
HÖRÐU DANCINGUÐ HÉLDU HÍNA SÖMHEITU MARIJA ELIZABETH WINSTEDD FULLT AF FLOTTUM LÖGUM Í MYNDINI M.A. HÍD VINSALA LAG "JUST DANCE"

THE STRANGERS

SMÁRA BÍÓ	HÁSKÓLABÍÓ	BORGAR BÍÓ
STEP BROTHERS	kl. 1-3:15-5:45-8-10:15	7
STEP BROTHERS LÚXUS	kl. 1-3:15-5:45-8-10:15	7
TROPIC THUNDER	kl. 5:30-8-10:30	16
MAKE IT HAPPEN	kl. 1-4-6-8-10:10	L
MAMMA MIA	kl. 1-3-5:30-8-10:30	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 1-3	L
WALL-E	kl. 1-3	L
THE ROCKER	kl. 8-10:20	7
X-FILES	kl. 8	16
SKRAPP ÚT	kl. 4-6-8-10	12
THE STRANGERS	kl. 10:20	16
GRÍSIRNIR 3	kl. 4-6	L
HÁVERULEIKI	kl. 4-6	L

TILBOÐSVERÐ

KL. 3.40 BORGAR BÍÓ
KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ
KL. 1 SMÁRABÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ

KL. 3.20 & 4.40 BORGAR BÍÓ

SparBíó 550kr

laugardag og sunnudag

WALL-E með íslensku tali kl. 1:30 í Álfabakka kl. 1:30 í Kringlunni kl. 2 Akureyri, kl. 1:30 í Keflavík og kl. 1:30 á Selfossi

STAR WARS kl. 1:30 í Álfabakka kl. 1:40 í Kringlunni kl. kl. 2 á Ak.

KUNG FU PANDA ísl. tali kl. 1:30 í Álfabakka kl. 1:30 í Kringlunni

GET SMART kl. 1:30 í Álfabakka

MUMMY 3 kl. 1:30 í Álfabakka

Nýtt í bíó

STEP BROTHERS

GRÍSIRNIR ÞRÍR

TROPIC THUNDER

500 kr. í bíó! Glíðir á allar sýningar merktar með rauðri!

SÝNINGARTÍMAR	12
STEP BROTHERS	kl. 2, 4, 6, 8 og 10
GRÍSIRNIR ÞRÍR - ISL. TAL	kl. 2 og 4
TROPIC THUNDER	kl. 6, 8 og 10:15
MAMMA MIA	kl. 2, 4, 6 og 9

Ódýrt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus

því eru kannski fullorðin, en hafa samt ekkert þroskati.

KL. 5:30 KL. 2

KL. 5:30 KL. 2

500 kr. á fyrstu sýningar dagsins

Sígilt íslenskt popp

Geirfuglarnir hafa verið starfandi síðan 1991, en Árni Bergmann er þeirra fjórða plata. Áður hafa komið út Drit (1998), Byrjaðu í dag að elska (1999) og Tímafiskurinn (2001). Tónlistin á Árna Bergmann er popp í sigildum stíl. Textarnir eru mikilvægir, þeir eru allir á íslensku og margir skemmtilegir.

Platan byrjar vel. Heavy Metal Queen er fínn poppslagari, Næstsíðasti geirfuglinn eftir Valgeir Guðjónsson er ekta léttur rokk-smellur í anda höfundarins. Byrjunin á laginu og fílingurinn minnir á Dylan-lagið All Along the Watchtower. Þriðja lagið Hraðar og það fjórða, Af hverju? eru líka mjög flott og Ekkert grín vinnur á.

Það eru fjórtán lög á Árna Bergmann og platan missir aðeins flugið eftir því sem líður á hana. Það eru samt fínir hlutir inn á milli bæði í laga- og textagerð, útsetningum og spilamennsku. Geirfuglarnir nota raddir, strengjavél og aukahljóðfæri eins og mandólin og harmonikkunni af smekkvísi. Söngurinn kemur líka ágætlega út í þessu samhengi þó að þeir félagar séu ekki neindir stórsöngvarar.

Fyrir utan fyrstu fimm lögin eru lögin Allt sem við áttum og Ekkert mál í upphaldi hjá mér, það fyrra er afar vel heppnuð lítil poppperla og það síðarnefnda einkennist af hressandi gítarleik.

Það er ekki hægt að tala um Árna Bergmann án þess að minnst á nafnið og umslagið. Umslagið



TÓNLIST

Árni Bergmann

Geirfuglarnir

★★★

Þó að lögin séu svolítið misjöfn að gæðum og hér sé ekki verið að finna upp hjólið þá stendur Árni Bergmann vel fyrir sínu sem sigild popplata með finum íslenskum textum.

er unnið upp úr bókarkápuinni á Geirfuglumum eftir Árna frá 1982. Frábær hugmynd og hönnunin stendur vel fyrir sínu.

Á heildina titið er þetta ágæt plata. Eins og fyrr segir er hún í sigildum poppstíl og nær þess vegna kannski ekki að verða mjög spennandi tónlistarlega. Maður gapir ekki yfir ferskleikanum, enda varla tilgangurinn. Lögin eru svolítið misjöfn að gæðum, en platan stendur samt vel fyrir sínu sem sigild íslensk popplata með finum textum.

Trausti Júlíusson

Kosið um áhorfendaverðlaun

Íslenskir kvikmyndaáhugamenn geta nú í fyrsta sinn kosið um áhorfendaverðlaun Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna sem verða afhent í 21. sinn í Kaupmannahöfn 6. desember. Fréttablaðið er stuðningsaðili kvikmyndaverðlaunanna en þetta verður í fyrsta sinn sem verðlaunahátíðin er haldin á Norðurlöndunum.


Á vefsíðunni Vísir.is getur fólk valið bestu evrópsku myndina og stendur kosningin yfir til 31. október. Hægt verður að velja úr tólf kvikmyndum sem voru sýndar í að minnsta kosti þremur löndum Evrópu síðasta árið.

Upphafsmáður Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna var sænski

leikstjórinn Ingmar Bergman en núverandi formaður er Þjóðverjinn Wim Wenders sem hefur leikstýrt myndum á borð við París Texas, Himininn yfir Berlín og heimildarmyndina Buena Vista Social Club.

Þess má geta að Rúnar Rúnarsson er tilnefndur til kvikmyndaverðlaunanna fyrir stuttmynd sína Smáfuglar, sem tekur einnig þátt í forvali fyrir Óskarsverðlaunin sem verða afhent í vor.

INGMAR BERGMAN Sænski leikstjórinn, sem lést á síðasta ári, er upphafsmaður Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna sem verða afhent í Kaupmannahöfn 6. desember.



Jafnréttisþing í Mosfellsbæ

18. september 2008

Dagskrá:

Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar stendur fyrir jafnréttisþingi sem haldið verður í Hlégarði í Mosfellsbæ fimmtudaginn 18. september 2008. Þingið er haldið til heiðurs Helgu J. Magnúsdóttur í samvinnu við Kvenfélagsamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands. Helga fæddist 18. september 1906, en bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt að fæðingardagur hennar verði árlegur jafnréttisdagur í bæjarfélaginu. Á þessu ári eru 50 ár síðan Helga settist fyrst kvenna í stól oddvita í Mosfellsbæ. Hún lét meðal annars málefni kvenna sig varða, var formaður Kvenfélagsambands Gullbringu- og Kjósarsýslu 1948-1966, formaður Kvenfélags Lágafellssóknar 1951-1964, í varastjórn Kvenfélagsambands Íslands 1953 síðan í aðalstjórn þess og formaður 1963-1977.

- 13:00 Setning, Jóhanna B. Magnúsdóttir formaður fjölskyldunefndar.
 13:10 Ávarp, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar.
 13:20 Hver var Helga J. Magnúsdóttir? Salóme Þorkelsdóttir fyrrverandi hreppsnefndarmaður í Mosfellsbæ, alþingismaður og forseti Alþingis.
 13:40 Bökum betra samfélag. Er j í kvenfélag? Sigurlaug Viborg forseti Kvenfélagsambands Íslands.
 14:00 Áhrif kvenna í sveitarstjórn: Guðrún Helga Brynleifsdóttir bæjarfulltrúi Seltjarnarness.

Fyrirspurnir

- 14:20 Kaffi
 14:40 Hlutdeild kvenna í sveitarstjórnunum: Auður Styrkarsdóttir forstöðumaður Kvennasögusafns Íslands.
 15:00 Konur í verkum Halldórs Laxness: Dagný Kristjánsdóttir prófessor.
 15:20 Fyrirspurnir og umræður
 15:30 Afhending jafnréttisviðurkenningar Mosfellsbæjar
 15:40 -17:00 Móttaka í boði Mosfellsbæjar

Námskeiðsgjald kr. 3.500,-

Þátttaka tilkynnist í þjónustuver Mosfellsbæjar s. 525 6700 eða á netfangið mos@mos.is

Kanye snýr aftur

Kanye West fór ekki leynt með óánægju sína á MTV-tónlistarmyndbandaverðlaunahátíðinni í fyrra, þegar hann vann ekki þann fjölda verðlauna sem hann hafði búist við. Auk þess var hann mjög ósáttur við hve atriði hans fór fram á litlu sviði og í kjölfarið sagðist hann aldrei ætla að mæta aftur á umrædda verðlaunahátíð. Svo virðist þó sem honum sé runnin reiðin því hann hefur nú boðað komu sína á MTV-verðlaunahátíðina sem fer fram í kvöld. Þar mun hann koma fram, en atriði hans verður lokaatriði kvöldins. Óljóst er hvers vegna Kanye skipti um skoðun, en háar greiðslur fyrir tónlistaratriði hans hafa ef til vill átt hlut í máli.

SKIPTI UM SKOÐUN Kanye West ætlað að koma fram á MTV-verðlaunahátíðinni þrátt fyrir óánægju sína eftir hátíðina í fyrra.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 7. september

→ Tónleikar

20.00 TÍBRÁ

tónleikaröð Salarins í Kópavogi Sérstakir hátíðartónleikar þar sem Kristín Jónína Taylor píanóleikari flytur verk Þorkels Sigurbjörnssonar tónskálds. Salurinn, Hamraborg 6, Kópavogi.



→ Sýningar

Helgi K. Pálsson innanhúsarkitekt sýnir handgerða leikfangabíla á skórinni hjá Handverki og Hönnun, Aðalstræti 10. Sýningin stendur til 17. september og er opin alla virka daga frá kl. 9-18, fimmtudaga til kl. 22 og um helgar frá 12-17.

→ Uppboð

19.00 Galleri Fold gengst fyrir listmunauppboði á sunnudagskvöld í Súlnasal Hótel Sögu. Skoða má verkin á www.myndlist.is.

→ Myndlist

14.00 Vatnsberi Sýning á vatns-litamyndum ellefu listamanna. Í dag mun Aðalsteinn Ingólfsson sýningarstjóri vera með leiðsögn um sýninguna. Ásmundarsafn, Sigtúni.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

FYRIRLESARAR:

PHIL WERDELL M.A., er stofnandi ACORN. Hann er þekktur og viðurkenndur sem leiðtogi og brautryðjandi í málefnum tengdum offitu, mataríkn og átröskunum í Bandaríkjunum. Hann hefur unnið sem fagaðili með þúsundum offitusjúklinga, sem stjórnandi meðferðaráætlanar fyrir mataríkn hjá Glenbeigh geðsjúkrahúsinu í Tampa, Florida og meðferðaráætlunar fyrir átröskunarsjúklinga á göngudeild Radar stofnunarinnar í Washington.

Werdell hefur starfað sem stjórnandi og kennari við fjölmarga háskóla í Bandaríkjunum. Hann er einnig höfundur "Food Addiction: Beyond Ordinary Eating Disorders" auk fjölda annarra greina og rita um mataríkn.



MARY FOUSHI er meðstofnandi og stjórnandi ACORN. Hún er CENSPS (Trained Relapse Prevention Specialist) og löggiltur leiðbeinandi fyrir Zenger-Miller þjálfunaraðferðina. Hún er þekkt um gjörvöll Bandaríkin sem fyrirlesari ásamt því að vera stjórnandi og leiðbeinandi á námskeiðum fyrir þá sem eiga við mataríkn og átraskanir að stríða. Hún er ritstjóri "News from ACORN" auk annars efnis og fyrirlestra hjá ACORN og meðhöfundur "Food Addiction Recovery: A New Model of Professional Support".

Faraldur eða leti?

● Offita, stærsti heilbrigðisvandi nútímans

MFM Miðstöðin, ACORN Food Dependency Recovery Services og Háskólinn á Bifröst standa fyrir námskeiði fyrir fagfólk um offitu, mataríkn og átraskanir.

Tekið verður á spurningum eins og hver stefnumótun stjórnvalda eigi að vera, hvaða meðferðarráðgjafi séu í boði og hvort taka meggi á vandanum í viðara samhengi en hingað til hefur verið gert.

Bandarísku sérfræðingarnir Phil Werdell og Mary Foushi miðla af áratuga reynslu sinni á þessu sviði.

Námskeiðið verður haldið að Háskólanum á Bifröst 17. september nk. frá kl. 9.30 - 17.00.

17. september
KL. 9.30 - 17.00

Allar nánari upplýsingar fást hjá Esther Helgu Guðmundsdóttur: esther@mataríkn.is, sími 568 3868. Skráning hjá Maríu Einarsdóttur, ráðstefnufulltrúa hjá Bifröst: bifrost@bifrost.is, sími: 433 3000.



MFM MIÐSTÖÐIN
Meðferðar- og fræðslumiðstöð
vegna mataríknar og átraskanar



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

> Logi skoraði tíu mörk

Logi Geirsson skoraði tíu mörk, þar af fimm úr vítaköstum, er Lemgo lagði Stralsunder, 33-24, í þýska handboltanum í gær. Logi nýtti öll vítaköst sín í leiknum og byrjar sjóðheiter eftir Ólympíuleikana. Vignir Svavarsson skoraði eitt mark fyrir Lemgo en það var fyrsta mark hans fyrir félagið. Róbert Gunnarsson skoraði fjögur mörk fyrir Gummersbach sem vann góðan sigur á Nordhorn, 32-30. Alfreð Gíslason og lærisveinar hans í Kiel komust síðan á sigurbraut er Kiel lagði Balingen, 30-24, þar sem Stefan Lövgren skoraði ellefu mörk.



sport
sport@frettabladid.is

KVENNALIÐ VALS Í KNATTSPYRNU: Í FRÁBÆRU FORMI OG RÚLLUÐU UPP SALA FRÁ SLÓVAKÍU Í GÆR

Teljum okkur eiga að vinna þessa leiki

Valstelpur halda áfram að gera það gott í Evrópukeppni félagsliða en í gær unnu þær sinn annan leik í riðlakeppninni. Mótherjinn að þessu sinni var slóvakíska liðið Sala og það reyndist engin fyrstaða fyrir sprækur Valstelpur sem unnu öruggan stórsigur, 6-2. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði þrennu fyrir Val og þær Málfríður Erna Sigurðardóttir, Kristín Ýr Bjarnadóttir og Sif Atladóttir bættu við hinum mörkunum.

„Við höfðum séð þær spila áður og þær voru í raun mun skipulagðari gegn okkur en við áttum von á. Voru með sex eða sjö stelpur í vörninni og því frekar erfitt að brjóta þær niður. Svo þegar fyrsta markið kom var eftirleikurinn auðveldari. Það eru ágætis leikmenn í þessu liði en allar ellefu kannski ekki allar nógu góðar,“ sagði Katrín Jónsdóttir, fyrirliði Valsliðsins, sem var einna svekkst með að liðið hefði fengið á sig tvö mörk í leiknum.

„Mér fannst við betri á móti Cardiff. Það var 34 stiga hiti núna og það hafði áhrif. Það var erfitt að hlaupa og nokkur þreyta undir lokin en ekkert alvarlegt.“


Katrín segir að aðstæður í Slóvakíu séu alveg ágætari en hún er sjálf ýmsu vön eftir mörg ár í boltanum. Helst sé þó hægt að kvarta yfir því að það sé engin loftkæling í herbergjunum.

„Þetta er fínt. Það er hægt að borða matinn og sofa í rúmunum.“

Þetta er þó ekkert lúxushótel. Æfingavöllurinn mætti reyndar vera aðeins betri en keppnisvöllurinn er finn. Við höfum það fínt og viljum ekki kvarta of mikið. Það er reyndar óheyrilega heitt á herbergjunum þar sem það vantar loftkælinguna. Við sofum því bara með sængurverin. Ég hef farið í margar ferðir og upplifað margt verra en þetta,“ sagði Katrín létt.

Lokaleikur Valsliðsins í keppninni er á þriðjudaginn gegn Holon frá Ísrael og Katrín segir að Valsliðið eigi að klára það dæmi og fara taplaust í gegnum riðillinn.

„Ef við spilum okkar leik þá eigum við að vinna. Við ætlum okkur að vinna þennan leik enda teljum við okkur vera með töluvert betra lið. Takmarkið var að fara í gegnum þennan riðil og það hefur ekkert breyst,“ sagði Katrín Jónsdóttir.



FABREGAS Hefur engan áhuga á Man. City.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Cesc Fabregas:

Sjálfsmorð að fara til City

FÓTBOLTI Spænski miðjumaðurinn Cesc Fabregas hjá Arsenal segir að það væri sjálfsmorð fyrir ferilinn að ganga í raðir Manchester City.

Fabregas er ein af fjölmörgum stórstjörnum sem hafa verið orðaðar við City síðan arabarnir ríku keyptu félagið.

Fabregas segist alls ekki hafa í hyggju að yfirgefa herbúðir Arsenal og hvað þá til þess að ganga í raðir City.

„Það væri alveg glórlaust hjá mér að fara 21 árs gamall til City,“ sagði Fabregas.

Á meðal annarra leikmanna sem sagðir eru vera í skotlínunni hjá City eru Fernando Torres og Cristiano Ronaldo en forráðamenn City hafa gefið í skyn að þeir væru tilbúnir að greiða 135 milljónir punda fyrir þjónustu Portúgalans.

Hætti með trega að þjálfar liðið

Vanda Sigurgeirsdóttir segir það hafa verið erfiða en óhjákvæmilega ákvörðun að hætta að þjálfar kvennalið Breiðabliks eftir aðeins eitt ár í starfi. Hún er á leiðinni til Ítalíu í nám í upphafi næsta árs.

FÓTBOLTI Það verða enn og aftur þjálfaraskipti hjá kvennaliði Breiðabliks eftir tímabilið þar sem Vanda Sigurgeirsdóttir mun láta af þjálfun liðsins en hún tók við fyrir þetta sumar og stoppaði stutt við í Kópavoginum að þessu sinni. Vanda segir erfitt að labba út frá þessum skemmtilega hópi en aðstæður hafi gert það að verkum að hún átti ekki annarra kosta vól.

„Ég er í doktorsnámi í tólmstundafræðum og er á leið utan til Ítalíu eftir áramót. Í þessu námi þarf að vera eina önn í erlendum háskóla. Ég er lektor og þá getur maður fengið rannsóknarleyfi sem ég hef fengið og ég er á leið í þetta leyfi núna og fjölskyldan kemur með mér. Þegar ég tók við Blikaliðinu hafði ég fengið þetta rannsóknarleyfi sem ég þá færði aðeins en það er ekkert hægt að fresta þessu lengur. Ég varð því að kýla á þetta núna,“ sagði Vanda en hún segir stelpurnar hafa sýnt ákvörðun hennar skilning.

„Það er með miklum trega sem ég hætti að þjálfar þetta lið og finnst það mjög leiðinlegt. Það hefur verið ofboðslega gaman að þjálfar þennan hóp og leiðinlegt að vera ekki með þeim áfram. Þetta eru það skemmtilegar stelpur. Þess vegna er þetta erfið ákvörðun



Á FÖRUM Vanda Sigurgeirsdóttir stýrir kvennaliði Breiðabliks í síðasta skipti um næsta helgi. Hún segir það mjög leiðinlegt að þurfa að hætta að þjálfar liðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

en að sama skapi óhjákvæmileg,“ sagði Vanda.

Hún er búsett á Sauðárkróki en hefur verið í bænum í sumar út af þjálfarastarfinu. Hún starfar þess utan við Háskóla Íslands þar sem hún kennir í fjarnámi. Aðstoðarmaður hennar, Jóhannes Karl, sá því um æfingar fram í

maí þegar hún kom í bæinn.

„Það var líka orðið of mikið að vera í þessu öllu þrennu – að þjálfar, vera í fullri vinnu sem og í doktorsnámi. Þjálfun er meiri vinna en margur gerir sér grein fyrir,“ sagði Vanda sem segist þó ekki vera hætt að þjálfar. „Ég vil alls ekkert útiloka að ég sé hætt að

þjálfar. Mér finnst mjög gaman að þjálfar og sérstaklega þegar maður er með svona góðan hóp og í sumar. Reyndar hef ég verið mjög heppin með þá hópina sem ég hef þjálfað í gegnum tíðina. Svo er mun skemmtilegra að þjálfar núna þar sem aðstæður hafa batnað svona mikið. Nú getur maður stoppað æfingar án þess að allir drepist úr kulda,“ sagði Vanda.

EKKI liggur fyrir hver muni taka við af Vöndu sem aðalþjálfari Blikaliðsins en Vanda segir Blikana ætla að taka sér tíma í að finna rétta manninn.

„Blikarnir eru að vinna í málinu og ætla að vanda sig. Ég bind vonir við að Jóhannes Karl verði áfram í kringum hópinn en við höfum unnið mikið og vel saman. Það hafa verið tíð þjálfaraskipti hjá þessum stelpum og vonandi er hægt að halda áfram með það sem við höfum verið að vinna með. Jóhannes er þess utan góður þjálfari.“

Ég segi að það sé spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan þjálfara að taka við þessu liði því ef Blikar halda þessum mannskap verður liðið illviðráðanlegt á næstu árum,“ sagði Vanda Sigurgeirsdóttir, sem stýrir Blikum í síðasta skipti um næstu helgi.

henry@frettabladid.is

HEYRNARÞJÓNUSTAN

HEYRN



Í góðra vina hópi njótum við þess að ...

heyra allt skýrt

skynja allt rétt

upplifa lífsins gildi

Samefling gerir gæfumuninn

Nýju ReSound Ziga heyrnartækin eru sameflð þannig að þau skila meiru en nemur samanlagðri virkni þáttanna sem í þeim eru.

Með Ziga geturðu vænst þess að heyra á notalegan og eðlilegan hátt vegna þess að þau hafa framúrskarandi hljóðgæði, eru mjög þægileg og hraðvirk og með mikla aðlögun að þörfum notandans.

Fáðu ReSound Ziga til reynslu í nokkra daga, nánari upplýsingar á www.heyrn.is

Byrjaðu sem fyrst að njóta sameflingar! Tímamantanir 534-9600

Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is



TIL HAMRANNA? Slaven Bilic er sterklega orðaður við West Ham. NORDIC PHOTOS/GETTY

West Ham leitar að arftaka Alans Curbishley:

Fimm eða sex stjórnar koma til greina

FÓTBOLTI Scott Duxbury, framkvæmdastjóri West Ham, sagði við breska fjölmiðla í gær að leitinn að nýjum stjórn West Ham væri á ágætis róli og að félagið beindi nú sjónum sínum að fimm eða sex knattspyrnustjórn.

Eins og kunnugt er hefur Alan Curbishley sagt starfi sínu lausu eftir ósætti við stjórn og eigendur félagsins en Curbishley líkaði ekki starfsaðferðir þeirra.

Þeir sem helst eru taldir koma til greina í starfið eru Slaven Bilic, Gerard Houllier, Roberto Mancini, Roberto Donadoni, Morten Olsen og Gianfranco Zola. Ekki

einn Engendingur á þessum lista. Duxbury staðfesti að starfsviðtöl myndu fara fram á næstu dögum en vildi ekkert gefa upp um öfn þeirra manna sem félagið ætlaði sér að ræða við.

„Viðtölin eru í gangi og við erum með okkar lista. Það munu fara fram viðtöl um helgina,“ sagði Duxbury.

Eini einstaklingurinn sem hefur sóst eftir starfinu opinberlega er Ítalinn Paolo Di Canio sem lék með liðinu á árum áður við góðan oróttir. Hann er ekki talinn líklegur til að hreppa hnosið.

- hbq



KÁTUR Lewis Hamilton var ánægður með aksturinn sinn í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Lewis Hamilton á ráspól í Belgíu í dag:

Aldrei liðið svona vel

FORMÚLA 1 Bretinn Lewis Hamilton verður á ráspól í belgíska kappakstrinum í dag. Hamilton „stal“ ráspólnum af aðalkeppinaut sínum, Felipe Massa, á elleftu stundu í gær. Heikki Kovalainen er síðan þriðji og Kimi Räikkönen fjórði. Nick Heidfeld náði fimmta besta tímanum og Fernando Alonso þeim sjötta.

Þetta er fimmti ráspóll Hamiltons á tímabilinu og sá ell efti á ferlinum. Hann leiðir keppni ökumanna með sex stiga mun og var mjög glaðbeittur á blaðamannafundi eftir að hafa náð ráspólnum dýrmæta í gær.

„Liðið gerði engin mistök og ég gerði engin mistök. Mér líður frábærlega,“ sagði Hamilton og brosti í kampinn. Eftir að hafa komið frá Valencia var mér og

okkur ljóst að það var verk að vinna. Mér hefur aldrei liðið svona vel og er að berjast við að halda aftur af brosinu. Þetta verður hörkukeppni og ekkert unnið þó svo að við höfum landað besta tím-anum að þessu sinni.“

Felipe Massa var yfirburðamaður á æfingum á föstudeginum og mætti því til leiks með sjálfs-trausti í botni í gær en náði ekki að keyra á sama hraða og Hamilton.

„Við vitum ekkert hvað McLaren er að setja af bensíni á bílana sína en þeir eru greinilega gríðarlega sterkir. Þetta verður löng keppni og það skiptir miklu máli að byrja fremst. Vonandi náum við okkar besta í sjálfri keppninni,“ sagði Massa.

- hbg

Glannatilboð!

Skemmtilegar dagsferðir fyrir fyrirtæki og hópa

Rúta, golf og glæsilegt hlaðborð á Hraunsnefi

Upplýsingar og pantanir í síma **899 2694**



Golfvöllurinn Glanni

ein af þrumum Borgarfjarðar á bókum Norðrar, við fossinn Glanni



Arsenal ferðir í haust



Úrval Útsýn býður upp á ferðir á alla heimaleiki Arsenal í haust. Miðarnir á völinn eru í hinum stórglæsilegu Club Level sætum og innifela 3 rétta máltíð fyrir leik ásamt drykkjum, sem og drykkjum í hálfleik og aðgang að Club Level stofum eftir leikinn. Allar ferðirnar miðast við 3 náttu gistingu og er flogið með Icelandair í áætlanarflugi til London. Hægt er að stytta eða lengja ferðir eftir hag hvers og eins, enda er ekki flugvallarakstur eða fararstjórn innifalinn í verði. Verðið miðast við 3 náttu gistingu á 4 stjörnu hóteli í miðborg London, flugflugvallarskatta og miða á völinn og er á mann í tvíbýli.

Ferðirnar fram að áramótum eru sem hér segir

Arsenal v Hull	27. september	94.500 kr. Laust
Arsenal v Everton	18. október	99.500 kr. Nokkur sæti laus
Arsenal v Tottenham	29. október	84.500 kr.
<i>(ath. eingöngu gisting í eina nótt, enda leikurinn í miðri viku)</i>		
Arsenal v Man.Utd	8. nóvember	119.500 kr. Uppselt
Arsenal v A.Villa	15. nóvember	99.500 kr. Laust
Arsenal v Wigan	6. desember	99.500 kr. Laust
Arsenal v Liverpool	20. desember	119.500 kr. Nokkur sæti laus

Bókanir og nánari upplýsingar á www.uu.is eða með því að senda tölvupóst á tonsport@uu.is



kostnaðaráætlun

frumkvæði

árangursmat

markaðssetning

nýnæmis mat

framkvæmdaáætlun

verkefnislýsing



Átak til atvinnusköpunar:

Ert þú með snjalla nýsköpunarhugmynd?

Iðnaðarráðuneyti auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefnum Átak til atvinnusköpunar.

Átak til atvinnusköpunar veitir styrki til smærri verkefna og verkefna sem leitt geta til nýsköpunar.

Umsóknir og fylgigögn

Allar umsóknir skulu færðar á umsóknareyðublað fánleg á vefsíðu *Impru*, www.impra.is. Þar skal eftirfarandi koma fram:

- Markmið verkefnisins.
- Lýsing á verkefnum, greining á nýnæmi þess og áætlaður árangur (afurð).
- Styrkir og önnur fyrirgreiðsla sem áður hefur verið veitt til verkefnisins.
- Kostnaðaráætlun og tímaáætlun fyrir verkefnið.
- Áætlanir um sölu eða markaðssetningu.

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað eru á vefsíðu Impru www.impra.is og á netfanginu hb@nmi.is. Umsóknarfrestur er til 26. september 2008.

Umsóknum, merktum *Átaki til atvinnusköpunar*, skal skilað á framangreindum eyðublaðum á netfangið atak@nmi.is eða í pósti til:

Impra
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Keldnaholti, 112 Reykjavík



Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

Gengur þú með viðskiptahugmynd?

Vinumálastofnun/Félagsmálaráðuneyti auglýsir styrki til atvinnumála kvenna vegna ársins 2008

Átt þú í fórum þér góða viðskiptahugmynd sem fellur að eftirfarandi atriðum?

- Verkefnið sé í eigu konu/kvenna og stjórnað af konu
- Verkefnið feli í sér atvinnusköpun til frambúðar
- Verkefnið feli í sér nýnæmi eða nýsköpun
- Viðskiptahugmynd sé vel útfærð

Heildarjánhæð styrkja að þessu sinni er 50.milljónir og er umsóknarfrestur til 28.sept.

Kynningarfundir um styrkina og þjónustu við konur sem hyggja á atvinnurekstur verða á eftirtöldum stöðum;

Blönduósi, Akureyri, Húsavík, Reyðarfirði, Höfn í Hornafirði, Reykjavík, Hvolsvelli, Reykjanesbæ, Borgarnesi, Patreksfirði og Ísafirði.

Fundirnir verða auglýstir nánar á hverjum stað.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar á heimasíðunni

www.atvinnumalkvenna.is





DAPURT Lærissveinar George Burley í skoska landsliðinu þóttu arfaslakir í Skopje í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Mótherjar Íslands:

Makedónar lögðu Skota

FÓTBOLTI Skotar ollu miklum vonbrigðum í opunarleik sínum í 9. riðli í undankeppni HM. Þeir töpuðu úti gegn Makedónum, 1-0, og þóttu úrslitin sanngjörn. Það var Naumoski sem skoraði eina mark leiksins á 5. mínútu en bæði þessi lið eru í riðli Íslands.

George Burley, landsliðsþjálfari Skota, lét tapið ekki slá sig út af laginu og virtist ekki alveg vera sammála því að hans menn hefðu verið daprir í leiknum.

„Mér fannst við vera frábærir í síðari hálfleik,“ sagði Burley bjartsýnn. „Annars er ég eðlilega vonsvikinn með úrslitin í leiknum en við sýndum hugrekki, anda og gæði og liðið átti meira skilið en ekkert úr þessum leik.“

Skotar fara nú til Íslands og mæta Íslendingum á Laugardalsvelli á miðvikudag.

„Við sýndum í þessum leik að við getum vel sótt stig á útivelli og ætlum okkur stig í Reykjavík,“ sagði Burley.

Sá dýrasti í sögu enska boltans

Brasilumaðurinn Robinho varð dýrasti leikmaðurinn í sögu ensku knattspyrnunnar þegar hann gekk óvænt í raðir Manchester City. Robinho er fyrsta púslíð í meistaraliði hinna arabísku eigenda félagsins.

FÓTBOLTI Robson de Souza, betur þekktur sem Robinho, varð á dögnum dýrasti leikmaður enska boltans þegar Manchester City pungaði út 32,5 milljónum punda fyrir Brasilíumanninn knáa.

Hinn 24 ára gamli Robinho ólst upp í fátækrahverfinu Parque Bitaru í útjaðri Santos í Brasilíu og byrjaði snemma að spila fótbolta. Hann var aðeins níu ára gamall þegar hann sló í gegn á Futsal-móti og fór í framhaldinu að æfa með unglingsliði stórliðsins Santos, sem var þá undir stjórn godsagnarinnar Pelé.

Robinho skrifaði undir fyrsta atvinnumannasamning sinn við Santos þegar hann var átján ára gamall og keppnistímabilið 2002-2003 lék hann 24 leiki með liðinu og skoraði níu mörk. Hann var í kjölfarið valinn í brasilíska landsliðið og hefur leikið með því allar götur síðan.

Fyrir keppnistímabilið 2004-2005 var hann farinn að draga að sér mikla athygli frá stærstu félögum í Evrópu en Santos vildi ekki selja hann. Brasilíska félagið gat þó ekki haldið aftur af stórliði Real Madrid, sem keypti hann á tæplega tuttugu milljónir punda í júlí árið 2005.

Robinho skoraði átta mörk á sinni fyrstu

leiktíð tímabilið 2005-6 með Real Madrid en tímabilið 2006-7 lenti hann upp á kant við knattspyrnustjórnann Fabio Capello og varð að sætta sig við að sitja á varamannabekknunum löngum stundum. Hann endaði þó leiktíðina vel og átti sinn þátt í að Real Madrid varð spænskur meistari.

Robinho fór á kostum hjá Real Madrid tímabilið 2007-2008 undir stjórn Þjóðverjans Bernd Schuster skoraði ellefu mörk fyrir félagið, sem varði spænska titilinn eftir harða samkeppni við Villarreal og Barcelona.

Ósætti við forráðamenn Real Madrid

Eftir tímabilið 2007-2008 varð Robinho sterklega orðaður við félagsskipti til Chelsea þar sem fyrrverandi landsliðsþjálfari hans hjá Brasilíu, Luiz Felipe Scolari, var kominn við stjórnvölinn. Robinho taldi til nokkrar ástæður fyrir því af hverju hann vildi yfirgefa herþúðir Real Madrid í nýlegu viðtali.

„Forráðamenn vildu ekki halda nógu mikið í mig til þess að ég væri sannfærður um að vera áfram. Þeir reyndu meðal annars að nota mig í skiptum fyrir Cristiano Ronaldo, leikmann Manchester United. Þar sem þeir vildu ekki treysta á mig sá ég enga framtíð hjá félaginu. Það særði mig líka mjög mikið þegar Ramon Calderon, forseti Real Madrid, vildi ekki leyfamér að leika á Ólympíuleikunum. Ég grét þegar

hann bannaði mér það, ég grét ekki til þess að fá að fara frá félaginu,“ segir Robinho.

Chelsea varð hins vegar að sætta sig við að missa Robinho í hendurnar á Manchester City á lokadegi félagsskiptaguggans. Robinho var gagnrýndur hvívetna fyrir að velja City og þar á meðal af brasilíska goðinu Pelé, en Robinho svaraði því fullum hálsi.

„Ég tek gagnrýni Pelé að sjálfsgöðu til greina þar sem hann er konungur knattspyrnunnar en ég held samt að

hann myndi gera nákvæmlega það sama ef hann væri í mínum sporum.

Það hjálpaði mér líka að taka ákvörðunina að ég þekki

bæði Jó og Elano, leikmenn City, sem hvöttu mig ein-

dreigið til þess að ganga til liðs við félagið,“ segir

Robinho.

Það verður forvitnilegt að fylgjast með Robinho reyna að skapa sér nafn í enska boltanum en til þess þarf hann heldur betur að standa undir nafni. Sem allra dýrasti leikmaður í sögu enska boltans.

omar@frettabladid.is



DÝRASTUR Augu margra verða á Brasilíumanninum Robinho hjá Man. City í vetur.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Dýrustu leikmennirnir

Topp 10 í ensku úrvalsdeildinni:

1. Robinho (Man. City)	£32,5m
2. D. Berbatov (Man. Utd)	£30,75m
3. A. Shevchenko (Chelsea)	£30m
4. R. Ferdinand (Man. Utd)	£29,1m
5. J. S. Veron (Man. Utd.)	£28,1m
6. M. Essien (Chelsea)	£24,43m
7. D. Drogha (Chelsea)	£24m
8. W. Rooney (Man. Utd.)	£23m
9. Wright-Phillips (Chelsea)	£21m
10. F. Torres (Liverpool)	£20m

Það er um fátt annað rætt á Englandi þessa dagana en innkomu olíufurstanna frá Arabíu í ensku knattspyrnuna:

Nýr eigandi City er svar araba við Donald Trump

FÓTBOLTI Dr. Sulaiman Al-Fahim og fjárfestingarfélagið Abu Dhabi United Group hefur komið eins og stormsveipur inn í ensku úrvalsdeildina með yfirtöku sinni á Manchester City.

Dr. Sulaiman Al-Fahim heitir þrjátíu og eins ára gamall milljarðamæringur frá Sameinuðu arabísku furstadæmum sem fer fyrir fjárfestingarfélaginu Abu Dhabi United Group (ADUG) er keypti á dögnum ráðandi eignarhlut í enska úrvalsdeildarfélaginu Manchester City.

Al-Fahim á sjálfur bakgrunn í fasteignabraski sem hann hefur stundað með miklum móð frá átján ára aldri og auðgast mjög við það. Hann er nú stjórnarformaður í ört vaxandi fasteignaveldinu Hydra sem á eignir bæði í Abu Dhabi og Dubai jafnt og utan Sameinuðu arabísku furstadæmanna.

Það sem gerir fjárfestingarfélagið ADUG hins vegar eins völdugt og raun ber vitni eru tengsl þess inn í konungsfjölskylduna í Abu Dhabi, ríkasta af furstadæmnum sjö.

Breskir fjölmiðlar voru fljótir að líkja Al-Fahim við Roman Abramovitsj, hinn rússneska eiganda Chelsea, en sannleikurinn er fjarri sanni. Fjárhagslegur slagkraftur Al-Fahim og fjárfestingarfélagsins ADUG er sagður vera allt að því tíu sinnum meiri en hjá Abramovitsj.

Al-Fahim, sem hefur verið kallaður svar araba við Donald Trump, er allt annað en hlédrægur og kann vel við sig í sviðsljósinu. Hann stýrir sínum eigin

raunveruleikaþætti, sem er ekki ólíkur bandaríska þættinum The Apprentice með Trump, og hefur sést á forsýningum og veislum með þekktar Hollywood-skvísur á borð við Pamelu Anderson og Demi Moore upp á arminn.

Hann er enn fremur yfirlýsingaglaður með afbrigðum og hefur nú þegar, eftir nokkurra daga setu við stjórnvölinn hjá City, gert enskum fjölmiðlum

STÓRHUGA Dr. Sulaiman Al-Fahim ætlar að gera Manchester City að stærsta félagi heims. Talið er að hann muni kaupa fjölda manna fyrir áður óséðar upphæðir í boltanum.

NORDIC PHOTOS/GETTY

sem og knattspyrnustjórnarmark Hughes markmið sín ljós.

„Markmið okkar eru ósköp einföld. Við ætlum að gera Manchester City að stærsta félagi í ensku úrvalsdeildinni. Við verðum að eyða miklum peningum til þess að fá bestu leikmenn heims til City því leikmannahópurinn er fjarri því að vera nógu sterkur eins og er.

Nú eru peningarnir hins vegar til staðar og það má gera ráð fyrir því að bestu leikmenn heims kosti að meðaltali þrjátíu milljónir punda hver um sig. Ætli við þurfum ekki að minnsta kosti eina átján slíka. Þá fyrst getum við talað um að vinna meistaradeild Evrópu,“ sagði Al-Fahim í nýlegu viðtali við dagblaðið Daily Mirror og verður áhugavert að sjá hvort hann eyði 540 milljónum punda í nýja leikmenn.

- 6p



Grunnnámskeið Flugumferðarstjóra

Námskeiðið hefst 6. október og lýkur um miðjan febrúar.

Umsóknarfrestur er til 14. september. Allar nánari upplýsingar á www.flugskoli.is

Flugskóli Íslands er hluti af Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Tækniskólinn er nýr framsækinn framhaldsskóli sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og lánskólans í Reykjavík.

Flugskóli Íslands
Tækniskólinn

www.flugskoli.is




Rósa Pétursdóttir
löggr. fasteignasali
Reykjavík



Linda B. Stefánsd.
löggr. fasteignasali
Reykjavík

SÖLUSÝNING

Í dag kl. 12:00-16:00



270 Kjós.

Verð 27 millj.
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað Fallegt útsýni og gróin lóð.

Sumarhús við Meðalfellsvatn

Einstaklega fallegt heilsárskúshús að Flekkudalsvegi 15 við Meðalfellsvatn. Húsið stendur nálægt vatninu, mikið og fallegt útsýni yfir vatnið. Stór pallur með heitum potti. Kamína í stofu. Allt innbú getur fylgt með í kaupnum.

Elsa Þorólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



SÖLUSÝNING

Í dag kl. 16:00-16:30



200 Kópavogur

Verð 64,9 millj.
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað Glæsileg eign

Álfhólsvegur 133A

Glæsilegt 6 herbergja einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Útgengi er frá stofu og sjónvarpsherbergi á pall og þaðan út í suður garð. Mjög snyrtileg aðkoma og fallegur garður. Eign sem vert er að skoða

Elsa Þorólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



SÖLUSÝNING

Í dag kl. 16:00-16:30



109 Reykjavík

Verð 45,9 millj.
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað Endaraðhús.

Bakkasel 31

Fallegt endaraðhús á göðum stað í Breiðholti. Fimm svefnherbergi, rúmgóð stofa með parket á gólf með útgengi út á svalir. Kjallarinn er rúmgóður og auðvelt að breyta í sér íbúð. Mikið og fallegt útsýni. Eign sem vert er að skoða.

Elsa Þorólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



SÖLUSÝNING

Í dag kl. 14:00-14:30



112 Grafarvogur

Verð 51,9 millj.
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað Parhús á einni hæð.

Barðastaðir 47

Glæsilegt og einstaklega vandað parhús á einni hæð með bílskúr á besta stað í Grafarvogi. Útgengi út á stóran og skjólgeðan pall út frá stofu með frábæru útsýni. Hiti í stétt og bílplani. Sjón er sögu ríkari.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100



SÖLUSÝNING

Í dag kl. 15:00-15:30



105 Reykjavík

Verð 4
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað 106,3 fm 1950

Drápuhlíð 27

Einstaklega sjarmerandi efrí-sérhæð með sérinnangangi. Íbúðin sem skiptist í 2 stofur, 2 herbergi, hol, eldhús og baðherbergi er öll upprunaleg og þarfnast viðhalds. Stofur og herbergi eru mjög rúmgóð sem og eldhús. Sjón er sögu ríkari.

Linda B. Stefánsd.
löggr. fasteignasali



SÖLUSÝNING

Í dag kl. 17:00-17:30



200 Kópavogur

Verð 4
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað 137,2 fm 1997 Bílskúr

Gnípuheiði 1

Rúmgóð og vel skipulögð íbúð með sér inngangi og bílskúr. Frábært útsýni er úr íbúðinni. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Þvottahús innan íbúðar. Sólskáli út frá eldhúsi. Suður svalir. Stutt í alla almenna þjónustu skóla, leikskóla.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100



SÖLUSÝNING

Í dag kl. 14:00-14:30



107 Reykjavík

Verð 4
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað 98,8 fm 1956 Góð staðsetning.

Hjarðarhagi 28

Einstaklega fallegt heilsárskúshús að Flekkudalsvegi 15 við Meðalfellsvatn. Húsið stendur nálægt vatninu, mikið og fallegt útsýni yfir vatnið. Stór pallur með heitum potti. Kamína í stofu. Allt innbú getur fylgt með í kaupnum.

Elsa Þorólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



SÖLUSÝNING

Í dag kl. 17:00-17:30



201 Kópavogur

Verð 31,9 millj.
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað 4 119,4 fm 2003 Endaíbúð

Hlynsalir 5-7

Vel skipulögð og falleg eign í salahlverfi í Kópavogi í nýlegri lyftublokk. Sérinnangangur af svölum ásamt stæði í bílageymslu. Fallegar eikarinnréttingar á baðherbergi og eldhúsi. Eikarparket á gólfum. Frábært útsýni.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100



SÖLUSÝNING

Í dag kl. 16:00-16:30



201 Kópavogur

Verð 37,9 millj.
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað 4 149 fm 1997 Bílskúr

Kópalind 12

Rúmgóð og vel skipulögð íbúð með sér inngangi og bílskúr innst í botnlanga. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Vestur svalir með góðu útsýni. Gengið inn beint frá götu. Stutt í alla almenna þjónustu skóla, leikskóla.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100



SÖLUSÝNING

Í dag kl. 16:00-16:30



105 Reykjavík

Verð 3
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað 77,7 fm 1950 Fjórbyli

Langholtsvegur 136

Falleg og tölvvert endurnýjuð 3ja herb risibúð. Íbúðin er skráð 77,7 fm en er tölvvert stærri þar sem stórt risloft er ekki skráð inni í fm. Eldhús með nýrri innrét. og flisum á gólf. Fallegt plastparket. Baðherbergi flisalagt. Ris panelklætt.

Linda B. Stefánsd.
löggr. fasteignasali



SÖLUSÝNING

Í dag kl. 14:00-14:30



107 Reykjavík

Verð 3
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað 86,7 fm 1943 Einbýlishús.

Lágholtsvegur 15

Fallegt einbýlishús á besta stað í vesturbæ Reykjavíkur með frábæru útsýni. Eignin skiptist í gang, eldhús, baðh., stofu, borðst. og tvö herb. Húsið er klætt að utan með Steniplötum. Bílskúr. Miklir möguleikar, frábær staðsetning.

Elsa Þorólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



SÖLUSÝNING

Í dag kl. 15:00-15:30



101 Reykjavík

Verð 29,5 millj.
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað 4 94,1 fm 1944 Frábær staðsetning.

Sólvallagata 41

Virkilega falleg og vel skipulögð eign á 1. hæð á göðum stað. Eldhúsið er með sérhannaðri innréttingu með innbyggðum ísskáp og uppþvottavél. Parket á gólfum nema gangi, eldhúsi og baðherbergi en þar eru flisar á gólfum.

Elsa Þorólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



SÖLUSÝNING

Í dag kl. 15:00-15:30



111 Reykjavík

Verð 15,5 millj.
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað 2 55,1 fm 1978

Spóahólar 14

Þjört og falleg 2ja herb íbúð á 3. hæð í litlu fjórbyli. Húsið ný viðgert og málað að utan. Snyrtileg sameign. Stutt í alla almenna þjónustu og fallegt útvistasvæði í göngufærri.

Halldór Jensson
viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100



SÖLUSÝNING

Í dag kl. 17:00-17:30



201 Kópavogur

Verð 31,4 millj.
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað 4 124,1 fm 2001 Frábær staðsetning.

Jötunsalir 2 - Bjalla 303

Þjört og vel skipulögð íbúð á 3 hæð ásamt stæði í bílageymslu í góðu lyftuhúsi. Allar innréttingar úr Kirsuberjavíð. Fallegt eikarparket á gólfum. Rúmgóð herbergi. Eign sem vert er að skoða.

Elsa Þorólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



SÖLUSÝNING

Í dag kl. 17:00-17:30



201 Kópavogur

Verð 25,7 millj.
Fjöldi herb. Stærð Byggingarár Annað 3 99,7 fm 2001 Lækkað verð.

Jötunsalir 2 - Bjalla 301

Rúmgóð og vel skipulögð íbúð ásamt stæði í bílageymslu í góðu lyftuhúsi. Frábær staðsetning í Kópavogi stutt í alla almenna þjónustu skóla, leikskóla og sundlaug. Herbergin og stofan eru mjög rúmgóð með eikarparketi á gólf.

Elsa Þorólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013





FRÁBÆR ENDURKOMNA Heiðar skoraði og fiskaði svo aukaspjryna sem síðara mark Íslands kom úr. NORDIC PHOTOS/AFP

Heiðar Helguson:

Alvöru karakter

FÓTBOLTI Heiðar Helguson var ekki lengi að finna mark andstæðinganna eftir rúmlega tveggja ára fjarveru frá landsliðinu.

„Ég er mjög ánægður með að vera kominn aftur í landsliðið og við sýndum alvöru karakter í leiknum. Hann hefur svo sem alltaf verið til staðar í hópnum og liðinu en við höfum ekki alltaf verið að sýna hann inni á vellinum. Við gerðum það núna og getum byggt á því,“ segir Heiðar, sem varar þó við því að menn tapi sér í gleðinni strax.

„Við verðum náttúrliga að sýna áfram leik af þessu tagi og byggja á þessum leik, því ef við náum ekki að halda áfram á sömu braut gegn Skotum hefur þetta jafntefli gegn Norðmönnum litla merkingu,“ segir Heiðar.

Kjartan Sturluson:

Sáttur við sína frammistöðu

FÓTBOLTI Kjartan Sturluson var virkilega sáttur með frammistöðu íslenska liðsins í gær.

„Það var mikivægt að ná strax í stig í riðlinum og heildarframmistöða liðsins var mjög góð,“ segir Kjartan, sem var úti á tóni í öðru marki Norðmanna.

„Það er alltaf hægt að gera eitthvað betur. Það voru einhver útspörk sem fóru ekki þangað sem ég vildi að þau færu og hitt og þetta, en ég er í heildina mjög sáttur með mína frammistöðu,“ segir Kjartan.



1-0 Steffen Iversen, víti (36.)

1-1 Heiðar Helguson (39.)

2-1 Steffen Iversen (50.)

2-2 Eiður Smári Guðjohnsen (69.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	15-16 (4-3)
Varin skot	Rune 1 – Kjartan 2
Horn	4-2
Aukaspjrynur fengnar	13-11
Rangstöður	2-1

EINKUNNIR ÍSLENSKU LEIKMANNANNA

BYRJUNARLIÐIÐ

Kjartan Sturluson markvörður	5
Hefði átt að gera betur í öðru marki Norðmanna en greip vel inn í á lokamínútunum.	
Grétar Rafn Steinsson, hægri bakvörður	7
Fékk á sig ódýrt víti en var fyrir utan það mjög öruggur og skilaði góðum leik.	
Kristján Örn Sigurðsson miðvörður	9
Hélt Carew nær alveg niðri og steig varla feilspor í leiknum. Ósérhlífinn og bjargaði oft á tíðum á ögur-stundu.	
Hermann Hreiðarsson miðvörður	8
Las leikinn vel, var baráttuglaður og stjórnaði vörninni eins og herforingi.	
Bjarni Ólafur Eiríksson, vinstri bakvörður	6
Varðist vel á köflum í leiknum og skilaði boltanum ágætlega frá sér.	
Birkir Már Sævarsson, hægri kantur	8
var öruggur á boltanum, varðist vel og var óþreytandi í hlaupum sínum upp kantinn.	
Stefán Gíslason, tengiliður	6
Fann sig ágætlega á sínum gamla heimavelli, sérstaklega í síðari hálfleik.	
Aron Einar Gunnarsson, tengiliður	6
Virkaði stressaður framan af leik og tapaði boltanum í tvígang á hættulegum stöðum. En vann sig vel inn í leikinn og komst ágætlega frá sínu.	
Eiður Smári Guðjohnsen sóknartengiliður	8
Skoraði gull af marki og lét vel til sín taka á köflum í leiknum.	
Emil Hallfreðsson, vinstri kantur	7
Var mjög líffegur þegar hann fékk boltann og átti góða stoðsendingu á Heiðar í fyrsta marki Íslands.	
Heiðar Helguson, sóknarmaður	8
Baráttuglaður að vanda og vann vel úr þeim boltum sem bárust til hans.	

INN AF BEKKNUM

68. mín., Pálmi Rafn Pálmason fyrir Aron Einar	6
Vann vel fyrir liðið og náði að lifga upp á sóknarleikinn með góðum sendingum.	
74. mín., Guðmundur Steinarsson fyrir Emil	-
85 mín., Veigar Páll Gunnarsson fyrir Heiðar	-

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari var ánægður með stigið sem Ísland sótti á Ullevaal-leikvanginn í gær: Dugnaðurinn og viljinn var til fyrirmyndar

FÓTBOLTI Ólafur var einkar léttur í bragði eftir leikinn gegn Norðmönnum í gær og augljóslega í skjýjunum með jafnteflið.

„Það er frábært að koma tvisvar sinnum til baka og ná í eitt stig á erfiðum útivelli. Dugnaðurinn og viljinn í mönnum var til fyrirmyndar. Mér fannst við reyndar falla aðeins of mikið til baka á köflum í leiknum en að öðru leyti var þetta fínt,“ segir Ólafur.

Ólafur kvæð fátt hafa komið sér á óvart í leik norska liðsins.

„Við komum vel undirbúnir til leiks og þeir komu okkur ekki á nokkurn hátt á óvart. Við vorum alveg klárir á því hvernig þeir

myndu spila. Varnarleikur okkar var mjög sannfærandi í leiknum og þar áttu allir góðan leik. En það er líka ýmislegt sem þarf að laga í okkar leik og við þurfum að fara yfir það fyrir næsta leik,“ segir Ólafur.

Ólafur viðurkennir að það sé mikill léttir að vera kominn strax á blað í riðlinum.

„Það er mjög þægilegt að við séum strax komnir með stig, svo ekki sé talað um að leikurinn hafi verið á útivelli. Ég sagði fyrir leikinn að ég yrði himinlifandi með eitt stig og það gekk sem betur fer upp. Við vorum líka nær því að vinna leikinn en þeir ef við tókum

marktækifærið þegar Veigar Páll átti skot í stöng.“

Nú er stutt í næsta verkefni Íslands, leik gegn Skotum á Laugardalsvelli, og Ólafur telur að það verði enn erfiðara en að mæta Norðmönnum.

„Skotar eru að mínu mati með betra lið en Norðmenn þannig að okkar bíður mjög erfiður leikur. En með sama vilja og sama hugarfari og við sýndum gegn Noregi getum við gert ýmislegt gegn Skotlandi,“ segir Ólafur.

LÉTTUR OG KÁTUR Það lá vel á Ólafi Jóhannessyni landsliðsþjálfara eftir leikinn í gær. NORDIC PHOTOS/AFP



Frábært stig hjá Íslandi í Osló

Íslendingar sóttu mikilvægt stig á útivelli gegn Norðmönnum í fyrsta leik liðanna í undankeppni HM 2010. Baráttuglaðir Íslendingar gáfust aldrei upp og komu tvisvar til baka eftir að hafa lent undir í leiknum.

FÓTBOLTI Dagskipun landsliðsþjálfarans Ólafs Jóhannessonar á Ullevaal-leikvanginum var svo að heita einföld; halda markinu hreinu eins lengi og unnt er og nýta þau sóknarfæri sem liðinu byðust. Það gekk að mestu leyti eftir þar sem Íslendingar náðu jafntefli, 2-2, gegn Norðmönnum sem voru fyrir leikinn taldir mun sigurstranglegri.

Íslenska liðið mætti ákveðið til leiks og Emil Hallfreðsson náði góðri rispu upp vinstri kantinn strax á 2. mínútu. Í framhaldi af því voru Norðmenn þó meira með boltann, eins og við var að búast, en íslenska liðið var hreyfanlegt, lokaði svæðum vel og gaf fá færi á sér.

Helsta sóknarvopn Norðmanna var háar sendingar inn á vítateig Íslendinga og liðið leitaði mjög að Steffen Iversen, sem átti greinilega að flikka boltanum á þá John Carew og Thorstein Helstad. Fyrsta alvöru færi Noregs kom einmitt upp úr slíkri samvinnu; Iversen kom boltanum á Carew inn fyrir íslensku vörnina en skot Carews hitti ekki markið. Íslensku varnarmennirnir voru annars vel á tánum sem lýsir sér kannski best í því að fyrsta skot Norðmanna á íslenska markið kom ekki fyrr en eftir rúmar tuttugu og fimm mínútur.

Á móti kemur að sóknarþungi Íslands var vart teljanlegur en menn reyndu að sækja hratt fram þegar við átti eins og upp var lagt fyrir leikinn.

Það dró til tíðinda á 36. mínútu þegar enn ein langa sendingin kom inn á vítateig Íslands, ætluð Thorstein Helstad í það skiptið. Hann gerði sig líklegan til þess að taka við boltanum en Grétar Rafn



STIGI FAGNAÐ Markaskorarar Íslands – Eiður Smári og Heiðar Helguson – fagna hér á Ullevaal-leikvanginum í gær ásamt Birki Má Sævarssyni. NORDIC PHOTOS/AFP

Steinsson tók helst til of hressilega og hélt honum í heljargreipum og dómarrinn sá sig tilneyddan til þess að dæma vítaspjrynu.

Lítið við því að segja og Iversen fór á vítapunktinn, sendi Kjartan í vitlaust horn og skoraði af öruggi við gríðarleg fagnaðarlæti á Ullevaal og gríðarlegan létti Norðmanna inni á vellinum.

Það hefði verið auðvelt fyrir íslenska liðið að detta niður við mótlætið en það var ekki á dagskránni. Íslendingar fengu aukaspjrynu á vallahelmingi Norðmanna stuttu síðar. Emil tók spjrynu og hitti beint á kollinn á Heiðari Helgusyni, sem skallaði boltann í netið og jafnaði leikinn, 1-1 og þannig stóðu leikar þegar

flautað var til hálfleiks.

Byrjunin á síðari hálfleik var ekki það sem íslenska liðið þurfti. Fredrik Winsnes átti háa sendingu inn á teiginn þar sem Iversen vann skallaevingið við Bjarna Ólaf Eiríksson og kom boltanum í netið, 2-1. Markið hlýtur hins vegar að skrifast að stórum hluta á Kjartan í markinu, sem hikaði í úthlaupinu og var herfilega staðsettur þegar fremur laus skallinn kom á markið.

Norðmenn tvíefldust við markið og virkuðu líklegir til þess að bæta við marki. Það kom því skemmtilega á óvart þegar Íslendingar jöfnuðu leikinn á 69. mínútu. Brotið var á Heiðari og aukaspjryna dæmd rétt fyrir utan vítateigs Norðmanna. Eiður Smári mætti á vettvang og gjörsamlega klíndi boltunum í markhornið hægra megin, óverjandi fyrir Rune Jarstein í markinu. Glæsilegt mark og leikar jafnir á ný.

Íslendingar komust svo gremjulega nálægt því að komast yfir í leiknum á 86. mínútu þegar varamaðurinn Veigar Páll Gunnarsson átti skot í stöng úr sinni fyrstu snertingu eftir góðan undirbúning Eiðs Smára.

Sóknaraðgerðir Norðmanna fjöruðu svo út hver af annarri uns dómarrinn flautaði til leiksloka. Niðurstaðan 2-2 jafntefli og Íslendingar geta vel við unað með að komast strax á blað í riðlinum. Leikur liðsins gefur fögur fyrirheit upp á framhaldið að gera í riðlinum.



NOREGUR-ÍSLAND
ÓMAR ÞORGEIRSSON
skrifar frá Osló
omar@frettabladid.is

Hermann Hreiðarsson fyrirlíði segir samvinnu liðsins hafa skilað stigi:

Ég veit vel hvað býr í þessu liði

FÓTBOLTI Hermann Hreiðarsson átti finan leik gegn Norðmönnum í gær og stýrði varnarleik íslenska liðsins með sóma.

„Þetta var hörkuframmistöða hjá öllu liðinu og þetta var flott stig. Það sýnir gríðarlegan karakter að koma til baka í tvígang og karakterinn kemur mér ekkert á óvart, þar sem ég veit alveg hvað býr í liðinu. En það er alltaf gaman að sýna það líka inni á vellinum,“ segir Hermann.

Hermann kvæð íslenska liðið samt ekki hafa unnið neitt enn.

„Það var kominn tími á að við næðum að sýna almennilega hvað í okkur býr og mér fannst við vera að ná því að vissu leyti. En við unnum náttúrliga ekki leikinn og höfum ekki unnið neitt ennþá. Jafnteflið ætti hins vegar að gefa okkur sjálfstraust upp á framhaldið að gera. Og það sem mér fannst vera jákvæðast og standa upp úr er að við vorum að gera þetta fyrir



BARÁTTA Birkir Már Sævarsson er hér í baráttunni við John Arne Riise. Birkir átti finan leik líkt og flestir íslensku leikmannanna. NORDIC PHOTOS/AFP

hvorn annan og vinna saman sem lið. Menn geta því sofið vært í

nótt,“ segir Hermann Hreiðarsson.

Eiður Smári segir ekkert nema jákvætt við það að ná stigi gegn Norðmönnum:

Kominn tími til sýna smá trú

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen skoraði jöfnunarmark Íslands í gærkvöld og var vitanlega sáttur með markið.

„Ég bara smellhitti boltann. Það hjálpaði líka til að það var mikið af mannskap fyrir boltanum og markvörður Norðmanna tók eitt skref í vitlausu átt þar sem hann átti eflaust von á því að ég myndi reyna að skrúfa boltann yfir vegginn. Það var gaman að sjá boltann liggja í netinu,“ sagði Eiður Smári.

Eiður kvað tíma til kominn að íslenska liðið næði að sýna sitt rétta andlit.

„Að koma á Ulleval og ná jafn-

tefli er ekkert nema jákvætt og það sem stendur upp úr hvað við sýndum mikinn karakter. Við börðumst vel og baráttugleðin er að sjálfsögðu það sem á að einkenna íslenska landsliðið og við náðum að sýna það og uppskárur samkvæmt því.

Það var kominn tími á að liðið sýndi hvað í því býr og sýndi smá trú því það er fullt af góðum knattspyrnumönnum í liðinu. Það gefur manni líka mikið þegar það gengur eftir,“ sagði Eiður Smári.

Eiður Smári telur að jafnteflið sé klárlega eitthvað til að byggja á fyrir íslenska liðið.

„Það er kannski erfitt að segja

að leikskipulag okkar hafi gengið hundrað prósent upp en þetta er klárlega eitthvað sem við þurfum að byggja á. Við náðum að nýta ágætlega svæðin á vellinum sem þeir skildu eftir og með smá heppni hefðum við jafnvel getað rænt öllum stigunum.

Ég sagði það fyrir leikinn gegn Norðmönnum að það væri mjög mikilvægt fyrir okkur að ná einhverju út úr þeim leik til þess að byggja á upp á framhaldið. Við náðum því svo sannarlega þannig að menn geta horft björtum augum fram á veginn,“ sagði Eiður Smári Guðjohnsen að lokum.



STERKUR Eiður Smári stóð sig vel í stöðu framliggjandi miðjumanns og skoraði síðan gull af marki.

NORDIC PHOTOS/AFP

ÚRSLIT

Undankeppni HM 2010

1. riðill	
Albanía-Svíþjóð	0-0
Ungverjaland-Danmörk	0-0
Malta-Portúgal	0-4
- Almeida, Simao, Nani, sjálfsmark.	
2. riðill	
Moldavía-Lettland	1-2
Ísrael-Sviss	2-2
Lúxemborg-Grikkland	0-3
3. riðill	
Pólland-Slóvenía	1-1
Slóvakía-Norður-Írland	2-1
Skrtel, Hamsyk - Durica, sjm.	
4. riðill	
Wales-Aserbaidsjan	1-0
Vokes (83.).	
Liechtenstein-Þýskaland	0-6
- Podolski 2, Rolfes, Schweinsteiger, Hitzlsperger, Wetsermann.	
5. riðill	
Armenía-Tyrkland	0-2
- Sanli, Senturk.	
Belgía-Eistland	3-2
Spánn-Bosnía	1-0
David Villa.	
6. riðill	
Úkraína-Hvíta Rússland	1-0
Shevchenko, víti (90.).	
Andorra-England	0-2
- Joe Cole 2.	
Krótía-Kasakstan	3-0
R. Kovac, Modric, Petric.	
7. riðill	
Rúmenía-Litháen	0-3
- Stankevicius, Mikollunas, Kalonas.	
Serbía-Færeyjar	2-0
Zigic, sjálfsmark hjá Rógva Jacobsen.	
Austurríki-Frakkland	3-1
Janko, Ivanschitz, sjálfsmark - Govou.	
8. riðill	
Georgía-Írland	1-2
Kenia - Doyle, Whelan.	
Svartfjallaland-Búlgaría	2-2
Vucinic, Juvetic - Petrov, Georgiev.	
Kýpur-Ítalía	1-2
Aloneftis - Natale 2 (seinna á 90. mín).	
9. riðill	
Makedónía-Skotland	1-0
Naumoski (5.).	
Noregur-Ísland	2-2
Steffen Iversen 2 - Heiðar Helguson, Eiður Smári Guðjohnsen.	



PÁLÍNA GUNNLAUGSDÓTTIR Atkvæðamest í Dublin.

Kvinnalandsliðið í körfu:

Tap gegn Írum

KÖRFUBOLTI Íslenska kvinnalandsliðið tapaði fyrir Írum, 68-59, í Dublin í gær en leikurinn var liður í B-deild Evrópukeppinnar.

Íslenska liðið leiddi lengstum en slæmur endakafli varð því að falli. Pálína Gunnlaugsdóttir var stíghæst með 15 stig og Helena Sværrisdóttir kom næst með 12 stig.

- hbg

Skráðu þig í netklúbbinn - VITAferðir.is

Brekkurnar bíða þín á Ítalíu

Beint morgunflug með Icelandair til Verona í vetur

24. og 31. janúar og 7., 14., 21. og 28. febrúar.

Madonna di Campiglio og Canazei **NÝTT!**

Njóttu lífsins í feður itölsku Alpanna. Fylltu lungun af fersku fjallalofti áður en þú svifur niður brekkurnar með roða í kinnum af mjallhvítu fjöri og sól.

Verð frá **109.995 kr.** og 15.000 Vildarpunktur

á mann í þrúbíli, 2 fullorðnir og 1 barn, í 7 nætur, með hálfu fæði, á Hotel Grazia Plaza, brottför 24. jan. Almennt verð: 119.995 kr.

Berid saman verð og gæði

Fararstjórar: Anna og Einar

Vildarklúbbur

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktur fyrir allar keyptar ferðir í leigufugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.



VITA er í eigu Icelandair Group og flýgur með Icelandair á vit ævintýrana.

VITA er lífið

vita
FERÐIR

VITA | Skútvogi 13a | Sími 570 4444

> Vince Vaughn

„Ég hafði aldrei heyrt um að fólk mætti óboðið í brúðkaup en einn framleiðenda myndarinnar gerði þetta víst þegar hann var yngri svo segja má að myndin sé byggð á sönnun atburðum,“ segir Vaughn um myndina *Wedding Crashers* sem hann leikur í og sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON GÆTI VERIÐ SKOTIN Í NIGELLU

Prýstinn barmur og endalausar súkkulaðitertur

Ég er algjör „sökker“ á matarþætti ýmiss konar og finnst sérstaklega mikil snilld þegar sjónvarpsmögularnir finna upp á því að sýna slíkt efni fyrir klukkan hálf átta á kvöldin. Þá slefar maður yfir kræsingnum á skjánum, hendist út í Nóatún, eyðir helling í ferskar fikjur og hráskinku og liggur svo í alsælu það sem eftir er kvöldsins.

Englendingarnir Jamie Oliver og Nigella Lawson eru auðvitað í miklu upphaldi hjá mér eins og flestum Íslendingum enda hafa þau hrifandi sjónvarpsframkomu, afslappað fas og elda nokkuð einfalda rétti sem auðvelt er að töfra fram fyrir vini og vandamenn. Til að bæta málin enn frekar gefa þau bæði út kokkabækur sem eiga fastan sess á flestum heimilum. Smáfólkið á mínu heimili er sérstaklega hrifnið af Nigellu Lawson sem lifur um eldhúsið og dýfir fallega snyrtum nögglum í súkkulaði-deig og sætindi og gusar út úr sér nautnalega fallettri „posh“ ensku.

Sonur minn sex ára virðist reyndar vera algerlega hugfanginn af dömuni enda ekki skrytið, svona sæt með dökkt sitt hár, móðurlegan



vöxt og þar að auki alltaf að baka kökur. Ég er viss um að ef ég væri samkynhneigð væri ég líka gríðarlega skotin í gellunni. Það bráðvantar eiginlega íslenska sjónvarpskokka. Eftir að Siggi Hall hætti að hella rauðvíni í sósur á skjánum hefur lítið birst af viti og ég bið spennt eftir að sjá íslenskar útgáfur af Jamie og Nigellu, eða hvers vegna ekki að skella Nönnu Rögnvaldar í stúdíó?

Um daginn skemmti ég mér við að horfa á nýjasta þátt Olivers þar sem hann er með nokkra

kokka í læri sem keppast um að taka við rekstri enskrar kráar.

Jamie var að halda upp á afmælið sitt á sveitabyli sínu og þema dagsins var Woodstock. Þetta er algerlega málið fyrir næstu stórveislu hugsaði ég, setja á sig hárkollu og klæðast hippafötum, hlusta á Hendrix, borða rækjur og vera hress. Því matur er sennilega ekki bara matur, hann er auðvitað heill lífsstíll út af fyrir sig, og á þeim knappa hálf tíma sem sjónvarpskockarnir eru á skjánum lætur maður sig dreyma einmitt um einhvern nýjan slíkan endurbættan lífsstíl.

EKKI MISSA AF



19.00 BMW Championship mótíð, lokadagur STÖÐ 2 SPORT



20.00 Women's Murder Club STÖÐ 2



20.10 út og suður SJÓNVARPIÐ



21.00 Law & Order: SVU SKJÁR EINN



21.10 Happy Hour STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstudningur okkar í næturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Ný skólinn keisarans, Sígdalr teiknimyndir, Finni kostur, Fræknir ferðalangar, Lára og Sigga ligga lá.

11.00 Ungi kokkurinn (e)

12.30 Silfur Egils

13.45 Danskeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2008 (e)

16.05 Kraftaverk í móðurkviði (e)

17.20 Tákn málsfréttir

17.30 Ég trúí á stjörnu (e)

17.45 Skoppa og Skríttla út um hvippinn og hvappinn (9:12) (e)

18.00 Stundin okkar (e)

18.30 Þýsi er ennþá á sjó (e)

19.00 Fréttir

19.35 Veður

19.40 Hr. Sigurbjörn Einarsson biskup - Minning Sýnd verða Brot úr sjónvarpsupptökum með herra Sigurbirni frá árunum 1966 til 2008.

20.10 Út og suður Gísli Einarsson heilsar uppá forvitnilegt fólk.

20.40 Frelsisþrá (Tropiques amers) (5:6) Franskur myndaflokkur frá 2006.

21.35 Tvíburasystur (De Tweeling) Holensk verðlaunamynd frá 2002 byggð á metsölubók eftir Tessu de Loo. Þetta er þroskasaga tvíburasystra sem eru aðskildar eftir lát foreldra þeirra í Þýskalandi 1926. Önnur þeirra flyst til frændfólks í Hollandi og fær góðan aðbúnað en hin elst upp á kotbyli í Þýskalandi og býr við þröngan kost.

23.50 Silfur Egils (e)

01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ

08.00 The Greatest Game Ever Played

10.00 Failure to Launch

12.00 Wedding Crashers

14.00 Annapolis

16.00 The Greatest Game Ever Played

18.00 Failure to Launch

20.00 Wedding Crashers Gamanmynd með Owen Wilson og Vince Vaughn í aðalhlverkum.

22.00 The Wool Cap

00.00 Movern Callar

02.00 Palindromes

04.00 The Wool Cap

06.00 Mean Creek

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Ofurhundurinn Krypto og Gulla og grænjaxlamir.

08.05 Algjör Sveppi Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum skemmtilegar teiknimyndir með íslensku tali.

09.35 Könnuðurinn Dóra

10.00 Stóra teiknimyndastundin

10.20 Bratz

10.40 Ævintýri Juniper Lee

11.05 Stuðboltastelpurnar

11.30 Latibær (4:18)

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Neighbours

12.50 Neighbours

13.10 Neighbours

13.30 Neighbours

13.50 Neighbours

14.15 Chuck (1:13)

15.00 Creature Comforts (7:7)

15.25 Monk (12:16)

16.10 Beauty and The Geek (7:13)

16.55 60 minutes

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.49 Íþróttir

18.55 Veður

19.10 Jamie's Chef (3:4) Jamie Oliver aðstoðar lærisveina sína af veitingahúsinu Fift-een við að setja á laggimar þeirra eigin veitingahús frá grunni.

20.00 Women's Murder Club (12:13) Fjórar perluvinkonur sem vinna allar við morðrannsóknir. Ein er rannsóknarlögregla, önnur saksóknari, þriðja dánardómstjóri og sú fjórða er rannsóknarblaðakona.

20.45 Numbers

21.30 The Tudors (6:10) Önnur þáttaröð einnar metnaðarfyllstu sjónvarpsþáttaraðar síðari ára um Hinrik VIII Englandskonung.

22.25 The Wire (12:13) Hörkuspennandi myndaflokkur sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum þar sem eiturfyr eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.

23.25 Hotel Babylon (4:8)

00.20 The Passion of the Christ

02.25 Women's Murder Club (12:13)

03.10 Numbers

03.55 The Tudors (6:10)

04.45 60 minutes

05.30 Fréttir

SPORT

besta sætið

09.05 NFL Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL fótboltanum.

09.25 Kaupþings mótaröðin 2008

10.20 Formula 3 Sýnt frá Formúlu 3 en það þessu sinni var keppt á hinni fornfrægu Silverstone braut í Bretlandi.

10.50 F1: Við rásmarkíð Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappakstrinum.

11.30 Formúla 1 2008 Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Belgíu.

14.15 PGA mótaröðin Útsending frá BMW Championship mótinu í golfi.

16.15 Undankeppni HM 2010 Noregur - Ísland.

18.10 Timeless Íþróttahetur eru af öllum stærðum og gerðum.

18.35 Inside the PGA

19.00 PGA mótaröðin Bein útsending frá lokadeginum á BMW Championship mótinu í golfi en þangað mæta margir af sterkustu kylfingum heims.

22.00 F1: Við endamarkíð Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndverri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál liðandi keppni og þau krufin til mergjar.

22.40 Undankeppni HM Útsending frá leik Andorra og Englendinga í undankeppni HM.

SPORT 2

enski boltinn

13.50 Masters Football UK Masters cup er vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

16.15 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

16.45 PL Classic Matches Newcastle - Man Utd, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

17.15 PL Classic Matches Man. United - Newcastle, 02/03.

17.45 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik West Ham og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

19.25 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Aston Villa og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

21.05 PL Classic Matches West Ham Utd - Manchester Utd.

21.35 PL Classic Matches Arsenal - Everton, 01/02.

22.05 Masters Football

SKJÁREINN

10.35 Vörutorg

11.35 MotoGP - Hápunktur Sýndar sviptmyndir frá síðustu keppni í MotoGP.

12.35 Dr. Phil (e)

14.50 High School Reunion (e)

15.40 Á allra vörum (e)

15.55 Stand up to Cancer (e)

16.45 The Biggest Loser (e)

17.35 Britain's Next Top Model (e)

18.25 Design Star (e)

19.15 The IT Crowd (e)

19.45 America's Funniest Home Videos Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndir myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

20.10 Robin Hood (3:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænr þá ríku til að gefa hinum fátæku. Hópur ungra stráka verður vitni að því að Guy Gisborne er að þróa nýjan brynvaðan búning sem gerir hann næstum ósigrandi.

21.00 Law & Order: SVU (4:22) Bandarísk sakamálaferla um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Mæðgur eru myrtar á hrottafenginn hátt og böndin berast að heimilslausum manni sem er nátengdur einum úr rannsóknardeildinni.

21.50 Swingtoun (4:13) Ögrandi þáttaröð sem gerast árið 1976 þegar diskótólístin var að ryðja sér til rúms. Kynlífsblytingin stóð sem hæst og frjálsar ástir og makaskipti urðu vinsæl tólmundandi í rötgrönnum úthverfum.

22.40 Sexual Healing (e)

23.40 Da Vinci's Inquest (e)

00.30 Trailer Park Boys (e)

01.20 Trailer Park Boys (e)

02.10 Vörutorg

03.10 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Endursýnt valið efni frá liðinni viku Endursýnt á klukkustunda fresti.

20.45 Gönguleiðir Þáttur um áhugaverðar gönguleiðir á Íslandi. Endursýnt kl. 21.45 og 22.45.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

LISTMUNAUPPBOÐ

verður haldið sunnudagskvöldið 7. september, kl. 19, á Hótel Sögu, Súlnasal

Á uppboðinu verður að venju gott úrval verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna. Boðin verða upp um það bil 130 listaverk.



Jóhannes S. Kjarval



Kristján Davíðsson

Öll verkin eru sýnd í Gallerí Fold við Rauðarárstíg föstudag 10–18, laugardag 11–17 og sunnudag 12–17.

Hægt er að skoða uppboðsskrána með myndum á vefslóðinni myndlist.is.



Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.45

Numbers

Þessi trausti og vel gerði spennuþáttur hefur vaxið jafnt og þétt með hverri þáttaröðinni, jafnt hérlendis sem vestanhafs enda koma þeir úr smíðju bræðranna Ridleys og Tonys Scotts. Þættirnir fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinnna sakamála. Sá eldri, sem Rob Morrow (Northern Exposure) leikur, er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiseni sem fundið hefur leið til að nota reiknisformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsóknna.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Silfur Egils

Sjónvarpið kl. 12.30

Umræðu- og viðtalsþáttur Egils Helgasonar hefst aftur í dag eftir sumarfrí. Egill er þaulreyndur fjölmiðlamaður en í þáttunum fær hann til sín gesti sem ræða um pólitik, dægurmál og það sem efst er á baugi hverju sinni. Þátturinn er endursýndur kl. 23.55



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfregni	16.08 Veðurfregni
07.05 Morgunandakt	16.10 Úr tónlistarlífinu
08.00 Morgunfréttir	18.00 Kvöldfréttir
08.05 Tónlist á sunnudagsmorgni	18.26 Seiður og héglog
08.55 Kennimaður og kirkjuleiðtogi	18.50 Dánarfregni og auglýsingar
10.05 Veðurfregni	19.00 Óskastundin
10.15 Þýtt, skráð og skáldað	19.40 Öll þau klukkaköll
11.00 Guðsþjónusta í Keflavíkurkirkju	20.30 Bláar nótur í bland
12.02 Hádegisútlarp	21.05 Gestangangur í bókmenntum
12.20 Hádegisfréttir	22.07 Veðurfregni
12.45 Veðurfregni	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Ísland og Evrópusambandið	22.15 Eftirminnlegt sumar
14.00 Útlarpssleikhúsið: Furðuverkið	23.00 Andarímur
15.00 Tvö tónskáld	00.07 Næsturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (6:260)

16.25 Hollyoaks (7:260)

16.50 Hollyoaks (8:260)

17.15 Hollyoaks (9:260)

17.40 Hollyoaks (10:260)

18.00 Seinfeld Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

18.25 Seinfeld

18.50 Seinfeld

19.15 Seinfeld

19.40 The Dresden Files (4:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.

20.25 Twenty Four 3 (15:24) Jack tekst loks að handsama Michael Amador en Marcus Alvers sleppur með vírusinn og hótar að dreifa honum á stóru hóteli. Lögreglan kemst að því að Sherry hafi verið á setri Millikens þegar hann lést.

▶ 21.10 Happy Hour (5:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfsselskum og raunveruleikafirtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lífa lífinu.

21.40 Seinfeld

22.05 Seinfeld

22.30 Seinfeld

22.55 Seinfeld

23.20 Sjáðu

23.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link 11.00 Down to Earth
12.00 Down to Earth 13.00 Animal Hospital 13.30
Animal Hospital 14.00 Animal Hospital 14.30
Animal Camera 15.00 Animal Camera 15.30
Animal Camera 16.00 Animal Camera 16.30
Animal Camera 17.00 Animal Camera 17.30
Massive Nature 18.00 Massive Nature 18.30
Massive Nature 19.00 Days that Shook the World
20.00 Blizzard Race to the Pole 21.00 Days that
Shook the World 22.00 Days that Shook the World
23.00 Days that Shook the World

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Boxen
10.25 OBS 10.30 SPAM 2008 10.55 Skum TV
11.10 Angora by night 11.35 Family Guy 12.00
Gudstjeneste i DR Kirken 12.55 Den store dag
13.55 Slå først, Frede 15.30 Bamses Billedbog
16.00 Drømmen om dybet 16.30 TV Avisen med
Sport 17.00 Socialdemokratiets landsmøde 17.30
De store katte 18.00 Kronprinsessen 19.00 21
Søndag 19.40 SportNyt 19.50 Columbo 21.25
Macbeth

NRK1

09.15 Ansikt til ansikt 09.45 Norge rundt 10.10
Kjærlighet på bondelandet 10.55 Jessica Fletcher
12.25 Kavli - en ny Nobel? 12.55 Mamma Mia
- for en kveld! 13.50 CPH PRO 2007 14.30
Trav, Norsk Trav Derby 15.30 Åpen himmel. Håp i
håpløshet 16.00 Lillefot og vennene hans 16.25
Herr Hikke 16.30 Newton 17.00 Søndagsrevyen
17.45 Sportsrevyen 18.05 Himmelblå 18.50
Himmelblå 19.35 Millionær i forkledning 20.25
Paralympics i Beijing 21.00 Kveldsnytt 21.15
Autofn 21.45 Rally, Rally Larvik 22.15 EM rallye-
ross 23.15 Uka med Jon Stewart 23.40 Norsk på
norsk jukebox

SVT 1

10.40 Videokväll hos Luuk 11.10 Debatt 11.55
Tristan och Isolde 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport
16.10 Regionala nyheter 16.15 Saltön 17.15
Hemliga svenska rum 17.30 Rapport 17.55
Regionala nyheter 18.00 Paralympics 2008 18.30
Sportspegeln 19.15 Ashes to ashes 20.10 På resa
med Homo Sapiens 20.40 Labbrättens drömliv
21.10 Five days 22.05 Väckelsemöte

SILFUR
Egils

Þátturinn sem vitnað er í
Í dag kl. 12.30



SJÓNVARPIÐ

- Annað og meira

HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Jú, maður er náttúrliga rosalega stoltur af henni, það er ekki hægt að segja annað. Það kitlaði mig alltaf að hún næði langt því hún hefur metnað og brennandi áhuga. Núna eru möguleikarnir í kvemboltanum mun meiri en fyrir fimmtán eða sextán árum þegar hún var að byrja og ég vona að hún eigi framtíðina fyrir sér í boltanum, því ég veit að það er draumurinn hennar.“



Guðmunda Bjarnadóttir, móðir Margrétar Lára Viðarsdóttur, sem raðar inn mörkum fyrir kvennalið Vals í fótbolta.

HIN HLIÐIN VILLI VALLI, TÓNLISTARMAÐUR OG HÁRSKERI

Draumurinn er að halda heilsu

Hvað er að fréttu? Til dæmis afrekaði ég það að spila með góðu fólki ellefu lög inn á disk. 12 tónar sjá um að koma honum til hlustenda og mér er tjáð að það gangi bara vel.

Augnilitur: Brúnn.

Starf: Hárskeri.

Fjölskylduhagur: Ég og mín góða kona Guðný eigum fjögur yndisleg börn, átta barnabörn og fjögur barnabarnabörn.

Hvaðan ertu? Flateyri.

Ertu hjátrúarfullur? Nei.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Náttúruhlífspættir Davids Attenborough.

Uppáhaldsmatur: Flestir þeir réttir sem konan mín útbýr.

Fallegasti staðurinn: Erfið spurning.

iPod eða geislasplari: Geislasplari.

Hvað er skemmtilegast? Það er svo margt.

Hvað er leiðinlegast? Ég veit það ekki.

Helsti veikleiki: Það er spurning.

Helsti kostur: Polínsmæði.

Helsta afrek: Veit ekki.

Mestu vonbrigðin: Að íslenskir ráðherrar skyldu styðja innrásina í Írak.

Hver er draumurinn? Að halda heilsu.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Laddi.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Ég man það ekki.

Hvað er mikilvægast? Kærleikur.



Aldrei enst eins lengi í neinni vinnu

Egill Helgason snýr aftur í dag á gamalkunnugum tíma í Ríkissjónvarpinu. Þetta er tíundi veturinn í röð sem Silfur Egils er í loftinu.

„Ég að fara að hætta? Nei, nei, ég stefni á að verða gamall og gráhærður í þessu eins og David Frost. Ég hef aldrei enst eins lengi í neinni vinnu.“ Agli sýnisti góður jarðvegur fyrir hressandi umræðu í vetur. „Ég hef stundum kviðið fyrir að byrja aftur, en nú hlakka ég bara til. Það er allt á tvisst og bast og mikil óvissa í öllu. Mér sýnisti vera meiri hiti undirliggjandi og meiri tilfinningar. Annað en þegar bara var hægt að rifast um á hvaða stigi góðærið væri. Það er kannski helst að það sé komin þreyta í suma. Það mætti alveg skipta um leikendur í sumum rullunum. Svo verður auðvitað fjallað um meira en bara pólitíkina á Íslandi. Til dæmis forsetakosningarnar í Bandaríkjunum.“

Jónas Haralz – „hress og klár öldungur“ að sögn Egils – verður í drottningarviðtali í fyrsta þættinum.

Svo er það Kiljan. Bókmenntaþátturinn hefst 17. september næstkomandi. „Í fyrsta þættinum verður briliant viðtal sem ég tók við Guðberg Bergsson um Málfríði Einarsdóttur,“ segir Egill, afkastamesti sjónvarpsmaður landsins.

- drg



MÆTTI SKIPTA UM Í SUMUM RULLUNUM Egill Helgason snýr aftur með Silfur Egils í dag.



BER MIKLA VIRÐINGU FYRIR BJÖRK Benedikt segir kvenpróducenta jafnvíga karlpróducentum.

BENEDIKT FREYR JÓNSSON: BER MIKLA VIRÐINGU FYRIR BJÖRK

Maðurinn sem reitti Björk til reiði

Netheimar hafa logað yfir opnu bréfi Bjarkar til Reykjavík Grapevine, þar sem hún sakar blaðamenn um að gefa Valgeiri Sigurðssyni heiðurinn af útsetningum fyrir hljóðfæri á plötu hennar Vespertine. Yfir fjórtán miðlar um allan heim hafa tekið málið upp. Í nýjasta blaði Grapevine segir ritstjórnin misskilninginn ekki þeirra.



SJÓ ÁRA MISSKILNINGUR Valgeir er titlaður „engineer“ og „programmer“ á Vespertine.

Hann rekur reiði Bjarkar til topp fimm-lista DJ B Ruff, í ellefta tölublaði. Þar segir um Vespertine: „A little heavy but it's really impressive how well Björk's voice mingles with Valgeir Sigurðsson's instrumentals. My favorite Björk album.“ Þá segir ritstjórnin það stefnu Grapevine að leyfa fólki frekar að hafa rangt fyrir sér en að hafa rangt eftir því.

DJ B Ruff, Benedikt Freyr Jónsson, kom af fjöllum þegar blaðamaður benti honum á uslann sem orð hans hafa valdið.

„Ég heyrði bara að Valgeir hefði komið mikið við sögu þarna. Og alltaf þegar talað var um þessa plötu þá heyrði ég að Valgeir hefði prúduð hana. En að sjálfsgöðu var ég ekki að segja að hann hefði komið einn að produksjón Vespertine. Enda veit ég ekki alveg hvernig ferlið fór fram. Hún er náttúrliga mikill listamaður og hefur sennilega eytt miklum tíma í hvert einasta lag þó að aðrir programmi það stundum. Þar liggur misskilningurinn. Það

sem ég meinti var heildarsánd,“ segir Benedikt. Á kreditlistanum er Valgeir titlaður „programmer/engineer“. „En ég hugsaði samt sem áður að Björk hefði stjórnað miklu í útsetningu. Enda fannst mér hún njóta sín rosalega vel á þessari plötu.“

Ber hann virðingu fyrir konum við stjórnvöllinn í hljóðveri? „Að sjálfsgöðu, mjög mikla. Þær er alveg jafnvígar í þessum produksjónheimi að mínu mati.“ Hann segist hlusta mikið á Björk og virða hana mikils. „Ég fór á hana núna seinast í Langholtskirkju, þar sem hún fór á kostum að mínu mati.“

Hefði ekki verið betra ef Grapevine hefði leiðrétt hann? „Jú, jú, það hefði verið fínt. Þeir hreinsuðu sig svolítið fljótt án þess að tala við mig, en allt í góðu. En ég er ennþá svolítið hissa á hvað það hefur skapast mikil umræða um þetta á netinu á stórum síðum.“

kolbruns@frettabladid.is

Konur kynnast í Konuboði

„Þetta er þriðja konuboðið sem við höldum og ótrúlegustu konur hafa verið að smella saman,“ segir Þórlaug Ágústsdóttir tölvunarfræðingur sem stendur fyrir konuboði næstkomandi föstudag ásamt Ernu Kaaber, eiganda Icelandic fish and chips, og Ragnhildi Magnúsdóttur, útvarps- og kvikmyndagerðarkonu.

„Hugmyndin er að kynna og kynnast konum úr öllum áttum. Okkur fannst við allar eiga svo skemmtilegar vinkonur sem

okkur langaði að kynntust svo við ákváðum að vikka tengslanetið með því að halda svona boð og það lá við að konur myndu þarna sálufélaga sína,“ segir Þórlaug og hlær. „Þarna voru til dæmis alþingismenn, blaðamenn, lögfræðingar og leikkonur sem eiga það sameiginlegt að hafa gaman af því að ræða málin á vitrænan hátt og hafa skoðanir á hlutunum,“ bætir hún við, en um 30 til 40 konur hafa mætt í boðið undanfarin ár og þar á meðal eru Katrín

Júlíusdóttir þingmaður, Elín Arnar, ritstjóri Vikunnar, og Sigriður Klingenberg spákona.

Konuboðið verður líkt og áður haldið hjá Ragnhildi á Flólagötunni, þar sem hver mætir með sín drykkjarföng en boðið verður upp á lakkris og prins pólo. Aðspurð segir Þórlaug þetta ekki vera með formlegu sniði. „Það er talað, haldnar ræður, sagðar sögur, dansað og skemmt sér, en við reynum að gera sem mest af því að kynna konurnar og margar



HALDA KONUBOÐ Í ÞRIÐJA SINN Konuboðið hefur reynst góður vettvangur fyrir ólíkar konur til að kynnast og mynda tengslanet.

hafa orðið góðar vinkonur í kjölfarið,“ segir Þórlaug að lokum.

- ag

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

553 5600

rafsol@rafsol.is



RAFSÓL

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík

Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Síðasti dagur

útsölnunnar er í dag! 15-60% afsláttur

mood 40% afsl. af öllum vörum frá Rafemar

Opið í dag, sunnudag 13-16

Þjóðum upp á vaxtalaust lán í allt að 12 mán.
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16, í dag, sunnud. 13-16.

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA mood
HÚSIÐ heima
Öndregi



BAKPANKAR
Porbjargar
Sigríðar
Gunnlaugsdóttur

Yes, she can

Um leið og ég heyrði af Söru Palin varaforsetaefni repúblikana í Bandaríkjunum hugsaði ég með mér, almáttugur, hvernig ætlar konan að fara að þessu. Fór svo að velta því fyrir mér af hverju það væri það fyrsta sem ég heyrði af konunni að hún væri fimm barna móðir. Og sé svo að álitsgjafar þar ytra hafa nokkrar áhyggjur fyrir hennar hönd. Þeir frjálslyndustu nefna barnafjöldann í framhjáhlaupi en geta þess svo að í sjálfu sér eigi hann nú ekki að skipta máli. Hafa menn áhyggjur af því að hún muni ekki geta sinnt fjölskyldunni vegna vinnunnar eða vinnunnar vegna fjölskyldunnar?

DAGINN eftir fréttist svo að ekki aðeins væri varaforsetaefnið frjótt með eindæmum, heldur ætti kornung dóttir hennar von á barni. Stóra óléttuhneykslið varð ekki aðeins umfjöllunarefni bandarískra fjölmiðla. Öll heimsbyggðin fregnaði af ungu stúlku sem var með barni.

EN þá rifjaðist upp fyrir mér að á meðan Tony Blair var forsætisráðherra Breta fæddist honum og eiginkonu hans fjórða barnið. Leo litli Blair kom í heiminn og systkinin Euan, Nicky og Kathryn eignuðust lítinn bróður. Frjósemi í Downing-stræti 10 og almenn gleði hjá þjóðinni með það. Ekki virtust menn hafa teljandi áhyggjur af andvökunottum forsætisráðherrans.

MERKILEGRA fannst mér nú samt að heyra þau hjónin, háskólamenntað fólk á fimmtugsaldri, lýsa því yfir rjóð í vöngum að þau hefðu enga hugmynd um hvernig það gat gerst að frú Cherie varð með barni.

ÞAÐ er ansi merkileg staða komin upp með framboði Söru Palin. Í fyrsta sinn gæti kona orðið varaforseti Bandaríkjanna. Með sigri McCains eru jafnframt meiri líkur en ella á því að varaforsetinn gæti þurft að taka við forsetadöggum. McCain er ekki sá ferskasti í bransanum. Og eiginlega er það sjarmerandi tilhugsun að þá yrði forseti Bandaríkjanna fimm barna móðir. Það er svo annað mál að hún er jafnframt skotvopnaunnandi og talsmaður vopnaskaks, sem borðar elgsborgara í öll mál. Hvað sem segja má um skoðanir hennar, sem höfða tæpast mjög til kvenna, þá er staðan söguleg. Ég er reyndar á því að kona sem hefur fætt fimm börn hljóti að teljast fær um axla þunga ábyrgð. Hún hefur sýnt að hún getur.

GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn
7. september, 251. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	6.28	13.26	20.21
Akureyri	6.09	13.10	20.10

Heimild: Almanak Háskólans



Golfferðir

Sérnsíðum ferðir fyrir stærri og minni hópa.

Golfvertíðinni lýkur aldrei hjá Express ferðum!

Villaitana Alicante - Spánn

4.-11. október

Fararstjóri: Snorri Steinn Þórðarson

Verð á mann í tvíbýli

136.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt fyrir golfsettið í flug, gisting með morgunverði á Villaitana, fimm golfhringir á Levante, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Manor of Groves England

2.-5. október / 9.-12. október

Verð á mann í tvíbýli

79.700 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting með morgunverði á Manor of Groves, 4 golfhringir, akstur á Stansted í lok ferðar.

Hanbury Manor England

2.-5. október / 9.-12. október

Verð á mann í tvíbýli

93.800 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting með morgunverði á Marriott Hotel Handbury Manor, 4 golfhringir, akstur á Stansted í lok ferðar.

Borgarferðir

Leikhúsfarðir til London

23.-26. október

Leiklistin blómstrar í London

Fararstjóri: Magnús Geir Þórðarson

Verð á mann í tvíbýli

76.400 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með morgunverði, þríréttaður kvöldverður, miði á Disappearing Number og íslensk fararstjórn.

5.000 kr.

afsláttur fyrir kortagesti Borgarleikhússins!



Sérferðir



Skráðu þig í netklúbb Express ferða!
Þú gætir unnið ferð á leik í Enska boltanum.

Fræðslu- og menningarferð til Berlínar

Í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands

14.-17. nóvember

Fararstjóri: Hjálmar Sveinsson

Verð á mann í tvíbýli

69.800 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli í miðborginni með morgunverði og íslensk leiðsögn.

Hressandi útivera með Express ferðum!

Haustið fer fjórlega af stað hjá Express ferðum og augljóst að ferðahugur er í mörgum. Úrvalið hjá Express ferðum er frábært, hvort sem þú vilt auðga andann í evrópski heimsborg, skella þér á skíði í Ölpunum, stunda golf á iðjagrænum völlum eða sjá þína menn í Enska boltanum. Þú finnur ferðina á www.expressferdir.is



Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



St. Anton Austurríki

31. janúar-7. febrúar

Verð á mann í tvíbýli

169.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, ferðir til og frá flugvelli, gisting með hálfu fæði, morgun- og kvöldverði.



Skíðaferðir

Ischgl Austurríki

10.-17. janúar

Verð á mann í tvíbýli

149.800 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 3* Hotel Persura með morgunverði og 4 rétta kvöldverði öll kvöldin.

Tilboð!



Oberstdorf Pýskaland

17.-24. janúar / 31. janúar-7. febrúar

Verð á mann í tvíbýli

159.800 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting í sjö nætur á Hotel Oberstdorf með morgunverðarhlaðborði, 5 rétta kvöldverði og eru tvö kvöldin sérstök hátíðarkvöld með tónlist. Skoðunarferð um þorpið og sex daga skíðapassi.